

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.**

### 1. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2005, frá 29. apríl 2005 um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.

### 2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, merkt fylgiskjal I, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, nr. 64/2005, frá 29. apríl 2005, merkt fylgiskjal II. Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 73. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 23. mars 2006.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

**Fylgiskjal.**  
(sjá PDF-skjal)

## FYLGISKJAL I.

### REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 809/2004

frá 29. apríl 2004

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB<sup>1</sup>, einkum 5. mgr. 5. gr., 7. gr., 4. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., 8. mgr. 14. gr. og 7. mgr. 15. gr.,

að fenginni tæknilegri ráðgjöf samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR)<sup>2</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2003/71/EB er mælt fyrir um meginreglur sem ber að fylgja við samningu lýsinga. Nauðsynlegt er að bæta við þessar meginreglur að því er varðar upplýsingarnar, sem tilgreina skal í lýsingu, framsetningu þeirra og þætti sem varða birtingu, upplýsingar, sem eru felldar inn í lýsingu með tilvísun, svo og dreifingu auglýsinga.
- 2) Ákvarða skal flokkun lágmarkskrafna um upplýsingar sem samsvara þeim grunnskjöllum sem venja er að nota með tilliti til útgefanda og verðbréfa sem um ræðir. Grunnskjölin skulu byggjast á upplýsingaliðum sem er krafist í „Disclosure Standards for cross-border offering and initial listings (I. hluta)“ útgefið af Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) og á gildandi grunnskjöllum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf.<sup>3</sup>
- 3) Upplýsingar sem útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir að skrá verðbréf á skipulegan verðbréfamarkað, lætur af hendi samkvæmt þessari reglugerð falla undir ákvæði Evrópusambandsins um gagnavernd.

1 Stjtið. EB L 345, 31.12.2003, bls. 64

2 Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB (Stjtið. EB L 191, 13. júlí 2001, bls. 43).

3 Stjtið. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/71/EB.

- 4) Forðast skal tvítekningu upplýsinga þegar lýsingin samanstendur af fleiri en einu skjali. Í því skyni skal mæla fyrir um aðskilin, nákvæm grunnskjöl fyrir hverja útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu, sem eru aðlöguð að viðkomandi tegund útgefanda og verðbréfa, til að fjallað sé um hverja verðbréfategund.
- 5) Útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað hefur rétt á að láta viðbótarupplýsingar fylgja lýsingu eða grunnlýsingu sem eru ítarlegri en kveðið er á um í grunn- og viðbótarskjölum. Allar viðbótarupplýsingar, sem eru veittar, skulu vera viðeigandi fyrir þá tegund verðbréfa og eðli þess útgefanda sem um ræðir.
- 6) Þar sem um er að ræða ólíka útgefendur, mismunandi verðbréfategundir og hugsanlega aðkomu þriðja aðila sem ábyrgðaraðila, hvort sem um skráningu er að ræða eða ekki o.s.frv., munu upplýsingar í einu grunnskjali í flestum tilvikum ekki vera fullnægjandi fyrir fjárfesti til að hann geti byggt á þeim fjárfestingarákvörðun sína. Því skal vera mögulegt að sameina mismunandi grunnskjöl. Búa skal til töflu, sem er ekki tæmandi, yfir samsetningar, þar sem kveðið er á um mismunandi, mögulegar samsetningar grunn- og viðbótarskjala fyrir flestar tegundir verðbréfa í því skyni að aðstoða útgefendur við samningu lýsinga.
- 7) Útgefandalýsing fyrir hluti skal gilda um hluti og önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum en einnig önnur verðbréf sem veita aðgang að hlutafé útgefanda vegna breyti- eða skiptiákvæða. Í síðara tilvikinu skal ekki nota þetta grunnskjal þegar undirliggjandi hlutir, sem á að afhenda, hafa verið gefnir út áður en verðbréfin, sem veita aðgang að hlutafé útgefandans, hafa verið gefin út. Þetta grunnskjal skal þó nota þegar undirliggjandi hlutir, sem á að afhenda, hafa þegar verið gefnir út en hafa enn ekki verið skráðir á skipulegan verðbréfamarkað.
- 8) Valfjáls birting afkomuspár í útgefandalýsingu fyrir hluti skal sett fram á samræmdan og samanburðarhæfan hátt og henni skal fylgja yfirlýsing frá óháðum skodunarmönnum eða endurskoðendum. Ekki skal rugla þessum upplýsingum saman við upplýsingar um þekktu þróun eða aðrar staðreyndir sem hafa mikla þýðingu fyrir framtíðarhorfur útgefanda. Í upplýsingunum skal enn fremur gefa skýringu á öllum breytingum á birtingarstefnu að því er varðar afkomuspár þegar þær fylgja sem viðauki við lýsingu eða þegar ný lýsing er samin.
- 9) Krafast er pro forma fjárhagsupplýsinga þegar um er að ræða umtalsverða brúttóbreytingu, þ.e. frávik sem er meira en 25% miðað við einn eða fleiri mælikvarða um umfang starfsemi útgefanda vegna tiltekinnna viðskipta að undanskildum þeim tilvikum þar sem samrunareikningsskila er krafist.
- 10) Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir hluti skal gilda um alla flokka hluta þar sem þar er fjallað um lýsingu á réttindum tengdum verðbréfunum og málsmeðferð við nýtingu réttar tengdum verðbréfunum.
- 11) Tiltækin skuldabréf, s.s. samsett skuldabréf (structured bonds), fela í sér tiltekna þætti afleiddra verðbréfa og því skal grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir skuldabréf fela í sér viðbótarkröfur um birtingu upplýsinga um afleiddan þátt í vaxtagreiðslum.
- 12) Frekara viðbótarskjal, sem tengist ábyrgðum, gildir um hvers kyns skuldbindingar sem tengjast hvers konar verðbréfum.
- 13) Útgefandalýsing fyrir eignavarin verðbréf skal hvorki gilda fyrir fasteignatryggð skuldabréf (mortgage bonds), eins og kveðið er á um í b-lið 4. lið 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, né önnur varin skuldabréf (covered bonds) sem fjallað er um þar. Hið sama gildir um frekara viðbótarskjal fyrir eignavarin verðbréf sem verður að fylgja verðbréfalýsingu fyrir skuldabréf.

- 14) Heildsölufjárfestar ættu að vera færir um að taka fjárfestingarákvörðun sem byggist á öðrum þáttum en þeim sem smásölufjárfestar taka tillit til. Því er nauðsynlegt að gera greinarmun á innihaldi lýsingar skuldabréfa og afleiddra verðbréfa, sem beint er að þeim fjárfestum sem kaupa skuldabréf eða afleidd verðbréf, þar sem nafnvirði hverrar einingar nemur a.m.k. 50.000 evrum eða samsvarandi upphæð í öðrum gjaldmiðli að því tilskildu að lágmarksnafnvirði slíkrar einingar, þegar það er umreiknað í evrur, jafngildi a.m.k. 50.000 evrum.
- 15) Í tengslum við heimildarskírteini (depository receipt) skal leggja áherslu á útgefanda undirliggjandi hluta en ekki útgefanda heimildarskírteinanna. Ef um er að ræða málskotsrétt að lögum (legal recourse) á hendur vörsluaðila verðbréfanna (depository) vegna brots á trúnaðar- eða umboðsskyldum skulu gefnar ítarlegar upplýsingar um þetta atriði og kringumstæður vegna slíks úrræðis í áhættuhluta lýsingarinnar. Ef lýsing er sett fram sem þrískipt skjal (þ.e. útgefandalýsing, verðbréfalýsing og samantekt) skal í útgefandalýsingu eingöngu fjallað um upplýsingar um fjárvörsluaðila.
- 16) Bankar í þriðju löndum, sem falla ekki undir skilgreininguna á lánastofnun, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana<sup>1</sup>, skulu geta notað grunnskjal útgefandalýsingar fyrir banka að því tilskildu að þeir hafi skráða skrifstofu í ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).
- 17) Ef félag með sérstakan tilgang (special purpose vehicle) gefur út skuldabréf og afleidd verðbréf sem banki gengur í ábyrgð fyrir skal það ekki nota grunnskjal útgefandalýsingar fyrir banka.
- 18) Nota skal grunnskjalið „verðbréfalýsing fyrir afleidd verðbréf“ fyrir verðbréf sem falla ekki undir önnur grunn- og viðbótarskjöl. Gildissvið þessa grunnskjals ákvarðast af tilvísun í hina tvo almennu flokka hluta og skuldabréfa. Í því skyni að útskýra fyrir fjárfestum á skilmerkilegan hátt og hjálpa þeim að öðlast betri skilning á því hvernig virði fjárfestinga þeirra verður fyrir áhrifum af verðmæti undirliggjandi þátta er útgefendum valfrjálst að nota viðeigandi dæmi. Áhrifaríkasta leiðin til að útskýra eðli sumra flókinnna, afleiddra verðbréfa gæti t.d. verið að koma með viðeigandi dæmi.
- 19) Bæta skal við upplýsingum í viðbótarskjali til frekari upplýsinga um undirliggjandi hluti tiltekinna hlutabréfa, í verðbréfalýsingu fyrir skuldabréf eða láta það koma í stað liðarins sem vísar til „upplýsinga sem krafist er fyrir undirliggjandi verðbréf“ í grunnskjali verðbréfalýsingar fyrir afleidd verðbréf eftir því hverjir eiginleikar útgefna verðbréfanna eru.
- 20) Aðildarríki og svæðis- og staðaryfirvöld þeirra falla utan gildissviðs tilskipunar 2003/71/EB. Hins vegar geta þau valið að semja lýsingu í samræmi við þá tilskipun. Fullvalda þriðju ríki, sem gefa út verðbréf, og svæðis- og staðaryfirvöld þeirra falla undir gildissvið tilskipunar 2003/71/EB og ber þeim skylda til að semja lýsingu ef þau óska eftir að almennt útboð verðbréfa fari fram í Bandalaginu eða óska eftir að verðbréf þeirra verði skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Í þeim tilvikum skal nota sérstök grunnskjöl fyrir verðbréf sem aðildarríki, svæðis- og staðaryfirvöld þeirra og opinberar, alþjóðlegar stofnanir gefa út.
- 21) Í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum hennar skulu vera sömu upplýsingar og er að finna í lýsingu. Allar almennar meginreglur sem gilda um lýsingu gilda einnig um endanlegu skilmálana. Ef endanlegu skilmálarnir koma ekki fram í grunnlýsingunni þarf lögbært yfirvald þó ekki að staðfesta þá.

---

1 Stjtið. EB L 126, 26.5. 2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

- 22) Að því er varðar suma flokka útgefenda hefur lögbært yfirvald rétt á að krefjast aðlagðra upplýsinga sem eru ítarlegri en upplýsingaliðirnir sem koma fram í grunn- og viðbótarskjölunum vegna sérstaks eðlis starfsemi þessara útgefenda. Nauðsynlegt er að setja saman nákvæma og takmarkandi skrá yfir þá útgefendur sem heimilt er að krefja um aðlagðar upplýsingar. Kröfur um aðlagðar upplýsingar fyrir hvern flokk útgefanda í þessari skrá skulu vera viðeigandi og í réttu hlutfalli við tegund viðkomandi starfsemi. Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði skal reyna eftir fremsta megni að samræma þessar upplýsingakröfur innan Bandalagsins. Ekki má bæta nýjum flokkum í skrána nema gild rök séu færð fyrir slíku.
- 23) Ef um er að ræða alveg nýjar tegundir verðbréfa sem fyrirliggjandi grunnskjöl eða samsetningar þeirra taka ekki til skal útgefandinn engu að síður hafa möguleika á að sækja um staðfestingu fyrir lýsingu. Í slíkum tilvikum skal hann hafa möguleika á að ræða inntak upplýsinganna, sem láta á í té, við lögbæra yfirvaldið. Lýsing, sem lögbært yfirvald staðfestir við þessar aðstæður, skal njóta góðs af Evrópupassanum í tilskipun 2003/71/EB. Lögbært yfirvald skal ætíð reyna að finna það sem líkt er og nýta fyrirliggjandi grunnskjöl eins og mögulegt er. Allar frekari upplýsingakröfur skulu vera í réttu hlutfalli við og viðeigandi fyrir viðkomandi tegund verðbréfa.
- 24) Tiltæknir upplýsingaliðir, sem er krafist í grunn- og viðbótarskjölunum, eða sambærilegir upplýsingaliðir eiga ekki við um tiltekin verðbréf og gilda því ekki um ýmis sértilvik. Í slíkum tilvikum skal útgefandinn eiga kost á að sleppa þessum upplýsingum.
- 25) Aukinn sveigjanleiki við samningu grunnlýsingar ásamt endanlegum skilmálum samanborið við lýsingu vegna einnar tiltekinnar útgáfu skal ekki hindra greiðan aðgang fjárfesta að mikilvægum upplýsingum.
- 26) Að því er varðar grunnlýsingar skal setja fram á skilmerkilegan hátt hvers konar upplýsingar eigi að teljast til endanlegra skilmála. Unnt skal vera að uppfylla þessa kröfu á nokkra mismunandi vegu, t.d. með því að skilja eftir auða reiti í grunnlýsingunni í stað upplýsinga sem færðar verða í endanlegu skilmálana eða með því að hafa í grunnlýsingunni skrá yfir upplýsingar sem vantar.
- 27) Þegar eitt skjal felur í sér fleiri en eina grunnlýsingu og hver grunnlýsing krefst staðfestingar mismunandi lögbærra yfirvalda í heimaríki skulu lögbæru yfirvöldin starfa saman og færa staðfestingu lýsingar í samræmi við 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/71/EB þannig að fullnægjandi sé að einungis eitt lögbært yfirvald staðfesti skjalið í heild.
- 28) Sögulegar fjárhagsupplýsingar, sem krafist er í grunnskjölunum, skal í meginatriðum setja fram samkvæmt reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla<sup>1</sup> eða samkvæmt reikningsskilastöðlum aðildarríkjanna. Þó skal mæla fyrir um sérkröfur fyrir útgefendur í þriðja landi.
- 29) Að því er varðar birtingu skjalsins, sem um getur í 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB, er útgefendum heimilt að velja þá birtingaraðferð sem þeir telja fullnægjandi meðal þeirra sem um getur í 14. gr. þeirrar tilskipunar. Við val á birtingaraðferð skulu þeir taka tillit til þess hvert markmiðið með skjalinu er og sjá til þess að fjárfestar geti nálgast upplýsingarnar á skjótan og kostnaðarhagkvæman hátt.

---

1 Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

- 30) Markmiðið með að fella upplýsingar inn með tilvísun, eins og kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 2003/71/EB, er að einfalda og draga úr kostnaði varðandi samningu lýsingar. Þessu markmiði skal þó ekki náð á kostnað annarra hagsmuna sem lýsingunni er ætlað að vernda. Einnig skal taka t.d. tillit til þess að eðlilegast sé að krefjast þess að upplýsingarnar komi fram í lýsingunni og að þær séu settar fram á aðgengilegan hátt og í skiljanlegu formi. Taka skal sérstakt tillit til málfars upplýsinganna, sem eru felldar inn með tilvísun, og að það sé í samræmi við lýsinguna sjálfa. Heimilt er að vísa í eldri gögn í upplýsingunum, sem eru felldar inn með tilvísun, en ef þessar upplýsingar skipta ekki máli lengur vegna efnislegra breytinga skal það tekið skýrt fram í lýsingunni og einnig skal tilgreina uppfærðu upplýsingarnar.
- 31) Ef lýsing er birt á rafrænu formi er nauðsynlegt að gera fleiri öryggisráðstafanir en við hefðbundnar birtingaraðferðir til að tryggja heilleika upplýsinganna, til að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar misnoti upplýsingarnar eða breyti þeim, til að koma í veg fyrir að skýrleiki upplýsinganna misfarist og til að komast hjá neikvæðum afleiðingum vegna mismunandi aðferða við almennt útboð verðbréfa í þriðju löndum.
- 32) Dagblað, sem valið er til að birta lýsingu í, skal hafa viðtæka útbreiðslu og skal gefið út í stóru upplagi.
- 33) Heimaríki skal geta gert kröfu um að birt verði tilkynning þar sem greint er frá því á hvern hátt lýsingin hefur verið gerð aðgengileg og hvar almenningur getur nálgast hana. Þegar heimaríki krefst í löggjöf sinni að tilkynningar verði birtar skal efni slíkrar tilkynningar takmarkast við nauðsynlega upplýsingaliði til að forðast tvítekingu upplýsinga í samantektinni. Þessum heimaríkjum er einnig heimilt að krefjast þess að birt sé viðbótartilkynning í tengslum við endanlega skilmála grunnlýsingar.
- 34) Til að auðvelda fjárfestum að safna gagnlegum upplýsingum saman á einn stað skal lögbært yfirvald í heimaríki geta þess í skrá yfir staðfestar lýsingar á vefsetri sínu hvernig lýsing hefur verið birt og hvar hægt sé að fá aðgang að henni.
- 35) Aðildarríki skulu sjá til þess að farið sé í öllu að auglýsingareglum um almennt útboð og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað. Lögbær yfirvöld skulu samræma sín á milli útboð eða skráningu á skipulegan verðbréfamarkað yfir landamæri.
- 36) Í ljósi þess tíma sem líður frá því að reglugerð (EB) nr. 1606/2002 öðlast gildi og að áhrifa hennar fer að gæta skal kveða á um bráðabirgðafyrirkomulag vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga, sem eiga að koma fram í lýsingunni, til að létta óþarfa álagi af útgefendum og gera þeim kleift að aðlaga aðferðir sínar við samningu og framsetningu sögulegra fjárhagsupplýsinga innan hæfilegs tíma frá því að tilskipun 2003/71/EB öðlast gildi.
- 37) Sú skylda að endurgera (restate) sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 tekur ekki til verðbréfa þar sem nafnvirði hvernar einingar nemur a.m.k. 50.000 evrum. Slíkt bráðabirgðafyrirkomulag er því ekki nauðsynlegt fyrir þessi verðbréf.
- 38) Í því skyni að skapa samfellu er viðeigandi að þessi reglugerð öðlist gildi frá lögleiðingardegri tilskipunar 2003/71/EB.
- 39) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

## I. KAFLI

### Inntak og skilgreiningar

#### 1. gr.

#### *Inntak*

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

- 1) Framsetningu lýsingar sem um getur í 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
- 2) lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í lýsingu sem kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
- 3) birtingaraðferðina sem um getur í 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
- 4) skilyrðin fyrir því hvaða upplýsingar megi fella inn í lýsingu með tilvísun sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
- 5) birtingaraðferðir lýsinga til að sjá til þess að lýsing sé aðgengileg almenningi í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
- 6) dreifingaraðferðir auglýsinga sem um getur í 15. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

#### 2. gr.

#### *Skilgreiningar*

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka, auk þeirra sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/71/EB, sem hér segir:

- 1) „Grunnskjal“ (Schedule): Skrá yfir lágmarkskröfur um upplýsingar sem eru aðlagðar að tilteknum einkennum mismunandi tegunda útgefenda og/eða mismunandi verðbréfa sem um ræðir.
- 2) „Viðbótarskjal“ (Building block): Skrá yfir viðbótarkröfur um upplýsingar sem koma ekki fram í einu af grunnskjöllum en sem bæta á við í eitt eða fleiri grunnskjöl, eftir atvikum, eftir því hver tegund gerningsins og/eða viðskiptanna er sem lýsing eða grunnlýsing er samin fyrir.
- 3) „Áhættuþættir“: Skrá yfir áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um aðstæður útgefanda og/eða verðbréfanna og hafa mikilvæga þýðingu fyrir fjárfestingarákvarðanir.
- 4) „Félag með sérstakan tilgang“ (special purpose vehicle): Útgefandi sem hefur fyrst og fremst það markmið og þann tilgang að gefa út verðbréf.
- 5) „Eignavarin verðbréf“ (asset backed securities): Verðbréf
  - a) sem standa fyrir eignahagsmuni, þ.m.t. öll réttindi sem ætlað er að tryggja þjónustu eða að handhafar þessara eigna móttaki fjárhæðir sem greiða skal samkvæmt þessum réttindum eða móttaki þær tímanlega, eða

- b) sem eru tryggð með eignum og í skilmálum þeirra er kveðið á um greiðslur sem tengjast greiðslum eða sanngjarna greiðsluáætlun sem er reiknuð út með tilvisun í skilgreindar eða skilgreinanlegar eignir.
- 6) „Sjóða-sjóður um sameiginlega fjárfestingu“ (umbrella collective investment undertaking): Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem hefur fjárfest í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, þar sem eignin samanstendur af einum eða fleirum aðgreindum flokkum verðbréfa eða merki eða merkjum þeirra (designation(s) of securities).
- 7) „Sjóður um sameiginlega fjárfestingu í fasteignum“ (property collective investment undertaking): Sjóður um sameiginlega fjárfestingu þar sem markmiðið með fjárfestingunni er langtímaffjárfesting í fasteignum.
- 8) „Opinber, alþjóðleg stofnun“: Opinber lögaðili sem komið er á fót með alþjóðlegum sáttmála milli fullvalda ríkja sem eitt eða fleiri aðildarríki eiga aðild að.
- 9) „Auglýsing“: Tilkynningar
- a) sem tengjast sérstöku almennu útboði verðbréfa eða skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, og
- b) sem hafa það sérstaklega að markmiði að stuðla að áskrift eða kaupum á verðbréfum.
- 10) „Afkomuspá“ (profit forecast): Yfirlýsing þar sem tilgreind er, beint eða óbeint, tiltekin fjárhæð eða lágmarks- eða hámarksfjárhæð að því er varðar áætlað stig hagnaðar eða taps fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil og/eða síðari fjárhagstímabil eða þar sem tilgreind eru gögn sem hægt er að nota til að reikna út slíka fjárhæð fyrir framtíðarhagnað eða -tap, jafnvel þótt ekki sé tilgreind nein tiltekin fjárhæð og hugtakið „hagnaður“ ekki notað.
- 11) „Afkomuáætlun“ (profit estimate): Afkomuspá fyrir fjárhagstímabil sem er liðið og engar niðurstöður hafa verið birtar fyrir.
- 12) „Upplýsingar sem reglur kveða á um“ (regulated information): Allar upplýsingar sem krafist er að útgefandi eða einhver annar, sem hefur sótt um skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað án samþykkis útgefanda, birti samkvæmt tilskipun 2001/34/EB eða 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB<sup>1</sup>.

## II. KAFLI

### Lágmarksupplýsingar

#### 3. gr.

#### *Lágmarkskröfur um upplýsingar sem eiga að koma fram í lýsingu*

Samja skal lýsingu með því að nota eina eða fleiri samsetningar af eftirfarandi grunn- og viðbótarskjölum sem sett eru fram í 4.–20. gr. í samræmi við samsetningu mismunandi tegunda verðbréfa sem kveðið er á um í 21. gr.

Í lýsingunni skulu koma fram upplýsingaliðir, sem krafist er í I.–XVII. viðauka, eftir því um hvers konar útgefendur og verðbréf er að ræða sem kveðið er á um í grunn- og viðbótarskjölum í 4.–20. gr. Lögbært yfirvald skal ekki krefjast þess að í lýsingunni komi fram upplýsingaliðir sem ekki er að finna í I.–XVII. viðauka.

Til að tryggja að samræmis sé gætt við kröfuna, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, er lögbæru yfirvaldi heimaríkis heimilt að krefjast þess, hvenær sem það staðfestir lýsingu í samræmi við 13. gr. þeirrar tilskipunar, að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað láti í té ítarlegar upplýsingar um hvern upplýsingalið fyrir sig.

<sup>1</sup> Stjtið. EB L 96, 12.4.2003, bls. 16.



4. gr.

*Grunnskjal útgefandalýsingar fyrir hluti*

1. Útgefandalýsing fyrir hluti skal hafa að geyma upplýsingar sem um getur í grunnskjalinu í I. viðauka.
2. Grunnskjalið, sem er sett fram í 1. mgr., gildir um eftirfarandi:
  - 1) Hluti og önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum,
  - 2) önnur verðbréf sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
    - a) Að unnt sé að breyta þeim eða skipta í hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum að eigin vild útgefanda eða fjárfestis eða á grundvelli þeirra skilyrða sem eru sett við útgáfu eða að með þeim sé á einhvern annan hátt gert kleift að kaupa hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum og
    - b) að því tilskildu að útgefandi verðbréfsins gefi eða muni gefa út þessa hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum, og að þau hafi enn ekki verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða jafngildan markað utan Bandalagsins á þeim tíma sem lýsingin, sem tekur til verðbréfanna, er staðfest og að unnt sé að afhenda undirliggjandi hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum með hlutrænu uppgjöri (physical settlement).

5. gr.

*Viðbótarskjal fyrir pro forma fjárhagsupplýsingar*

Pro forma fjárhagsupplýsingar skulu hafa að geyma upplýsingar í samræmi við viðbótarskjalið í II. viðauka.

Á undan pro forma fjárhagsupplýsingum skal vera ítarleg skýring á því hvers vegna þessar upplýsingar koma fram í lýsingunni.

6. gr.

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir hluti*

1. Verðbréfalýsing fyrir hluti skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í III. viðauka.
2. Grunnskjalið skal gilda um hluti og önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum.

7. gr.

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvernar einingar nemur minna en 50.000 evrum*

Útgefandalýsing fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf, að því er varðar verðbréf sem 4. gr. tekur ekki til, þar sem nafnvirði hvernar einingar nemur minna en 50.000 evrum eða ef ekki er um að ræða tiltekið nafnverð, þar sem einungis er hægt að kaupa verðbréf við útgáfu fyrir minna en 50.000 evrum, skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í IV. viðauka.

8. gr.

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir skuldabréf þar sem nafnvirði hvers einingar er lægra en 50.000 evrur*

1. Verðbréfalýsing fyrir skuldabréf, þar sem nafnvirði hvers einingar er lægra en 50.000 evrur, skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í V. viðauka.
2. Grunnskjalið gildir um skuldabréf þar sem útgefandinn skuldbindur sig við útgáfu að borga fjárfestinum 100% af nafnverðinu auk mögulegra vaxtagreiðslna.

9. gr.

*Viðbótarskjal fyrir ábyrgðir*

Ábyrgðir skulu hafa að geyma upplýsingar í samræmi við viðbótarskjalið í VI. viðauka.

10. gr.

*Grunnskjal útgefandalýsingar fyrir eignavarin verðbréf*

Útgefandalýsing fyrir eignavarin verðbréf skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í VII. viðauka.

11. gr.

*Viðbótarskjal fyrir eignavarin verðbréf*

Viðbótarskjal til frekari upplýsinga um verðbréfalýsingar fyrir eignavarin verðbréf skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við viðbótarskjalið í VIII. viðauka.

12. gr.

*Grunnskjal útgefandalýsingar fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvers einingar verðbréfa nemur a.m.k. 50.000 evrum*

Útgefandalýsing fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf, að því er varðar verðbréf sem 4. gr. tekur ekki til, þar sem nafnvirði hvers einingar nemur a.m.k. 50.000 evrum eða ef ekki er um að ræða tiltekið nafnvirði, þar sem einungis er hægt að kaupa verðbréf við útgáfu fyrir a.m.k. 50.000 evrur, skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í IX. viðauka.

13. gr.

*Grunnskjal fyrir heimildarskírteini (depository receipts schedule)*

Heimildarskírteini sem eru gefin út fyrir hluti skulu hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í X. viðauka.

14. gr.

*Grunnskjal útgefandalýsingar fyrir banka*

1. Útgefandalýsing fyrir banka, að því er varðar skuldabréf og afleidd verðbréf og verðbréf sem 4. gr. tekur ekki til, skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í XI. viðauka.
2. Grunnskjalið í 1. mgr. gildir um lánastofnanir sem eru skilgreindar í a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, sem og lánastofnanir í þriðju löndum sem falla ekki undir þá skilgreiningu en hafa skráða skrifstofu í ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni.

Þessir aðilar geta einnig valið að nota grunnskjal fyrir útgefandalýsingu sem kveðið er á um í 7. gr. og í 12. gr.

15. gr.

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir afleidd verðbréf*

1. Verðbréfalýsing fyrir afleidd verðbréf skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í XII. viðauka.
2. Grunnskjalið gildir um verðbréf sem falla ekki undir gildissvið annarra grunnskjala fyrir verðbréfalýsingu, sem um getur í 6., 8. og 16. gr., þ.m.t. tiltekin verðbréf þar sem greiðslu- og/eða afhendingarskilyrði tengjast undirliggjandi þætti.

16. gr.

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir skuldabréf þar sem nafnvirði hvernar einingar er a.m.k. 50.000 evrur*

1. Verðbréfalýsing skuldabréfa, þar sem nafnvirði hvernar einingar er a.m.k. 50.000 evrur, skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í XIII. viðauka.
2. Grunnskjalið gildir um skuldabréf þar sem útgefandinn skuldbindur sig við útgáfu að borga fjárfestinum 100% af nafnvirðinu auk mögulegra vaxtagreiðslna.

17. gr.

*Viðbótarskjal til frekari upplýsinga um undirliggjandi hluti*

1. Þegar um er að ræða frekari upplýsingar um undirliggjandi hluti skal lýsingin á þeim vera í samræmi við viðbótarskjalið í XIV. viðauka.

Ef útgefandi undirliggjandi hlutar tilheyrir sömu samstæðunni skal þar að auki veita upplýsingar sem krafist er í grunnskjalinu sem um getur í 4. gr. um þennan útgefanda.

2. Frekari upplýsingar, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. gilda einungis um þau verðbréf sem uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

- 1) Að unnt sé að breyta þeim eða skipta í hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum, að eigin vild útgefanda eða fjárfestis eða á grundvelli þeirra skilyrða sem eru sett við útgáfu eða að með þeim sé á einhvern annan hátt gert kleift að kaupa hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum og

- 2) að því tilskildu að útgefandi verðbréfsins eða aðili sem tilheyrir sömu samstæðu og hann gefi eða muni gefa út þessa hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum og að þau hafi enn ekki verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða jafngildan markað utan Bandalagsins á þeim tíma sem lýsingin, sem tekur til verðbréfanna, er staðfest og að unnt sé að afhenda undirliggjandi hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum með hlutrænu uppgjöri.

*18. gr.*

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir lokaða sjóði um sameiginlega fjárfestingu*

1. Fyrir utan upplýsingarnar sem krafist er skv. 1., 2., 3. og 4. lið 5.1, 7. lið, liðum 9.1, 9.2.1, 9.2.3 og 10.4, 13., 14., 15. og 16. lið, lið 17.2, 18., 19., 20., 21., 22., 23., 24. og 25. lið í I. viðauka skal útgefandalýsing fyrir verðbréf, sem lokaðir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu gefa út, hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í XV. viðauka.
2. Grunnskjalið gildir um lokaða sjóði um sameiginlega fjárfestingu með eignasafn fyrir hönd fjárfesta
  - 1) sem eru viðurkenndir í landslögum aðildarríkisins þar sem þeir eru skráðir sem lokaðir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu eða
  - 2) sem munu ekki taka eða sækjast eftir lagalegum eða stjórnunarlegum yferráðum yfir útgefanda undirliggjandi fjárfestinga. Í slíku tilviki er heimilt að ná lagalegum yferráðum yfir og/eða taka þátt í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn undirliggjandi útgefanda eða útgefenda ef slík aðgerð fellur að meginfjárfestingarmarkmiðum sem eru nauðsynleg til verndar hluthöfum, og á sér einungis stað við aðstæður þar sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur ekki umtalsverð stjórnunarleg yferráð yfir starfsemi undirliggjandi útgefanda eða útgefenda.

*19. gr.*

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir aðildarríki, þriðju lönd og svæðis- og staðaryfirvöld þeirra*

1. Útgefandalýsing fyrir verðbréf, sem aðildarríki, þriðju lönd og svæðis- og staðaryfirvöld þeirra gefa út, skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í XVI. viðauka.
2. Grunnskjalið gildir um allar tegundir verðbréfa sem aðildarríki, þriðju lönd og svæðis- og staðaryfirvöld þeirra gefa út.

*20. gr.*

*Grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir opinberar, alþjóðlegar stofnanir og útgefendur skuldabréfa sem aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnuninni gengur í ábyrgð fyrir*

1. Verðbréfalýsing fyrir verðbréf, sem opinberar, alþjóðlegar stofnanir gefa út, og verðbréf sem ríki, sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni, ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega á grundvelli landslaga, skal hafa að geyma upplýsingar í samræmi við grunnskjalið í XVII. viðauka.

2. Grunnskjalið gildir um:

- Allar tegundir verðbréfa sem opinberar, alþjóðlegar stofnanir gefa út,
- skuldabréf sem ríki, sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni, ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega á grundvelli landslaga.

*21. gr.*

*Samsetning af grunn- og viðbótarskjölum*

1. Skylt skal vera að nota samsetningarnar, sem kveðið er á um í töflunni í XVIII. viðauka, við samningu lýsinga þeirra tegunda verðbréfa sem þessar samsetningar eiga við um í samræmi við þessa töflu.

Heimilt er þó að nota aðrar samsetningar fyrir þau verðbréf sem falla ekki undir þessar samsetningar.

2. Ávallt er heimilt að nota yfirgripsmesta og ítarlegasta grunnskjalið fyrir útgefandalýsingu, þ.e. grunnskjal þar sem gerðar eru ströngustu kröfurnar um fjölda upplýsingaliða og magn upplýsinga sem þeir hafa að geyma, við útgáfu verðbréfa þar sem kveðið er á um grunnskjal fyrir útgefandalýsingu sem er yfirgripsminna og ekki eins ítarlegt, í samræmi við eftirfarandi forgangsörð grunnskjala:

- 1) Grunnskjal útgefandalýsingar fyrir hluti,
- 2) grunnskjal útgefandalýsingar fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvernar einingar verðbréfa er lægra en 50.000 evrur,
- 3) grunnskjal útgefandalýsingar fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvernar einingar verðbréfa nemur a.m.k. 50.000 evrum.

*22. gr.*

*Lágmarksupplýsingar sem eiga að koma fram í grunnlýsingu og tilheyrandi endanlegum skilmálum hennar*

1. Semja skal grunnlýsingu með því að nota eina eða fleiri samsetningar af grunn- og viðbótarskjölunum sem kveðið er á um í 4.–20. gr. í samræmi við samsetningar fyrir mismunandi tegundir verðbréfa í XVIII. viðauka.

Grunnlýsingin skal hafa að geyma upplýsingaliði sem krafist er í I.–XVII. viðauka eftir því um hvers konar útgefendur og verðbréf er að ræða sem kveðið er á um í grunn- og viðbótarskjölum í 4.–20. gr. Lögbært yfirvald skal ekki krefjast þess að í grunnlýsingu komi fram upplýsingaliðir sem ekki er að finna í I.–XVII. viðauka.

Til að tryggja að samræmis sé gætt við kröfuna, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, er lögbæru yfirvaldi heimaríkis heimilt að krefjast þess, hvenær sem það staðfestir grunnlýsingu í samræmi við 13. gr. þeirrar tilskipunar, að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað láti í té ítarlegar upplýsingar um hvern upplýsingalið fyrir sig.

2. Útgefandanum, tilboðsgjafanum eða þeim sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað er heimilt að sleppa upplýsingaliðum sem ekki er vitað um þegar grunnlýsingin er staðfest og einungis er hægt að ákvarða við hverja einstaka útgáfu.
3. Skylt skal vera að nota samsetningarnar, sem kveðið er á um í töflunni í XVIII. viðauka, við samningu lýsinga þeirra tegunda verðbréfa sem þessar samsetningar eiga við um í samræmi við þessa töflu.

Heimilt er þó að nota aðrar samsetningar fyrir þau verðbréf sem falla ekki undir þessar samsetningar.

4. Endanlegu skilmálarnir sem tengjast grunnlýsingunni skulu einungis hafa að geyma upplýsingaliði úr þeim grunnskjöllum fyrir verðbréfálýsingu sem samning grunnlýsingarinnar byggist á.
5. Til viðbótar við upplýsingaliðina í grunn- og viðbótarskjölunum, sem um getur í 4.–20. gr., skal grunnlýsing hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Vísbendingu um hvaða upplýsingar muni koma fram í endanlegu skilmálunum,

- 2) birtingaraðferð endanlegu skilmálanna; ef útgefandi er ekki í stöðu til að ákveða birtingaraðferð endanlegu skilmálanna við staðfestingu lýsingarinnar skal greint frá því hvernig almenningi muni verða tilkynnt um þá aðferð sem verður notuð til að birta endanlegu skilmálana,

- 3) almenn lýsing á áætluninni ef um er að ræða útgáfu verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd (non-equity securities) skv. a-lið 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

6. Grunnlýsingin og endanlegir skilmálar hennar mega einungis hafa að geyma eftirfarandi flokka verðbréfa sem taka til útgáfu ýmissa tegunda verðbréfa:

- 1) Eignavarin verðbréf,

- 2) áskriftarréttindi (warrants) sem falla undir 17. gr.,

- 3) verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem kveðið er á um í b-lið 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB,

- 4) öll önnur verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. áskriftarréttindi að undanskildum þeim sem um getur í 2. lið.

Við samningu grunnlýsingar skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað aðskilja skilmerkilega tiltekna upplýsingar um mismunandi verðbréf sem tilheyra þessum flokkum.

7. Ef atburður á sér stað skv. 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/71/EB á tímabilinu frá staðfestingu lýsingar þar til almennu útboði á hverri útgáfu verðbréfa er lokið samkvæmt grunnlýsingunni eða, eftir því sem við á, þar til viðskipti hefjast með þessi verðbréf á skipulegum markaði, skal tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað birta viðauka áður en almennu útboði er lokið eða fyrir skráningu þessara verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.

*Aðlaganir að lágmarksupplýsingum sem koma fram í lýsingunni og grunnlýsingunni*

1. Þrátt fyrir aðra málsgrein 3. gr. og aðra undirgrein 1. mgr. 22. gr., þar sem aðgerðir útgefanda falla undir einn af flokkunum í XIX. viðauka, er lögbæru yfirvaldi heimaríkis heimilt, að teknu tillits til sérstaks eðlis starfseminnar sem um ræðir, að óska eftir aðlöguðum upplýsingum til viðbótar við upplýsingaliðina sem koma fram í grunn- og viðbótarskjölunum í 4.–20. gr., þ.m.t. mat á eða sérfræðiskýrsla um eignir útgefandans, eftir því sem við á, til að uppfylla skuldbindinguna sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB. Lögbæra yfirvaldið skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Ef aðildarríki óskar eftir því að nýr flokkur verði tekinn upp í XIX. viðauka skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin skal uppfæra þessa skrá samkvæmt nefndarmeðferðinni sem kveðið er á um í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

2. Ef útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað sækir um staðfestingu fyrir lýsingu eða grunnlýsingu að því er varðar verðbréf sem er ekki sams konar en sambærilegt ýmsum tegundum verðbréfa sem getið er um í samsetningartöflunni í XVIII. viðauka skal útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað, þrátt fyrir 3.–22. gr., bæta við í aðalgrunnskjal verðbréfalýsingar, sem er valið, viðeigandi upplýsingaliðum úr öðru grunnskjali verðbréfalýsingar sem kveðið er á um í 4.–20. gr. Þessi viðbót skal gerð í samræmi við megineinkenni verðbréfa sem eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað.
3. Þrátt fyrir 3.–22. gr., þar sem útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað sækir um staðfestingu fyrir lýsingu eða grunnlýsingu að því er varðar nýja tegund verðbréfs skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkisins um drög að lýsingu eða grunnlýsingu.

Lögbært yfirvald skal ákveða, í samráði við útgefandann, tilboðsgjafann eða þann sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað hvaða upplýsingar lýsingin eða grunnlýsingin skal hafa að geyma til að uppfylla skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB. Lögbæra yfirvaldið skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Undanþágan sem um getur í fyrstu undirgrein skal einungis gilda þegar um er að ræða nýja tegund verðbréfs sem hefur einkenni sem eru að öllu leyti frábrugðin einkennum ýmissa tegunda verðbréfa, sem eru tilgreind í XVIII. viðauka, ef einkenni þessa nýja verðbréfs eru þannig að samsetning mismunandi upplýsingaliða, sem um getur í grunn- og viðbótarskjölunum og kveðið er á um í 4.–20. gr., skiptir ekki máli.

4. Þrátt fyrir 3.–22. gr., í þeim tilvikum þegar einn eða fleiri upplýsingaliðir, sem krafist er í einu af grunn- eða viðbótarskjölunum, sem um getur í 4.–20. gr., eða sambærilegar upplýsingar eiga ekki við um útgefandann, tilboðsgjafann eða verðbréfin sem tengjast lýsingunni er heimilt að sleppa þessum upplýsingum.

*Efni samantektar lýsingarinnar og grunnlýsingarinnar*

Útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað skal ákveða að eigin frumkvæði ítarlegt efni samantektar lýsingarinnar eða grunnlýsingarinnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

### III. kafli

#### Framsetning lýsingarinnar, grunnlýsingarinnar og viðauka

25. gr.

##### *Framsetning lýsingarinnar*

1. Þegar útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað kýs, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, að hafa lýsingu í einu skjali skal hún samanstanda af eftirfarandi hlutum og í eftirfarandi röð:
  - 1) Skýru og nákvæmu efnisyfirliti,
  - 2) samantekt sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
  - 3) áhættuþáttum sem tengjast útgefandanum og þeirri tegund verðbréfa sem útgáfan tekur til,
  - 4) öðrum upplýsingaliðum sem koma fram í grunn- og viðbótarskjölum og snerta gerð lýsingarinnar.
2. Þegar útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað kýs, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, að hafa lýsingu í fleiri en einu skjali skal verðbréfalýsingin og útgefendalýsingin hvor um sig samanstanda af eftirfarandi hlutum og í eftirfarandi röð:
  - 1) Skýru og nákvæmu efnisyfirliti,
  - 2) áhættuþáttum sem tengjast útgefandanum og þeirri tegund verðbréfa sem útgáfan tekur til, eftir atvikum,
  - 3) öðrum upplýsingaliðum sem koma fram í grunn- og viðbótarskjölum sem gerð lýsingarinnar byggist á.
3. Í tilvikum, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal útgefandanum, tilboðsgjafanum eða þeim sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað frjálst að ákveða röðun og framsetningu upplýsingaliðanna sem krafist er að komi fram í grunn- og viðbótarskjölunum sem gerð lýsingarinnar byggist á.
4. Ef röðun liðanna svarar ekki til röðunar upplýsinganna sem kveðið er á um í grunn- og viðbótarskjölunum sem gerð lýsingarinnar byggist á er lögbæru yfirvaldi heimaríkis heimilt að fara fram á það við útgefandann, tilboðsgjafann eða þann sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað að hann leggi fram skrá yfir millivísanir (cross reference list) til að hægt sé að yfirfara lýsinguna áður en hún hlýtur staðfestingu. Í skránni skal tilgreina á hvaða síðu hvern lið er að finna í lýsingunni.



5. Ef bæta skal við samantekt á lýsingunni, í samræmi við 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/71/EB, skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvort fella eigi nýju upplýsingarnar inn í upprunalegu samantektina og semja þar með nýja samantekt eða hvort semja eigi viðauka við samantektina.

Ef nýju upplýsingarnar eru felldar inn í upprunalegu samantektina skulu útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað sjá til þess að fjárfestar eigi auðvelt með að átta sig á breytingunum, einkum með því að nota neðanmálgreinar.

#### 26. gr.

##### *Framsetning grunnlýsingarinnar og endanlegra skilmála hennar*

1. Þegar útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað kýs, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, að semja grunnlýsingu skal hún samanstanda af eftirfarandi hlutum og í eftirfarandi röð:
  - 1) Skýru og nákvæmu efnisyfirliti,
  - 2) samantekt sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
  - 3) áhættuþáttum sem tengjast útgefanda og þeirri tegund verðbréfa sem útgáfan eða útgáfur taka til,
  - 4) öðrum upplýsingaliðum sem koma fram í grunn- og viðbótarskjölunum og snerta gerð lýsingarinnar.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað fjárlst að ákveða röðun og framsetningu upplýsingaliðanna sem krafist er að komi fram í grunn- og viðbótarskjölunum sem gerð lýsingarinnar byggist á. Halda skal upplýsingum um mismunandi verðbréf, sem grunnlýsingin hefur að geyma, greinilega aðskildum.
3. Ef röðun liðanna svarar ekki til röðunar upplýsinganna, sem kveðið er á um í grunn- og viðbótarskjölunum sem gerð lýsingarinnar byggist á, er lögberu yfirvaldi heimaríkis heimilt að fara fram á það við útgefanda, tilboðsgjafa eða þann sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað að hann leggi fram skrá yfir millivísanir til að hægt sé að yfirfara lýsinguna áður en hún hlýtur staðfestingu. Í skránni skal tilgreina á hvaða síðu hvern lið er að finna í lýsingunni.
4. Ef útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað hefur þegar lagt fram útgefandalýsingu fyrir tiltekna tegund verðbréfs og kýs síðar meir að semja lýsingu í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í a- og b-lið 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB skal grunnlýsingin hafa að geyma:
  - 1) Upplýsingar sem er að finna í útgefandalýsingu sem þegar hefur verið lögð inn og staðfest eða sem lögð er inn samhliða og samþykkt og þar sem upplýsingar skulu felldar inn með tilvísun í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 28. gr. þessarar reglugerðar.
  - 2) Upplýsingar sem að öðrum kosti er að finna í viðeigandi verðbréfalýsingu að undanskildum endanlegu skilmálunum ef þá er ekki að finna í grunnlýsingunni.

5. Endanlegu skilmálarnir, sem fylgja grunnlýsingunni skulu settir fram í sérstöku skjali, sem hefur einungis að geyma endanlega skilmála, eða felldir inn í grunnlýsinguna.

Ef endanlegu skilmálarnir eru felldir inn í sérstakt skjal, sem hefur einungis að geyma endanlegu skilmálana, má það einnig hafa að geyma upplýsingar sem þegar er að finna í staðfestu grunnlýsingunni í samræmi við viðeigandi grunnskjal fyrir verðbréfalýsingu sem er notað við samningu grunnlýsingarinnar. Í þessu tilviki skal setja endanlegu skilmálana fram þannig að ekki leiki vafi á að unnt sé að þekkja þá sem slíka.

Setja skal skýra og áberandi yfirlýsingu í endanlegu skilmálana þar sem greint er frá því að ítarlegar upplýsingar um útgefanda og tilboð sé einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu og endanlegum skilmálum og hvar má nálgast grunnlýsinguna.

6. Þegar grunnlýsing tekur til mismunandi verðbréfa skal útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað setja fram samantekt fyrir öll verðbréf í grunnlýsinguna. Halda skal upplýsingum um mismunandi verðbréf, sem samantektin hefur að geyma, greinilega aðskildum.
7. Ef bæta skal við samantekt á grunnlýsingunni, í samræmi við 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/71/EB, skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað ákveða, í hverju tilviki fyrir sig, hvort fella eigi nýju upplýsingarnar inn í upprunalegu samantektina og semja þar með nýja samantekt eða hvort semja eigi viðauka við samantektina.

Ef nýju upplýsingarnar eru felldar inn í upprunalegu samantektina á grunnlýsingunni með því að útbúa nýja samantekt skulu útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað sjá til þess að fjárfestar eigi auðvelt með að átta sig á breytingunum, einkum með því að nota neðanmálgreinar.

8. Útgefendum, tilboðsgjöfum eða þeim sem óska eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað er heimilt að sameina tvær eða fleiri mismunandi grunnlýsingar í eitt skjal.

#### IV. KAFLI

##### **Birting upplýsinga og upplýsingar felldar inn með tilvísun**

27. gr.

*Birting skjalsins sem um getur í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB*

1. Útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað skal velja með hvaða hætti skjalið, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB, skal gert aðgengilegt almenningi með því að velja eina af aðferðunum sem er heimiluð skv. 14. gr. þeirrar tilskipunar í heimaríki útgefandans.
2. Skjalið skal lagt inn hjá lögbæru yfirvaldi heimaríkis og gert aðgengilegt almenningi í síðasta lagi 20 virkum dögum eftir að árleg reikningskil hafa verið birt í heimaríkinu.
3. Í skjalinu skal vera yfirlýsing þar sem greint er frá því að sumar upplýsingar kunni að vera úreltar.

28. gr.

*Fyrirkomulag við að fella inn upplýsingar með tilvísun*

1. Heimilt er að fella upplýsingar inn í lýsingu eða grunnlýsingu með tilvísun, einkum ef þær er að finna í einu af eftirfarandi skjölum:
  - 1) Árlegum fjárhagsupplýsingum og fjárhagsupplýsingum árshluta,
  - 2) skjölum sem eru samin vegna tiltekinna viðskipta, t.d. samruna eða sundrunar (demerger) starfsemi,
  - 3) skýrslu endurskoðanda og reikningsskilum,
  - 4) stofnsamningi og samþykktum,
  - 5) lýsingum og/eða grunnlýsingum sem þegar hafa verið staðfestar og birtar,
  - 6) upplýsingum sem reglur kveða á um,
  - 7) dreifibréfum (circulars) til verðbréfaeigenda.
2. Skjölin, sem hafa að geyma upplýsingarnar sem heimilt er að fella inn í með tilvísun í lýsingu eða grunnlýsingu eða í skjölin, sem þau samanstanda af, skulu samin í samræmi við ákvæði 19. gr. tilskipunar 2003/71/EB.
3. Ef verulegar breytingar hafa verið gerðar á efni skjals, sem heimilt er að fella upplýsingar inn í með tilvísun, skal greina skilmerkilega frá því í lýsingunni eða grunnlýsingunni og láta í té uppfærðar upplýsingar.
4. Útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað er heimilt að fella inn upplýsingar í lýsingu eða grunnlýsingu með tilvísun sem vísar einungis til tiltekinna hluta skjalsins að því tilskildu að hann lýsi því yfir að þeir hlutar, sem ekki hafa verið felldir inn með tilvísun, skipti annaðhvort ekki máli fyrir fjárfestinn eða að um þá sé fjallað annarsstaðar í lýsingunni.
5. Þegar upplýsingar eru felldar inn með tilvísun skulu útgefendur, tilboðsgjafar eða þeir sem óska eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað reyna að stofna vernd fjárfesta ekki í hættu að því er varðar skýrleika og aðgengileika upplýsinganna.

**V. KAFLI**

**Birting og dreifing auglýsinga**

29. gr.

*Birting á rafrænu formi*

1. Við birtingu lýsingar eða grunnlýsingar á rafrænu formi, annaðhvort skv. c-, d- og e-lið 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB eða á einhverju öðru aðgengilegu formi skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:
  - 1) Lýsingin eða grunnlýsingin skal vera auðveldlega aðgengileg á vefsetrinu,
  - 2) skrársniðið skal vera þannig að ekki sé unnt að breyta lýsingunni eða grunnlýsingunni,

- 3) í lýsingunni eða í grunnlýsingunni skulu ekki vera textatenglar (hyperlinks) að undanskildum tenglum á netföng þar sem hægt er að nálgast upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun,
- 4) fjárfestar skulu hafa möguleika á að niðurhala (download) og prenta lýsinguna eða grunnlýsinguna.

Undantekningin, sem um getur í 3. lið fyrstu undirgreinar, gildir einungis um skjöl sem eru felld inn með tilvísun. Þessi skjöl skulu vera aðgengileg með því að beita auðveldum og milliliðalausum tæknilegum úrræðum.

2. Ef lýsing eða grunnlýsing fyrir almennt útboð verðbréfa er gerð aðgengileg almenningi á vefsetri útgefenda og fjármálamilliliða eða skipulegra verðbréfamarkaða skulu þeir hinir sömu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilboðið beinist að þeim sem hafa fasta búsetu í aðildarríkjum eða þriðju löndum þar sem almennt útboð verðbréfa fer ekki fram, t.d. með því að setja fyrirvara (disclaimer) um að hverjum tilboðið beinist.

*30. gr.*

#### *Birting í dagblöðum*

1. Til að uppfylla ákvæði a-liðar 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB skal birta lýsinguna eða grunnlýsinguna í almennu dagblaði eða dagblaði um fjármál sem er dreift um allt land eða fleiri landssvæði.
2. Ef lögbært yfirvald telur að dagblaðið, sem er valið til birtingar, uppfylli ekki kröfurnar í 1. mgr. skal það velja annað dagblað sem talið er hafa viðeigandi útbreiðslu í þessu skyni, að teknu sérstöku tilliti til viðkomandi landsvæðis, fjölda íbúa og lestrarvenja í hverju aðildarríki.

*31. gr.*

#### *Birting tilkynningar*

1. Ef aðildarríki nýtir sér þann kost, sem um getur í 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB, að krefjast þess að birt verði tilkynning þar sem greint er frá því á hvern hátt lýsing eða grunnlýsing hefur verið gerð aðgengileg og hvar almenningur geti nálgast hana skal tilkynningin birt í dagblaði sem uppfyllir kröfur um birtingu lýsinga í samræmi við 30. gr. þessarar reglugerðar.

Ef tilkynning varðar lýsingu eða grunnlýsingu, sem er einungis birt vegna skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, þar sem verðbréf í sama flokki hafa þegar verið skráð, er einnig heimilt að setja hana eingöngu í tilkynningamiðil viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar án tillits til þess hvort þessi tilkynningarmiðill er á pappírformi eða rafrænu formi.

2. Birta skal tilkynninguna eigi síðar en næsta virka dag eftir birtingu lýsingarinnar eða grunnlýsingarinnar skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB.
3. Í tilkynningunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- 1) Nafn útgefanda,

- 2) tegund, flokkur og fjöldi verðbréfa sem fyrirhugað er að bjóða og/eða sem sótt er um skráningu fyrir, að því tilskildu að vitað sé um þessa þætti við birtingu tilkynningarinnar,
- 3) áætluð tímaáætlun útboðsins eða skráningarinnar,
- 4) yfirlýsing um að lýsing eða grunnlýsing hafi verið birt og hvar hægt sé að nálgast hana,
- 5) ef lýsing eða grunnlýsing hefur verið birt á prenti skal tilgreina hvar og á hvaða tímabili almenningur getur nálgast hana á þessu prentaða formi,
- 6) ef lýsing eða grunnlýsing hefur verið birt á rafrænu formi skal tilgreina heimilisföng sem fjárfestar geta skrifað til óski þeir eftir afriti á pappír,
- 7) dagsetning tilkynningarinnar.

32. gr.

#### *Skrá yfir staðfestar lýsingar*

Í skrá yfir staðfestar lýsingar og grunnlýsingar á vefsetri lögbærs yfirvalds, í samræmi við 4. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB, skal greina frá á hvern hátt slíkar lýsingar hafa verið gerðar aðgengilegar og hvar hægt sé að nálgast þær.

33. gr.

#### *Birting endanlegra skilmála grunnlýsinga*

Birtingaraðferð endanlegru skilmálanna sem tengjast grunnlýsingu þarf ekki að vera sú sama og notuð er fyrir grunnlýsinguna svo fremi að sú birtingaraðferð sem er notuð sé ein þeirra sem tilgreindar eru í 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

34. gr.

#### *Dreifing auglýsinga*

Hagsmunaaðilum, s.s. útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað eða fjármálamilliliða sem taka þátt í markaðssetningu og/eða sölu verðbréfa og/eða sölutryggingu þeirra, er heimilt að dreifa auglýsingum, sem tengjast almennu útboði verðbréfa eða skráningu þeirra á skipulegan verðbréfamarkað, til almennings, einkum með því að nota einn eða fleiri eftirfarandi samskiptamiðla:

- 1) Prentað efni sem er merkt með heimilisfangi eða ómerkt,
- 2) skilaboð á rafrænu formi eða auglýsingu sem er móttekin í gegnum farsíma eða símboða (pager),
- 3) staðlað bréf,
- 4) blaðaauglýsingu með eða án pöntunarseðils,
- 5) verðlista,
- 6) síma með eða án mannlegrar íhlutunar,

- 7) málstofur og kynningar,
- 8) útlit,
- 9) myndfíma,
- 10) fjargagnasendingu,
- 11) tölvupóst,
- 12) bréfasíma (fax),
- 13) sjónvarp,
- 14) tilkynningu,
- 15) auglýsingaspjald,
- 16) veggspjald,
- 17) kynningarrit,
- (18) auglýsingu á netinu, þ.m.t. auglýsingaborðar.

## VI. KAFLI

### Bráðabirgða- og lokaákvæði

35. gr.

#### *Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

1. Sú skylda útgefanda í Bandalaginu að endurgera (restate) sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem sett er fram í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka og lið 11.1 í XI. viðauka, gildir ekki um neitt tímabil fyrir 1. janúar 2004 eða, ef útgefandi hefur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. júlí 2005, þar til hann birtir fyrstu samstæðureikningsskil sín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.
2. Ef innlend bráðabirgðaákvæði, sem eru samþykkt skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, taka til útgefanda í Bandalaginu gildir skyldan um að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar ekki um neitt tímabil fyrir 1. janúar 2006 eða ef útgefandi hefur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. júlí 2005, þar til hann birtir fyrstu samstæðureikningsskil sín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.
3. Sú skylda að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem sett er fram í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka og lið 11.1 í XI. viðauka, gildir ekki fyrr en 1. janúar 2007 um útgefendur frá þriðju löndum:
  - 1) Sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. janúar 2007 og
  - 2) sem hafa lagt fram og samið sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við innlenda reikningsskilaáæla í þriðja landi.

Í þessu tilviki skulu ítarlegar og/eða frekari upplýsingar fylgja sögulegum fjárhagsupplýsingum ef reikningsskilin, sem lýsingin hefur að geyma, gefa ekki glögga mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og hagnaði og tapi.

4. Útgefendur í þriðja landi sem hafa samið sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, er heimilt að nota þessar upplýsingar í öllum lýsingum fyrir 1. janúar 2007 án þess að gerð sé krafa um endurgerð.
5. Frá 1. janúar 2007 skulu útgefendur í þriðja landi, sem um getur í 3. og 4. mgr., leggja fram sögulegar fjárhagsupplýsingar sem um getur í 1. lið 3. mgr. eftir að jafngildi hefur verið ákvarðað samkvæmt fyrirkomulagi sem framkvæmdastjórnin kemur á. Þessu fyrirkomulagi skal komið á samkvæmt nefndarmeðferðinni sem kveðið er á um í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB.
6. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um 3. lið í VI. viðauka.

36. gr.

*Gildistaka*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. júlí 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

## **VIÐAUKAR**

I.–XVII. viðauki: Grunn- og viðbótarskjöl

XVIII. viðauki: Tafla yfir samsetningu grunn- og viðbótarskjala

XIX. viðauki: Skrá yfir útgefendur í sérstakri starfsemi



## I. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir hluti (grunnskjal)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta útgefandalýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

- 2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).
- 2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

#### 3. VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

- 3.1. Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar um útgefanda, fyrir hvert fjárhagsár sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árs Slutatímabil ef einhver eru, í sama gjaldmiðli og fjárhagsupplýsingarnar.

Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa að geyma lykiltölur sem gefa yfirlit yfir fjárhagsstöðu útgefanda.

- 3.2. Ef valdar fjárhagsupplýsingar fyrir árshluta eru lagðar fram verður einnig að leggja fram samanburðargögn fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning telst uppfyllt ef lagðar eru fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

#### 4. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um útgefanda eða atvinnugrein hans skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

- 5.1. *Saga og þróun útgefandans*

- 5.1.1. Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda,
- 5.1.2. skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans,
- 5.1.3. stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn,
- 5.1.4. lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans),
- 5.1.5. mikilvægir atburðir í þróun starfsemi útgefanda.

## 5.2. *Fjárfestingar*

- 5.2.1. Lýsing (þ.m.t. fjárhæðir) á helstu fjárfestingum útgefanda fyrir hvert fjárhagsár á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til fram að dagsetningu útgefandalýsingar.
- 5.2.2. Lýsing á helstu yfirstandandi fjárfestingum útgefanda, þ.m.t. landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (heima og erlendis) og fjármögnunaraðferð (innri eða ytri).
- 5.2.3. Upplýsingar um helstu framtíðarfjárfestingar útgefanda sem stjórnendur hans hafa þegar gert bindandi samninga um.

## 6. **YFIRLIT YFIR STARFSEMI**

### 6.1. *Helsta starfsemi*

- 6.1.1. Lýsing á og lykilatriði að því er varðar eðli reksturs útgefanda og helstu starfsemi hans þar sem tilgreindar eru helstu afurðir og vöruflokkar sem seldir eru og/eða þjónusta sem er veitt fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og
- 6.1.2. upplýsingar um allar mikilvægar, nýjar afurðir og vörur og/eða þjónustu sem kynntar hafa verið, og stöðu þróunar, að því marki sem þróun nýrra afurða, vöru eða þjónustu hefur verið kynnt opinberlega.

### 6.2. *Helstu markaðir*

Lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandinn tekur þátt í samkeppni, þ.m.t. heildartekjur sundurliðaðar eftir flokkun á starfsemi og landfræðilegum markaði fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

- 6.3. Hafi óvenjulegir þættir haft áhrif á upplýsingarnar, sem eru gefnar samkvæmt liðum 6.1 og 6.2, skal þeirra getið.
- 6.4. Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum ef slíkir þættir skipta máli fyrir rekstur eða arðsemi útgefanda.
- 6.5. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

## 7. **SKIPULAG**

- 7.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan samstæðunnar.
- 7.2. Skrá yfir mikilvæg dótturfyrirtæki útgefanda, þ.m.t. nafn, heiti lands þar sem fyrirtækið er skráð eða hefur aðsetur, hlutfall eignarhluta og hlutfall atkvæðisréttar ef það er annað en hlutfall eignarhlutar.

## 8. **VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR**

- 8.1. Upplýsingar um alla verulega fastafjármuni eða fyrirhugaðar fjárfestingar í verulegum fastafjármunum, þ.m.t. leigðar eignir, og allar meiri háttar kvaðir sem fylgja þeim.
- 8.2. Lýsing á öllum umhverfisþáttum sem kunna að hafa áhrif á möguleika útgefanda til að nota fastafjármunina.

## 9. **YFIRLIT YFIR REKSTUR OG FJÁRHAG**

### 9.1 *Fjárhagsstaða*

Ef ekki er fjallar um það annars staðar í útgefandalýsingu skal lýsa fjárhagsstöðu útgefanda, breytingum á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrir hvert fjárhagsár og árshluta þar sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist, þ.m.t. ástæður fyrir verulegum breytingum á fjárhagsupplýsingum frá einu ári til annars að því marki sem nauðsynlegt er til að fá heildarmynd af starfsemi útgefanda.

### 9.2. *Rekstrarafkoma*

- 9.2.1. Upplýsingar um mikilvæga þætti, þ.m.t. óvenjulegir eða fátíðir atburðir eða ný þróun, sem hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur útgefanda, þar sem tilgreint er að hvaða marki þessir atburðir höfðu áhrif á tekjurnar.
- 9.2.2. Ef fram koma verulegar breytingar á nettósölu eða nettótekjum í reikningsskilum skal fjalla um ástæður þessara breytinga.
- 9.2.3. Upplýsingar um hvers kyns opinbera, efnahagslega, skattalega, peningalega eða stjórnmálalega stefnu eða þætti sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur útgefanda.

## 10. **FJÁRMÖGNUN**

- 10.1. Upplýsingar um fjármögnun útgefanda (bæði til skemmri og lengri tíma).
- 10.2. Skýring á uppruna og fjárhæðum í sjóðsstreymi útgefanda ásamt lýsingu á sjóðstreyminu.
- 10.3. Upplýsingar um lánsfjárbörf og fjármögnunarskipulag útgefanda.
- 10.4. Upplýsingar um takmarkanir á notkun fjármagns sem hafa haft eða gætu haft með beinum eða óbeinum hætti veruleg áhrif á rekstur útgefanda.

- 10.5 Upplýsingar um áætlaðan uppruna fjármagns sem þörf er á til að uppfylla skuldbindingarnar sem um getur í liðum 5.2.3 og 8.1.

## 11. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN, EINKALEYFI OG LEYFI

Ef máli skiptir skal lýsa stefnu útgefanda á sviði rannsókna og þróunar fyrir hvert fjárhagsár á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, þ.m.t. þá fjárhæð sem útgefandinn hefur notað til að styðja starfsemi á sviði rannsókna og þróunar.

## 12. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

- 12.1. Upplýsingar um mikilvæga nýlega þróun í framleiðslu, sölu og birgðum, og kostnaðar- og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs fram til dagsetningar útgefandalýsingar.
- 12.2. Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á framtíðarhorfur útgefanda fyrir a.m.k. yfirstandandi fjárhagsár.

## 13. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

Ef útgefandi kýs að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í útgefandalýsingu skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 13.1 og 13.2.

- 13.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á, og forsendum sem liggja alveg utan áhrifsviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

- 13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.
- 13.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.
- 13.4. Ef útgefandi hefur birt afkomuspá í lýsingu sem er enn í gildi skal gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvort þessi afkomuspá sé enn rétt eða ekki miðað við dagsetningu útgefandalýsingar og útskýra hvers vegna afkomuspáin er ekki lengur gild ef það er reyndin.

## 14. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR

14.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og upplýsingar um helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

- a) Aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,
- b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé,
- c) stofnfélaga, ef innan við fimm ár eru liðin síðan útgefandi var stofnaður og
- d) allra æðstu stjórnenda sem skipta máli til að sýna fram á að innan útgefanda sé viðeigandi sérþekking og reynsla fyrir stjórnun á rekstri útgefanda.

Greina skal frá því hvort einhver fjölskyldutengsl séu milli þessara aðila.

Að því er varðar hvern aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda og hvern einstakling, sem um getur í b- og d-lið fyrsta undirliðar, skal greina ítarlega frá viðeigandi sérfræðiþekkingu og reynslu í stjórnun ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- a) Heiti allra félaga þar sem viðkomandi einstaklingur hefur síðustu fimm árin verið aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi, og hvort einstaklingurinn sé enn aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða sameigandi. Ekki er nauðsynlegt að telja upp öll dótturfyrirtæki útgefanda þar sem einstaklingur á einnig sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn.
- b) Upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikamála (fraudulent offences) a.m.k. síðastliðin fimm ár.
- c) Ítarlegar upplýsingar um gjaldþrot, skiptameðferð eða félagsslit a.m.k. síðustu fimm ára sem einstaklingur, sem lýst er í a- og d-lið fyrsta undirliðar var aðili að vegna starfa sinna sem nefnd eru í a- og d-lið fyrsta undirliðar.
- d) Ítarlegar upplýsingar um opinberar kærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndir fagaðilar) og hvort dómstóll hafi dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa sem aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda a.m.k. síðustu fimm árin.

Ef engar slíkar upplýsingar eru til staðar skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

14.2. Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda.

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 14.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi milli stærstu hluthafa, viðskiptavina, birgja eða annarra varðandi það hverjir þeirra einstaklinga, sem um getur í lið 14.1, voru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða valdir til að vera meðal æðstu stjórnenda.

Greina skal ítarlega frá öllum þeim takmörkunum sem einstaklingarnir, sem um getur í lið 14.1, hafa samþykkt varðandi ráðstöfun eignarhluta sinna í verðbréfum útgefanda innan tiltekins tímabils.

## 15. LAUN (REMUNERATION) OG HLUNNINDI (BENEFITS)

Fyrir þá einstaklinga sem vísað er til í a- og d-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1 skal tilgreina eftirfarandi fyrir síðasta heila fjárhagsár:

- 15.1. Fjárhæð greiddra launa (þ.m.t. hvers kyns skilyrtar eða frestaðar greiðslur) og hlunninda (benefits in kind) sem útfandi og dótturfyrirtæki hans hafa veitt þessum einstaklingum fyrir þjónustu af hvaða tagi sem er sem hver og einn þeirra hefur veitt útfanda og dótturfyrirtækjum hans.

Tilgreina skal þessar upplýsingar fyrir hvern einstakling fyrir sig nema þess sé ekki krafist í heimalandi útfanda að birtar séu upplýsingar um einstaka einstaklinga og útfandinn þurfi ekki að öðru leyti að birta upplýsingarnar opinberlega.

- 15.2. Upplýsingar um heildarfjárhæð sem útfandi eða dótturfyrirtæki hans hafa lagt til hliðar eða safnað saman fyrir lífeyri, starfslok eða svipuð hlunnindi.

## 16. STJÓRNARHÆTTIR

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar í tengslum við síðasta heila fjárhagsár útfanda, nema annað sé tilgreint, að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1:

- 16.1. Lokadagur ráðningar- eða skipunartíma, ef við á, og tímabilið sem einstaklingurinn hefur gegnt þessu starfi.
- 16.2. Upplýsingar um aðila sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn og hafa gert starfssamninga við útfanda eða eitthvert dótturfyrirtækja hans um að þau greiði hlunnindi við starfslok eða ef ekki er um slíka samninga að ræða skal birta yfirlýsingu þess efnis.
- 16.3. Upplýsingar um endurskoðunar- og launanefnd útfanda, þ.m.t. nöfn nefndarmanna og samantekt um verksvið nefndarinnar.
- 16.4. Yfirlýsing þess efnis hvort útfandi uppfylli reglur um stjórnarhætti fyrirtækja (corporate governance) í því landi sem útfandi er skráður, eða ekki. Ef útfandi uppfyllir ekki þessar reglur skal fylgja yfirlýsing þess efnis ásamt skýringu á því hvers vegna hann uppfylli ekki reglurnar.

## 17. STARFSMENN

- 17.1. Tilgreina skal annað hvort fjölda starfsmanna við lok tímabilsins eða meðalfjölda þeirra fyrir hvert fjárhagsár, að því er varðar tímabilið sem sögulegar upplýsingar taka til, fram til dagsetningar útfandalýsingar (og breytingar á slíkum fjölda ef máli skiptir) og, ef mögulegt er og máli skiptir, sundurliðun starfsmanna eftir meginstarfssviðum og landfræðilegri staðsetningu. Ef útfandi ræður verulegan fjölda af afleysingafólki skal birta meðalfjölda afleysingafólks fyrir síðasta fjárhagsár.

- 17.2. Hlutabréfaeign og valréttir á hlutum (stock options).

Gefa skal upplýsingar fyrir hvern einstakling, sem um getur í a- og d-lið fyrsta undirliðar í lið 14.1, um eignaraðild og valrétti á hlutum í útfanda. Upplýsingarnar skulu vera eins nýjar og mögulegt er.

- 17.3. Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi varðandi það hvernig starfsfólk fær hlutdeild í hlutafé útfanda.

## 18. STÆRSTU HLUTHAFAR

- 18.1. Að því marki sem útfanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila, að undanskildum þeim sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem beint eða óbeint eiga hlutdeild í hlutafé eða atkvæðisrétti útfanda, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum útfanda, ásamt hlutdeild hvers aðila, og ef ekki er um slíkt að ræða skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

- 18.2. Greina skal frá því hvort stærstu hluthafarnir hafi mismunandi atkvæðisrétt eða ef svo er ekki skal gefa yfirlýsingu þess efnis.
- 18.3. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirlýsingu einhvers aðila, og hver sá aðili er, og lýsa skal eðli slíkra yfirlýsinga og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirlýsing sé ekki misnotuð.
- 18.4. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirlýsingu yfir útgefanda.

## 19. VIÐSKIPTI TENGDRA AÐILA

Birta skal ítarlegar upplýsingar um viðskipti tengdra aðila (sem í þessum tilgangi eru þau viðskipti sem sett eru fram í stöðlunum sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002) sem útgefandi hefur tekið þátt í á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og fram til dagsetningar útgefandalýsingar í samræmi við viðkomandi staðal sem er samþykktur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, ef við á.

Ef slíkir staðlar gilda ekki um útgefanda skal birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) Eðli og umfang hvers kyns viðskipta sem, stök eða í heild sinni, skipta máli fyrir útgefanda. Þegar slík viðskipti tengdra aðila eru ekki gerð á sama hátt og þegar um viðskipti milli ótengdra aðila er að ræða skal gefa skýringu á því hvers vegna sú var ekki reyndin. Þegar um er að ræða útstandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal tilgreina útstandandi fjárhæð.
- b) Tilgreina skal fjárhæðina eða hundruðshluta sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda.

## 20. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

### 20.1. *Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar fyrir þrjú síðustu fjárhagsár (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en þrjú ár) ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.

Leggja skal fram og semja endurskoðaðar sögulegar fjárhagsupplýsingar tveggja síðustu ára á því formi sem notað verður við næstu árlegu reikningsskil útgefandans, með hliðsjón af reikningsskilastöðlum og reglum og lögjörðum sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef útgefandi hefur verið virkur í núverandi atvinnustarfsemi sinni í innan við eitt ár skal semja endurskoðuðu, sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, sem taka til þessa tímabils, í samræmi við staðla sem gilda um árleg reikningsskil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef þeir gilda ekki um innlenda reikningsskilastaðla í tilteknu aðildarríki þar sem útgefandi er útgefandi innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Þessar sögulegu fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu

fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) yfirlit um allar breytingar á eigin fé, eða breytingar á eigin fé aðrar en þær sem verða af fjármagnshreyfingum (capital transactions) frá eigendum og til eigenda,
- d) sjóðstreymisyfirlit,
- e) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla (auditing standards), sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal.

## 20.2. *Pro forma fjárhagsupplýsingar*

Ef um er að ræða verulega brúttóbreytingu skal lýsa því hvernig viðskiptin gætu hafa haft áhrif á eignir, skuldir og tekjur útgefanda svo fremi viðskiptin hafi átt sé stað við upphaf skýrslugjafartímabilsins eða á tilgreindum degi.

Þessi krafa er yfirleitt uppfyllt með því að fella inn pro forma fjárhagsupplýsingar.

Leggja skal þessar pro forma fjárhagsupplýsingar fram í samræmi við kröfu í II. viðauka og skulu þær fela í sér upplýsingar sem fram koma í viðaukanum.

Pro forma fjárhagsupplýsingum skal fylgja skýrsla sem samin er af óháðum skoðunarmönnum eða endurskoðendum.

## 20.3. *Reikningsskil*

Ef útgefandi semur bæði eigin árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil skal a.m.k. fella árlegu samstæðureikningsskilin inn í útgefandalýsingu.

## 20.4. *Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga*

20.4.1. Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

20.4.2. Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

20.4.3. Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

## 20.5. *Síðustu fjárhagsupplýsingar*



20.5.1. Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, en annaðhvort:

- a) 18 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir endurskoðuð árshlutareikningsskil, inn í útgefandalýsingu eða
- b) 15 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir óendurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu.

## 20.6. *Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar*

20.6.1. Ef útgefandinn hefur birt ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

20.6.2. Ef útgefandalýsing er dagsett meira en níu mánuðum eftir lok síðasta endurskoðaða fjárhagsárs, skal hún hafa að geyma fjárhagsupplýsingar árshluta, sem mega vera óendurskoðaðar (í því tilviki skal skýra frá því að svo er) sem taka a.m.k. til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins.

Í fjárhagsupplýsingum árshluta skulu vera samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að uppfylla má kröfu um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokupplýsingar úr efnahagsreikningi.

## 20.7. *Arðgreiðslustefna*

Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og hvers kyns takmörkunum á þeim.

20.7.1. Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hlut fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og ef fjöldi hluta í útgefanda hefur breyst skal aðlaga fjárhæðina svo að tölurnar séu sambærilegar.

## 20.8. *Dómsmál og gerðardómsmál*

Upplýsingar um stjórnýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

## 20.9. *Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda*

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabil sem annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða árshluta fjárhagsupplýsingar verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

## 21. **VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR**

### 21.1. *Hlutfé*

Eftirfarandi upplýsingar, sem eru dagsettar sama dag og nýlegasti efnahagsreikningurinn sem er innifalinn í sögulegum fjárhagsupplýsingum, skulu felldar inn í sögulegar fjárhagsupplýsingar:

21.1.1. Fjárhæð útgefins hlutafjár, og fyrir hvern flokk hlutafjár:

- a) Fjöldi hluta sem heimilt er að gefa út,
- b) fjöldi útgefinna hluta sem greiddir hafa verið að fullu og fjöldi útgefinna hluta, sem ekki hafa verið greiddir að fullu,
- c) nafnverð einstakra hluta, eða að hlutirnir hafi ekkert nafnverð og
- d) afstemming fjölda útistandandi hluta í upphafi og lok ársins. Ef meira en 10% af hlutafé hefur verið greitt með eignum í stað reiðufjár á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til skal taka það fram.

- 21.1.2. Ef um er að ræða hluti sem teljast ekki til hlutafjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu einkenni.
- 21.1.3. Fjöldi, bókfært virði og nafnvirði hluta í útgefanda sem hann á sjálfur eða einhver fyrir hans hönd eða eru í eigu dótturfyrirtækja hans.
- 21.1.4. Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (warrants), ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.
- 21.1.5. Upplýsingar og skilmálar um kauprétti (acquisition rights) og/eða skuldbindingar varðandi heimilað en óútgefið hlutafé eða áform um að auka hlutafé.
- 21.1.6. Upplýsingar um hlutafé allra aðila að samstæðunni sem valréttur (option) liggur fyrir um eða sem samþykkt hefur verið með skilyrðum eða skilyrðislaust að valréttur muni gilda um og ítarlegar upplýsingar um slíka valrétti, þ.m.t. þá einstaklinga sem slíkum valréttum tengjast.
- 21.1.7. Yfirlit yfir þróun hlutafjár, yfir það tímabil sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, með áherslu á þær breytingar sem hafa átt sér stað á tímabilinu.
- 21.2. *Stofnsamningur og samþykktir*
  - 21.2.1. Lýsing á tilgangi og markmiðum útgefanda og hvar þær upplýsingar sé að finna í stofnsamningi og samþykktum.
  - 21.2.2. Samantekt á öllum ákvæðum í samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem varða aðila sem eiga sæti í stjórn, framkvæmdastjórn og efirlitsstjórn.
  - 21.2.3. Lýsing á réttindum, forgangsrétti og takmörkunum varðandi hvern flokk núverandi hluta.
  - 21.2.4. Lýsing á þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegt er að grípa til í því skyni að breyta réttindum eigenda hluta þar sem greint er frá því hvort skilyrðin eru strangari en krafist er í lögum.
  - 21.2.5. Lýsing á þeim skilyrðum sem gilda um boðun aðalfunda og hluthafafunda, þ.m.t. skilyrði fyrir aðgangi að fundunum.
  - 21.2.6. Stutt lýsing á hvers kyns ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem gætu haft þau áhrif að seinka, fresta eða koma í veg fyrir breytingar á yfírráðum yfir útgefanda.
  - 21.2.7. Upplýsingar um ákvæði í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda, ef þær eru fyrir hendi, sem fela í sér viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga um eignarhald hluthafa.

- 21.2.8. Lýsing á skilyrðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum um breytingar á hlutafé þar sem slík skilyrði eru strangari en krafist er í lögum.

## 22. MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur, sem útgefandi eða aðrir aðilar í samstæðunni eru aðilar að síðastliðin tvö ár fyrir birtingu útgefandalýsingar.

Samantekt á öllum öðrum samningum (sem ekki eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur) sem einhver aðili í samstæðunni hefur gert og innihalda ákvæði um skyldur eða tiltekin réttindi einhvers aðila í samstæðunni sem skipta máli fyrir samstæðuna miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.

## 23. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

- 23.1. Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

- 23.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.

Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

## 24. SKJÖL TIL SÝNIS

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

- a) Stofnsamningur og samþykktir útgefanda,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,
- c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda og dótturfyrirtækja hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára um sig áður en útgefandalýsing er birt.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírformi eða rafrænu formi.

## 25. UPPLÝSINGAR UM EIGNARHLUTDEILD

Upplýsingar um fyrirtæki sem útgefandi á í það stóran hluta hlutafjár að líklegt er að það hafi veruleg áhrif á mat á eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu eða hagnað og tap.

## II. VIÐAUKI

### Viðbótarskjal fyrir pro forma fjárhagsupplýsingar

1. Pro forma upplýsingar skulu hafa að geyma lýsingu á þeim viðskiptum, fyrirtækjum eða aðilum sem um ræðir og tímabilinu sem vísað er til, og eftirfarandi skal koma fram með skýrum hætti:
  - a) Í hvaða tilgangi upplýsingarnar eru teknar saman,
  - b) að upplýsingar séu eingöngu teknar saman til skýringar,
  - c) að þar sem pro forma fjárhagsupplýsingar taka til ímyndaðrar stöðu endurspeglar þær ekki raunverulega fjárhagsstöðu eða afkomu fyrirtækisins.
2. Þegar pro forma fjárhagsupplýsingar eru lagðar fram er heimilt að fella inn í þær efnahagsreikning og rekstrarreikning ásamt skýringum eftir aðstæðum hverju sinni.
3. Pro forma fjárhagsupplýsingar skulu að öllu jöfnu settar fram í dálkaformi sem samanstendur af:
  - a) Sögulegum, óleiðréttum upplýsingum,
  - b) pro forma leiðréttingum og
  - c) niðurstöðum pro forma fjárhagsupplýsinganna sem eru settar fram í aftasta dálki.

Taka skal fram hvaðan pro forma fjárhagsupplýsingar eru fengnar og, ef við á, skal fella reikningsskil yfirtekinna fyrirtækja eða rekstrareininga inn í lýsinguna.
4. Pro forma fjárhagsupplýsingar skulu samdar í samræmi við reikningsskilastefnu sem er fylgt í síðustu eða næstu reikningsskilum útgefanda og þar skal eftirfarandi tekið fram:
  - a) Á hvaða grundvelli upplýsingarnar eru samdar,
  - b) uppruni einstakra upplýsingaliða og leiðréttinga.
5. Einungis er heimilt að birta pro forma upplýsingar fyrir
  - a) yfirstandandi fjárhagstímabil,
  - b) fyrir næstliðið, fullt fjárhagstímabil og/eða
  - c) næstliðið fjárhagstímabil árshluta þar sem viðeigandi, óleiðréttar upplýsingar hafa verið eða munu verða birtar í sama skjali.
6. Pro forma leiðréttingar sem tengjast pro forma fjárhagsupplýsingum skulu
  - a) sýndar með skýrum hætti og útskýrðar,
  - b) vera í beinum tengslum við viðskiptin,
  - c) studdar staðreyndum.

Þar að auki skal koma skýrt fram í tengslum við pro forma hagnað og -tap eða sjóðsstreymisýfirlit, hverjar af þessum upplýsingum er búist við að hafi áframhaldandi áhrif á útgefandann og hverjar ekki.

7. Í skýrslu sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja skal koma fram að að þeirra áliti:
- a) Hafí pro forma fjárhagsupplýsingum verið safnað saman á réttan hátt og samkvæmt tilgreindum forsendum,
  - b) að forsendurnar séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

### III. VIÐAUKI

#### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í verðbréfalýsingu fyrir hluti (grunnskjali)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum lýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups eða skráð á markað svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 3. HELSTU UPPLÝSINGAR

##### 3.1 *Yfirlýsing um veltufé*

Yfirlýsing frá útgefanda þess efnis að hann telji að veltufé sé fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfar hans eða ef sú er ekki reyndin skal hann gera grein fyrir því hvernig hann hyggist útvega nauðsynlegt viðbótarveltufé.

##### 3.2 *Fjármögnun og skuldastaða*

Yfirlýsing um fjármögnun og skuldastöðu (þar sem gerður er greinarmunur á milli skulda sem eru með eða án ábyrgðar og skulda sem eru tryggðar eða ekki) eigi síðar en 90 dögum fyrir dagsetningu skjalsins. Skuldastaða felur einnig í sér óveinar og óvissar skuldir.

##### 3.3 *Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu*

Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegir hagsmunir sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.

##### 3.4 *Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis útboðsins (use of proceeds)*

Ástæður fyrir útboðinu og, eftir atvikum, áætlað nettósöluandvirði sem er sundurliðað og forgangsraðað miðað við fyrirhugaða ráðstöfun þess. Komist útgefandinn að raun um að fyrirhugað söluandvirði verði ekki fullnægjandi til að standa straum af fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan sú fjármögnun kemur. Gefa skal ítarlegar upplýsingar um ráðstöfun söluandvirðis vegna útboðsins, einkum þegar það er notað til að kaupa eignir, sem tengjast ekki hefðbundnum rekstri, til að fjármagna tilkynntar yfirtökur annarra fyrirtækja eða til að losa, lækka eða greiða upp skuldir.

#### 4. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN SEM Á AÐ BJÓÐA/SKRÁ

- 4.1. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða á að skrá, þ.m.t. ISIN-númer (International Security Identification Number) eða annað slíkt öryggisauðkennisnúmer.

- 4.2. Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru gefin út í samræmi við.
- 4.3. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbref eða handhafabref og hvort þau eru í skirteinisformi (certificated form) eða rafrænt skráð (book-entry form). Í síðara tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.
- 4.4. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.
- 4.5. Lýsing á réttindum tengdum verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og málsmeðferð við nýtingu þeirra.

Réttur til arðs:

- Sá dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast,
- þau tímamörk þar sem réttur til arðgreiðslu fellur niður og upplýsingar um hver sá aðili er sem slíkur réttur flyst til eftir þau tímamörk,
- takmarkanir á arði og málsmeðferð fyrir handhafa verðbréfa sem eru ekki búsettir í landinu,
- fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær séu uppsafnaðar eða ekki.

Atkvæðisréttur.

Forgangsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki.

Réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda.

Réttur til hlutdeildar í tekjum umfram gjöld ef til félagsslita kemur.

Innlausnarákvæði.

Breytingarákvæði (conversion provisions).

- 4.6. Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal skýra frá ályktunum, heimildum og samþykktum sem hafa eða munu liggja til grundvallar stofnun og/eða útgáfu verðbréfanna.
- 4.7. Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal tilgreina fyrirhugaðan útgáfudag verðbréfanna.
- 4.8. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsum framsali á verðbréfunum.
- 4.9. Upplýsingar um hvort til staðar séu skyldubundin yfirtökutilboð og/eða reglur um innlausnarrétt og innlausnarskyldu í tengslum við verðbréfin.
- 4.10. Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabref útgefanda sem hafa átt sér stað á síðastliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör sem fylgja slíkum tilboðum og hver niðurstaðan hefur orðið.
- 4.11. Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir skráningu verðbréfa skal tilgreina eftirfarandi:
  - Upplýsingar um skatta af verðbréfunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu,
  - upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

## 5. SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBODINU

5.1. *Skilyrði, tölfraðilegar upplýsingar um útbod, fyrirhuguð tímaáætlun og nauðsynlegar aðgerðir varðandi þátttöku í útbodinu*

5.1.1. Skilyrði sem gilda um útbodið.

5.1.2. Heildarfjárhæð útgáfunnar/útbodsins þar sem gerður er greinarmunur á verðbréfum sem eru boðin til kaups og þeim sem eru boðin til áskriftar. Ef fjárhæðin er ekki föst skal lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útbodsins verður tilkynnt opinberlega.

5.1.3. Upplýsingar um hversu lengi útbodið stendur, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar og lýsing á áskriftarferlinu.

5.1.4. Upplýsingar um hvenær og við hvaða aðstæður er hægt að afturkalla eða fresta útbodi og hvort afturköllun geti átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.

5.1.5. Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.

5.1.6. Ítarlegar upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksfjárhæð áskriftar (hvort sem um er að ræða fjölda verðbréfa eða samanlagða fjárfestingarfjárhæð).

5.1.7. Ef fjárfestum er heimilt að draga áskrift sína til baka skal tilgreina tímabilið sem það er leyfilegt.

5.1.8. Skipulag og tímamörk fyrir greiðslu og afhendingu verðbréfa.

5.1.9. Ítarleg lýsing á því á hvernig og hvenær niðurstöður útbodsins verða birtar opinberlega.

5.1.10. Málsmeðferð varðandi nýtingu forgangsréttar; framsal áskriftarréttar og hvernig farið skuli með áskriftarrétt sem ekki er nýttur.

5.2. *Skipulag dreifingar og úthlutunar*

5.2.1. Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin til kaups. Ef útbod fer fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti hefur verið tekinn eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.

5.2.2. Ef útgefandi hefur vitneskju um hvort stærstu hluthafarnir, aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans hafa í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum sem boðin eru til kaups eða hvort einhverjir aðilar hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útbodinu, skal hann skýra frá því.

5.2.3. Upplýsingar áður en úthlutun á sér stað:

- a) Upplýsingar um skiptingu útbodsins í hluta, þ.a.m. hluta stofnanafjárfesta, almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda, og hvers kyns aðrir hlutar.
- b) Skilyrði fyrir endurgreiðslu (claw-back), hámarksfjárhæð slíkrar endurgreiðslu ásamt lægstu prósentutölu sem notuð verður fyrir einstaka hluta.
- c) Aðferð eða aðferðir sem notaðar verða við úthlutun þeirra hluta útbodsins sem úthlutað verður til almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda ef um er að ræða umframáskrift í þessum hlutum.
- d) Lýsing á áður skilgreindri forgangsmeðferð fyrir tiltekna flokka fjárfesta eða tengda hópa (þ.m.t. fjárfestingaráætlanir sem beinast að vinum og fjölskyldu) við úthlutunina, það hlutfall útbodsins sem er frátekið fyrir slíka forgangsmeðferð ásamt viðmiðunum um hvernig aðilar teljast til slíkra flokka eða hópa.
- e) Upplýsingar um hvort meðferð áskrifta eða tilboða um áskrift í tengslum við úthlutun ákvarðist af því hvaða fyrirtæki leggur áskrift eða tilboð fram eða hefur milligöngu um það.



- f) Lágmarksviðmið, ef einhver eru, við úthlutun til almennra fjárfesta innan þess hluta útboðsins sem úthlutað verður til almennra fjárfesta.
  - g) Upplýsingar um skilyrði fyrir lokun útboðsins ásamt fyrsta degi sem heimilt er að loka því.
  - h) Upplýsingar um hvort heimila megi fleiri en eina áskrift frá sama aðila og í því tilviki sem það er ekki leyft hvernig fara eigi með slíkar áskriftir.
- 5.2.4. Aðferð við tilkynningu til umsækjenda um fjárhæðina sem þeim er úthlutað ásamt upplýsingum um hvort viðskipti megi hefjast áður en tilkynning berst þeim.
- 5.2.5. Umframúthlutun og „Green Shoe-réttur til úthlutunar“.
- a) Upplýsingar um heimild til hugsanlegrar umframúthlutunar og/eða Green Shoe-réttar til úthlutunar og hvert umfang hennar er.
  - b) Upplýsingar um tímabil þar sem mögulegt er að beita umframúthlutun og/eða Green Shoe-rétti.
  - c) Upplýsingar um skilyrði fyrir nýtingu á heimild til umframúthlutunar eða nýtingu Green Shoe-réttar.
- 5.3. *Verðlagning*
- 5.3.1. Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á. Ef ekki er vitað um verðið og ef ekki er um að ræða viðurkenndan og/eða virkan markað fyrir verðbréfin skal tilgreina þá aðferð sem er notuð til að ákvarða útboðsverð, þ.m.t. yfirlýsing um hver hafi ákveðið viðmiðanirnar eða hver sé formlega ábyrgur fyrir ákvörðuninni. Upplýsa skal um fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi verða sérstaklega krafðir um.
- 5.3.2. Aðferð við birtingu útboðsverðs.
- 5.3.3. Ef eigendur hlutafjár hjá útgefanda hafa forgangsrétt og þessi réttur er háður takmörkunum eða er afturkallaður skal greina frá því á hverju útgáfuverði byggist þegar selt er gegn staðgreiðslu og forsendum fyrir takmörkunum og afturköllun á slíkum rétti, ásamt ástæðum slíkra takmarkana og afturkallana og hverjir njóta góðs af þeim.
- 5.3.4. Ef mikils misræmis gætir eða gæti gætt milli opinbers útboðsverðs og raunverulegs verðs sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða æðstu stjórnendur eða tengdir aðilar, hafa greitt fyrir verðbréf sem þeir hafa keypt í viðskiptum undanfarið ár eða sem þeir hafa rétt á að kaupa, skal koma fram samanburður á greiðslum í fyrirhugaða opinbera útboðinu og raunverulegum greiðslum þessara aðila.
- 5.4. *Markaðssetning og/eða sala og sölutrygging*
- 5.4.1. Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem markaðssetja og/eða selja verðbréfin í hinum ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.
- 5.4.2. Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur (paying agents) og vörsluaðila (depository agents) í hverju landi fyrir sig.
- 5.4.3. Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að markaðssetja og/eða selja útgáfuna án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæg einkenni samninganna, þ.m.t. hversu mikinn hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknunar vegna sölutryggingar og markaðssetningar og/eða sölu.
- 5.4.4. Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu hafi verið eða verði samþykktur.

## 6. SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

- 6.1. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um skráningu á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegan verðbréfamarkað eða aðra sambærilega markaði ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefið sé í skyn að skráningin verði endilega samþykkt. Tilgreina skal þá daga þegar í fyrsta lagi er hægt að skrá verðbréfin á markað, ef vitað er um þá.
- 6.2. Tilgreina skal alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefanda er kunnugt um, þar sem verðbréf í sama flokki og verðbréfin sem á að bjóða eða skrá á markað, hafa þegar verið skráð.
- 6.3. Ef útgáfa verðbréfa, sem sótt er um skráningu fyrir á skipulegan verðbréfamarkað, á sér stað samtímis eða nánast samtímis og verðbréfa í sama flokki sem eru seld í áskrift eða í einu lagi eða ef verðbréf í öðrum flokkum eru gefin út í almennu eða lokuðu útboði skal gera nákvæma grein fyrir eðli þeirrar aðgerðar og fjölda og einkennum þeirra verðbréfa sem um er að ræða.
- 6.4. Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir (intermediaries) á eftirmarkaði og sem búa til seljanleika (liquidity) með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.
- 6.5. Verðjöfnun (stabilisation): Ef útgefandi eða hluthafi sem selur verðbréf hefur veitt umframúthlutunarrétt (over-allotment option) eða gefið til kynna að hugsanlega verði farið í verðjöfnunaraðgerðir í tengslum við útboð, skal greina frá eftirfarandi:
  - 6.5.1. Upplýsingar um að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð hvenær sem er.
  - 6.5.2. Upplýsingar um hvenær tímabilið sem verðjöfnun kann að fara fram hefjist og hvenær því ljúki.
  - 6.5.3. Upplýsingar um hver sá er sem stýrir verðjöfnun fyrir viðkomandi lögsögu nema þessar upplýsingar liggja ekki fyrir við birtingu.
  - 6.5.4. Upplýsingar um að verðjöfnun geti haft í för með sér hærra markaðsverð en við venjulegar aðstæður.

## 7. VERÐBRÉFAEIGENDUR SEM VILJA SELJA

- 7.1. Nafn og heimilisfang vinnustaðar þess einstaklings eða aðila sem óskar eftir að selja verðbréf, staða eða önnur mikilvæg tengsl sem seljendur hafa haft við útgefanda undanfarin þrjú ár eða við forvera hans eða tengd fyrirtæki.
- 7.2. Upplýsingar um fjölda og flokk verðbréfa sem hver verðbréfaeigandi sem vill selja býður til kaups.
- 7.3. Samningar um söluhömlur (lock-up agreements)
  - Aðilar sem hlut eiga að máli.
  - Efni sammingsins og undantekningar frá honum.
  - Upplýsingar um hversu lengi söluhömlur vara.

## 8. KOSTNAÐUR VEGNA ÚTGÁFU/ÚTBOÐS

- 8.1. Nettósöluandvirði og áætlaður heildarkostnaður vegna útgáfunnar/útboðsins.

## 9. ÞYNNING (DILUTION)

- 9.1. Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar sem verður vegna útboðsins.
- 9.2. Ef um er að ræða áskriftarútboð til núverandi hluthafa skal tilgreina fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar ef þeir taka ekki þátt í útboðinu.

## 10. **VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR**

- 10.1. Ef ráðgjafa í tengslum við útgáfu er getið í verðbréfalýsingunni skal birta yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra hefur verið.
- 10.2. Upplýsingar um önnur gögn í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.
- 10.3. Ef verðbréfalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað innihald þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.
- 10.4. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

## IV. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf (grunnskjal)

(Skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvers einingar er lægra en 50.000 evrur)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta útgefandalýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

- 2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).
- 2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

#### 3. VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

- 3.1. Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar um útgefanda, fyrir hvert fjárhagsár sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árs hlutatímabil ef einhver eru, í sama gjaldmiðli og fjárhagsupplýsingarnar.

Í völdum sögulegum fjárhagsupplýsingum verða að koma fram lykiltölur sem gefa yfirlit yfir fjárhagsstöðu útgefanda.

- 3.2. Ef valdar fjárhagsupplýsingar árshluta eru lagðar fram verður einnig að leggja fram samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að krafa um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning telst uppfyllt ef lagðar eru fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

#### 4. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti, sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

- 5.1. *Saga og þróun útgefandans*
  - 5.1.1. Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda,
  - 5.1.2. skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans,
  - 5.1.3. stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn,

5.1.4. lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans),

5.1.5. hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað og skipta máli við mat á gjaldhæfi útgefanda.

## 5.2. *Fjárfestingar*

5.2.1. Lýsing á helstu fjárfestingum sem gerðar hafa verið síðan síðustu reikningsskil voru birt.

5.2.2. Upplýsingar um helstu framtíðarfjárfestingar útgefanda sem stjórnendur hans hafa þegar gert bindandi samninga um.

5.2.3. Upplýsingar um áætlaðar fjármögnunarleiðir sem krafist er til að uppfylla skuldbindingarnar sem um getur í lið 5.2.2.

## 6. **YFIRLIT YFIR STARFSEMI**

### 6.1. *Helsta starfsemi*

6.1.1. Lýsing á helstu starfsemi útgefanda þar sem getið er helstu afurða og vöruflokka sem seldir eru og/eða þjónustu sem er veitt, og

6.1.2. upplýsingar um allar mikilvægar, nýjar afurðir og vörur og/eða starfsemi.

### 6.2. *Helstu markaðir*

Stutt lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandi tekur þátt í samkeppni.

6.3. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

## 7. **SKIPULAG**

7.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar.

7.2. Ef útgefandi er háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram ásamt skýringu á því hvers vegna hann er háður viðkomandi aðilum.

## 8. **UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN**

8.1. Fylgja skal yfirlýsing þess efnis að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.

Ef útgefandi getur ekki gefið slíka yfirlýsingu skal hann láta í té ítarlegar upplýsingar um þessar verulegu óæskilegu breytingar.

8.2. Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á framtíðarhorfur útgefanda fyrir a.m.k. yfirstandandi fjárhagsár.

## 9. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

Ef útgefandi kýs að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í útgefandalýsingu skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 9.1 og 9.2.

9.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifsviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

9.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

9.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.

## 10. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN

10.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og upplýsingar um helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

a) Aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,

b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé.

10.2. *Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar*

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 10.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

## 11. STJÓRNARHÆTTIR

11.1. Ítarlegar upplýsingar um endurskoðunarnefnd útgefanda, þ.m.t. nöfn nefndarmanna og samantekt um verksvið nefndarinnar.

11.2. Yfirlýsing þess efnis hvort útgefandi uppfylli reglur um stjórnarhætti fyrirtækja í því landi þar sem útgefandi er skráður eða ekki. Ef útgefandi uppfyllir ekki þessar reglur verður að fylgja yfirlýsing þess efnis ásamt skýringu á því hvers vegna hann uppfylli ekki reglurnar.

## 12. STÆRSTU HLUTHAFAR

12.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirlýsingu einhvers aðila og hver sá aðili er, og lýsa skal eðli slíkra yfirlýsinga og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirlýsing sé ekki misnotuð.

12.2. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirlýsingu yfir útgefanda.

13. **FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP**

13.1. *Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja síðustu fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en tvö ár) ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.

Leggja skal fram og semja fjárhagsupplýsingar næstliðs árs á formi sem er í samræmi við það form sem notað verður við næstu árlegu reikningsskil útgefandans, með hliðsjón af reikningsskilastöðlum og reglum og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef útgefandinn hefur verið virkur í núverandi atvinnustarfsemi sinni í innan við eitt ár skal semja endurskoðuðu, sögulegu fjárhagsupplýsingarnar sem taka til þessa tímabils í samræmi við staðla sem gilda um árleg reikningsskil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef þeir gilda ekki um aðildarríki, innlenda reikningsskilastaðla þar sem útgefandi er útgefandi innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Þessar sögulegu fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) sjóðstreymisýfirlit, og
- d) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla þar sem fram kemur hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal.

13.2. *Reikningsskil*

Ef útgefandi semur bæði eigin reikningsskil og samstæðureikningsskil skal a.m.k. fella samstæðureikningsskilin inn í útgefandalýsingu.

13.3. *Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga*

13.3.1. Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

13.3.2. Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

13.3.3. Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal

tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

#### 13.4. *Síðustu fjárhagsupplýsingar*

- 13.4.1. Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en 18 mánuðir miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.

#### 13.5. *Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar*

- 13.5.1. Ef útgefandinn hefur birt ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.
- 13.5.2. Ef útgefandalýsing er dagsett meira en níu mánuðum eftir lok síðasta endurskoðaða fjárhagsárs, skal hún hafa að geyma fjárhagsupplýsingar árshluta sem taka a.m.k. til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins. Ef fjárhagsupplýsingar árshluta eru ekki endurskoðaðar skal skýra frá því. Fjárhagsupplýsingar árshluta skulu hafa að geyma samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs að undanskildu því að uppfylla má kröfu um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

#### 13.6. *Dómsmál og gerðardómsmál*

Upplýsingar um stjórnýsly-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

#### 13.7. *Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda*

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og sem annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árshluta verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

### 14. **VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR**

#### 14.1. *Hlutafé*

- 14.1.1. Fjárhæð útgefins hlutafjár, fjöldi og flokkar hluta sem það samanstendur af ásamt ítarlegum upplýsingum um helstu einkenni þeirra, sá hluti útgefins hlutafjár sem ekki hefur verið greiddur að fullu, ásamt upplýsingum um fjölda eða heildarnafnverð og tegund þeirra hluta sem hafa ekki verið greiddir að fullu, sundurliðað, þar sem við á, eftir því hversu mikið þeir hafa verið greiddir upp.

#### 14.2. *Stofnsamningur og samþykktir*

- 14.2.1. Upplýsingar um skrá og skráningarnúmer, ef við á, ásamt lýsingu á tilgangi og markmiðum útgefanda og hvar þau sé að finna í stofnsamningi og samþykktum.



15. **MIKILVÆGIR SAMNINGAR**

Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum sem hafa ekki verið gerðir í hefðbundinni starfsemi útgefanda þar sem hver aðili að samstæðunni hefur skyldum að gegna eða hefur tiltekin réttindi sem skipta máli fyrir getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út.

16. **UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR**

16.1. Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

16.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

17. **SKJÖL TIL SÝNIS**

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

- a) Stofnsamningur og samþykktir útgefanda,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,
- c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda og dótturfyrirtækja hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára um sig áður en útgefandalýsing er birt.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírformi eða á rafrænu formi.

## V. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í verðbréfalýsingu sem tengist skuldabréfum (grunnskjal) (Skuldabréf þar sem nafnvirði hvernar einingar er lægra en 50.000 evrur)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila, sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum lýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

- 2.1. Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups eða skráð á markað svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 3. HELSTU UPPLÝSINGAR

- 3.1. *Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu*

Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegir hagsmunir sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.

- 3.2. *Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis útboðs*

Ástæður fyrir útboðinu ef þær varða ekki myndun hagnaðar og/eða vörn gegn tilteknum áhættum. Upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við útgáfuna/útboðið og áætlað nettósöluandvirði, þar sem við á. Sundurlíða skal þennan kostnað og söluandvirði miðað við fyrirhugaða ráðstöfun og forgangsraða eftir ráðstöfun. Komist útgefandinn að raun um að áætlað söluandvirði verði ekki fullnægjandi til að standa straum af fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan sú fjármögnun kemur.

#### 4. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF SEM Á AÐ BJÓÐA/SKRÁ Á MARKAÐ

- 4.1. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða á að skrá á markað, þ.m.t. ISIN-númer eða annað slíkt öryggisauðkenninúmer.
- 4.2. Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru gefin út í samræmi við.
- 4.3. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbref eða handhafabref og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðara tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.
- 4.4. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.
- 4.5. Forgangsröðun verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða á að skrá, þ.m.t. samantektir á hvers kyns ákvæðum sem eiga að hafa áhrif á forgangsröðun verðbréfa eða gera þau víkjandi gagnvart yfirstandandi eða framtíðarskuldbindingum útgefandans.

- 4.6. Lýsing á réttindum tengdum verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og málsmeðferð við nýtingu þeirra.
- 4.7. Nafnvextir og ákvæði um vexti sem greiða á.

- Upphafsdagur og gjalddagar vaxta.
- Fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls.

Ef vextirnir eru ekki fastir skal lýsa undirliggjandi þætti og aðferðinni sem er notuð til að tengja þessa tvo þætti, ásamt því hvar upplýsingar sé að finna um árangur fyrri ára og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og óstöðugleika hans.

- Lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.
- Leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.
- Nafn þess aðila sem sér um útreikning.

Ef vaxtagreiðslur af verðbréfinu byggjast á afleiðsluþætti skal gefa skýra og ítarlega skýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestinga þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhættan er augljós.

- 4.8. Gjaldlagi og fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Ef fyrirhugað er að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða handhafa verðbréfa, skal gera grein fyrir skilmálum og skilyrðum vegna niðurgreiðslunnar.
- 4.9. Upplýsingar um ávöxtun. Lýsa skal í stuttu máli aðferðinni sem er notuð til að reikna út ávöxtunina.
- 4.10. Fyrirsvar (representation) fyrir handhafa skuldabréfa, þ.m.t. upplýsingar um stofnunina sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um hvar almenningur getur haft aðgang að samningum sem gerðir hafa verið um þessar aðferðir við fyrirsvar.
- 4.11. Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal gefa yfirlýsingu um ályktanir, heimildir og samþykktir sem hafa eða munu liggja til grundvallar stofnun eða útgáfu verðbréfa.
- 4.12. Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal tilgreina væntanlegan útgáfudag verðbréfa.
- 4.13. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsum framsali á verðbréfunum.
- 4.14. Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir skráningu skal tilgreina eftirfarandi:

- Upplýsingar um skatta af verðbréfunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu,

- upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

## 5. SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBODINU

- 5.1. *Skilyrði, tölfraðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og nauðsynlegar aðgerðir varðandi þátttöku í útboðinu*
- 5.1.1. Skilyrði sem gilda um útboðið.
- 5.1.2. Heildarfjárhæð útgáfunnar/útboðsins, en ef fjárhæðin er ekki föst skal lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega.

- 5.1.3. Upplýsingar um hversu lengi útboðið stendur, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.
- 5.1.4. Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.
- 5.1.5. Ítarlegar upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksfjárhæð áskriftar (hvort sem um er að ræða fjölda verðbréfa eða samanlagða fjárfestingarfjárhæð).
- 5.1.6. Skipulag og tímamörk fyrir greiðslu og afhendingu verðbréfa.
- 5.1.7. Ítarleg lýsing á því hvernig og hvenær niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.
- 5.1.8. Málsmeðferð varðandi nýtingu forgangsréttar; framsalshæfi áskriftarréttar og hvernig farið skuli með áskriftarrétt sem ekki er nýttur.
- 5.2. *Skipulag dreifingar og úthlutunar*
  - 5.2.1. Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin til kaups. Ef útboð fer fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti hefur verið tekinn eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.
  - 5.2.2. Aðferð við tilkynningu til umsækjenda um fjárhæðina sem þeim er úthlutað, ásamt upplýsingum um hvort viðskipti megi hefjast áður en tilkynning berst þeim.
- 5.3. *Verðlagning*
  - 5.3.1. Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin til kaups á eða aðferð sem er notuð til að ákvarða útboðsverð og aðferð við birtingu þess. Upplýsa skal um fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi verða sérstaklega krafðir um.
- 5.4. *Markaðssetning og/eða sala og sölutrygging*
  - 5.4.1. Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem markaðssetja og/eða selja verðbréfin í hinum ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.
  - 5.4.2. Nafn og heimilisfang aðila sem annast greiðslur (paying agents) og vörsluaðila (depository agents) í hverju landi fyrir sig.
  - 5.4.3. Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að markaðssetja og/eða selja útgáfuna án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæg einkenni samninganna, þ.m.t. hversu mikinn hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknunar vegna sölutryggingar og markaðssetningar- og/eða sölu.
  - 5.4.4. Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu hafi verið eða verði samþykktur.
6. **SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA**
  - 6.1. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um skráningu á verðbréfunum, sem boðin eru til kaups, á skipulegan verðbréfamarkað eða aðra sambærilega markaði ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefið sé í skyn að skráningin verði endilega samþykkt. Tilgreina skal þá daga þegar í fyrsta lagi er hægt að skrá verðbréfin, ef vitað er um þá.
  - 6.2. Tilgreina skal alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefanda er kunnugt um, þar sem verðbréf í sama flokki og verðbréfin sem á að bjóða eða skrá á markað, hafa þegar verið skráð.
  - 6.3. Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.

## 7. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- 7.1. Ef ráðgjafa í tengslum við útgáfu er getið í verðbréfalýsingunni skal birta yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra hefur verið.
- 7.2. Upplýsingar um önnur gögn í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða ef lögbært yfirvald leyfir það, samantekt á henni.
- 7.3. Ef verðbréfalýsing hefur að geyma yfirlýsingu eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.
- 7.4. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
- 7.5. Lánshæfismat útgefanda eða skuldabréfa hans ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu. Stutt skýring á því hvaða þýðingu lánshæfismatið hefur ef sá sem úthlutar því hefur þegar birt það.

## VI. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í ábyrgðum

#### (Frekara viðbótarskjal)

#### 1. EDLI ÁBYRGÐARINNAR

Lýsing á hvers kyns fyrirkomulagi sem hefur það að markmiði að tryggja að mikilvægum skuldbindingum í tengslum við útgáfuna verði fullnægt hvort sem er í formi ábyrgðar, veðs, „Keep well-samnings“, sérstaks tryggingarsamnings (Mono-line Insurance policy) eða annarra sambærilegra skuldbindinga (hér á eftir nefndar „ábyrgðir“ og sá sem úthlutar þeim „ábyrgðarmaður“ til hagræðingar).

Með fyrirvara um undanfarandi almenn atriði felur slíkt fyrirkomulag í sér skuldbindingar sem eiga að sjá til þess að skuldabréf séu endurgreidd og/eða vextir greiddir og í lýsingunni skal koma fram hvernig fyrirkomulaginu er ætlað að tryggja að greiðslur, sem tryggðar eru, berist á tilskildum tíma.

#### 2. GILDISSVIÐ ÁBYRGÐARINNAR

Birta skal ítarlegar upplýsingar um skilmála, skilyrði og gildissvið ábyrgðarinnar. Með fyrirvara um undanfarandi, almenn atriði skulu þessar ítarlegu upplýsingar taka til hvers kyns skilyrða um beitingu ábyrgðarinnar ef um er að ræða vanefndir samkvæmt skilmálum ábyrgðarinnar eða mikilvægum skilmálum sérstakra tryggingasamninga (Mono-line Insurance) eða „Keep well-samninga“ milli útgefanda og ábyrgðarmanns. Einnig skal birta ítarlegar upplýsingar um neitunarvald ábyrgðarmanns í tengslum við breytingar á réttindum verðbréfaeigenda eins og oft er að finna í sérstökum tryggingarsamningi (Mono-line Insurance).

#### 3. UPPLÝSINGAR SEM BIRTA SKAL UM ÁBYRGÐARAÐILA

Ábyrgðaraðili skal birta upplýsingar um sjálfan sig á sama hátt og hann væri útgefandi sömu tegundar verðbréfa og ábyrgðin fjallar um.

#### 4. SKJÖL TIL SÝNIS

Upplýsingar um hvar almenningur hafi aðgang að mikilvægum samningum og öðrum skjölum sem tengjast ábyrgðinni.

## VII. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir eignavarin verðbréf

#### (grunnskjal)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingu, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta útgefandalýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

- 2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild að viðkomandi faglegum samtökum).

#### 3. ÁHÆTTUÞÆTTIR

- 3.1. Í skjalinu skal birta upplýsingar um áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um útgefanda og atvinnugrein hans á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 4. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

- 4.1. Yfirlýsing þess efnis hvort útgefandi hefur komið á fót félagi með sérstakan tilgang eða rekstareiningu í þeim tilgangi að gefa út eignavarin verðbréf.
- 4.2. Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda.
- 4.3. Skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans.
- 4.4. Stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn.
- 4.5. Lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans).
- 4.6. Lýsing á fjárhæð heimilaðs og útgefins hlutafjár og fjárhæð hlutafjár sem samþykkt hefur verið að gefa út ásamt fjölda og flokkum verðbréfa sem það samanstendur af.

#### 5. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

- 5.1. Stutt lýsing á helstu starfsemi útgefanda.
- 5.2. Heildaryfirlit yfir þá sem eru aðilar að verðbréfunaráætluninni (securitisation program), þ.m.t. upplýsingar um beint eða óbeint eignarhald eða yfirlit þessara aðila.

#### 6. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN EÐA EFTIRLITSSTJÓRN

- 6.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og upplýsingar um helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:
  - a) Aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,
  - b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé.

7. **STÆRSTU HLUTHAFAR**

7.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er, og lýsa skal eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.

8. **FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP**

8.1. Ef útgefandi hefur ekki hafið starfsemi frá skráningar- eða stofndegi sínum og engin reikningsskil hafa verið lögð fram miðað við dagsetningu útgefandalýsingar skal gera grein fyrir því í útgefandalýsingunni.

8.2. *Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

Ef útgefandi hefur hafið starfsemi sína og reikningsskil hafa verið lögð fram skal útgefandalýsing hafa að geyma endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar, sem taka til tveggja síðustu fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur rekið fyrirtæki ef tímabilið er styttra en þrjú ár), ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Bandalagsins.

Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.

Fjárhagsupplýsingar næstliðins árs skal leggja fram og semja á sambærilegu formi og notað verður við birtingu næstu árlegu reikningsskila útgefanda með hliðsjón af reikningsskilastöðlum, stefnum og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef útgefandinn hefur verið starfandi í núverandi atvinnustarfsemi sinni í innan við eitt ár skal semja endurskoðuðu, sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, sem taka til þessa tímabils, í samræmi við staðla sem gilda um árleg reikningsskil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef þeir gilda ekki um aðildarríki, innlenda reikningsskilastaðla þar sem útgefandi er útgefandi innan Bandalagsins.

Útgefendur frá þriðja landi skulu semja sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Þessar sögulegu fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla þar sem fram kemur hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal.



- 8.2 a *Þessi liður gildir einungis um útgáfu eignavarinna verðbréfa þar sem nafnvirði hverrar einingar nemur a.m.k. 50.000 evrum.*

Ef útgefandi hefur hafið starfsemi sína og reikningsskil hafa verið lögð fram skal útgefandalýsing hafa að geyma endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja síðustu fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur rekið fyrirtæki ef tímabilið er styttra en tvö ár), ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við innlenda endurskoðunarstaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Að öðrum kosti skal útgefandalýsing hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) Áberandi yfirlýsingu þess efnis að fjárhagsupplýsingarnar, sem útgefandalýsing hefur að geyma, hafi ekki verið samdar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og að í ljós gæti komið mikilvægur munur á fjárhagsupplýsingunum ef reglugerð (EB) nr. 1606/2002 hefði verið beitt við gerð sögulegra fjárhagsupplýsinga,
- b) lýsingu í samfelldu máli í beinu framhaldi af sögulegu fjárhagsupplýsingunum um þann mun sem er á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem eru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og reikningsskilareglum sem útgefandinn notar við samningu árlegra reikningsskila.

Fjárhagsupplýsingar næstliðins árs skal leggja fram og semja á sambærilegu formi og notað verður við samningu næstu árlegru reikningsskila útgefanda með hliðsjón af reikningsskilastöðlum og reglum og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal.

Að öðrum kosti skal útgefandalýsing hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) Áberandi yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða endurskoðunarstaðlar hafa verið notaðir,
- b) skýringu á því ef vikið er verulega frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

### 8.3. *Dómsmál og gerðardómsmál*

Upplýsingar um stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

#### 8.4. *Verulegar óæskilegar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda*

Ef útgefandi hefur samið reikningsskil skal þeim fylgja yfirlýsing þess efnis að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt. Ef veruleg, óæskileg breyting hefur átt sér stað skal greina frá því í útgefandalýsingu.

### 9. **UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR**

9.1. Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

9.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og, að svo miklu leyti sem útgefanda er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal útgefandi tilgreina uppruna upplýsinganna.

### 10. **SKJÖL TIL SÝNIS**

10.1. Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

- a) Stofnsamningur og samþykktir útgefanda,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,
- c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda og dótturfyrirtækis hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára um sig áður en útgefandalýsing er birt.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírformi eða á rafrænu formi.

## VIII. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í frekara viðbótarskjali fyrir eignavarin verðbréf

#### 1. VERÐBRÉF

1.1. Lágmarksnafnverð útgáfu.

1.2. Ef tilgreindar eru upplýsingar um fyrirtæki/loforðsgjafa (obligor) sem tengist ekki útgáfunni skal láta í té staðfestingu um að upplýsingarnar sem tengjast fyrirtækinu/loforðsgjafanum hafi verið nákvæmlega byggðar á upplýsingum sem fyrirtækið/loforðsgjafinn hefur gefið út. Að svo miklu leyti sem útgefanda er kunnugt um og honum er unnt skal hann staðfesta, út frá þeim upplýsingum sem fyrirtækið/loforðsgjafi hefur birt, að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar, sem hann hefur eftir, ónákvæmar eða misvísandi.

Þar að auki skal tilgreina hvaðan upplýsingar í verðbréfalýsingu, sem byggjast á upplýsingum sem fyrirtæki/loforðsgjafi hefur birt, eru fengnar.

#### 2. UNDIRLIGGJANDI EIGNIR

2.1. Staðfesting þess efnis að tryggðu eignirnar (securitised assets) sem liggja til grundvallar útgáfunni feli í sér þætti sem geta myndað fjármagnstekjur sem standa straum af afborgunum af verðbréfunum.

2.2. Ef útgáfan samanstendur af safni aðgreindra eigna (pool of discrete assets) skal tilgreina eftirfarandi:

2.2.1. Lögjöfna sem eignasafnið heyrir undir.

2.2.2. a) Ef um er að ræða fáa loforðsgjafa, sem auðvelt er að tilgreina, skal leggja fram almenna lýsingu á hverjum þeirra.

b) Í öllum öðrum tilvikum skal gefa upplýsingar um almenn einkenni loforðsgjafanna, efnahagslegt umhverfi, ásamt yfirgripsmiklum tölfræðilegum gögnum sem tengjast tryggðu eignunum.

2.2.3. Lagalegt eðli eignanna.

2.2.4. Fyrningardagur eða fyrningardagar eða gjalddagi eða gjalddagar eignanna.

2.2.5. Fjárhæð eignanna.

2.2.6. Fjárhæð lánsins í hlutfalli við fjárhæð tryggingar sem er sett fyrir láninu.

2.2.7. Aðferðin sem er notuð í tengslum við tilurð eða myndun eigna og fyrir lán og lánasamninga, helstu lánaviðmið og upplýsingar um lán sem uppfylla ekki þessi viðmið og réttindi eða skyldur í tengslum við fyrirframgreiðslu.

2.2.8. Mikilvægar upplýsingar og tryggingar sem eru veittar útgefanda í tengslum við viðkomandi eignir.

2.2.9. Hvers kyns réttindi til að skipta út eignum og lýsing á því hvernig það fer fram og tegund eigna sem hægt er að skipta út á þennan hátt. Ef unnt er að skipta eignum út með eignum í öðrum flokki eða af öðrum gæðum skal gefa yfirlýsingu þess efnis og þar að auki skal lýsa áhrifum slíkrar útskiptingar.

- 2.2.10. Lýsing á viðeigandi váttryggingarsamningum sem tengjast eignunum. Skyld er að greina frá samsöfnun (concentration) hjá einu váttryggingarfélagi ef það skiptir máli fyrir viðskiptin.
- 2.2.11. Ef eignir fela í sér skuldbindingar fimm eða færri loforðsgjafa (obligors) sem eru lögaðilar eða ef loforðsgjafi stendur fyrir 20% af eignunum eða meira eða ef loforðsgjafi stendur fyrir verulegan hluta eignanna, skal útgefandi, svo framarlega sem honum er kunnugt um og/eða honum er unnt að staðfesta út frá upplýsingum sem loforðsgjafi eða loforðsgjafar hafa birt, tilgreina annan eftirfarandi liða:
- Upplýsingar um hvern loforðsgjafa eins og um væri að ræða útgefanda sem semur útgefandalýsingu fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvers bréfs er a.m.k. 50.000 evrur,
  - ef loforðsgjafi eða ábyrgðaraðili á verðbréf sem þegar hafa verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða sambærilegan markað eða ef skuldbindingarnar eru tryggðar af aðila, sem er skráður á skipulegan verðbréfamarkað eða sambærilegan markað, skal veita upplýsingar um nafn, heimilisfang, landið þar sem aðilinn er skráður, eðli starfseminnar og heiti markaðarins þar sem verðbréfin eru skráð.
- 2.2.12. Ef tengsl eru milli útgefanda, ábyrgðaraðila og loforðsgjafa sem skipta máli fyrir útgáfuna skal gefa ítarlegar upplýsingar um helstu skilmála sem gilda um þessi tengsl.
- 2.2.13. Ef eignirnar fela í sér skuldbindingar sem ekki eru höfð viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði eða sambærilegum markaði skal lýsa helstu skilmálum og skilyrðum skuldbindinganna.
- 2.2.14. Ef eignir samanstanda af hlutabréfum sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða sambærilegan markað skal tilgreina eftirfarandi:
- Lýsingu á verðbréfunum,
  - lýsingu á markaðnum þar sem viðskipti fara fram með verðbréfin, þ.m.t. stofndagur, hvernig verðupplýsingar eru birtar, upplýsingar um daglegt magn verðbréfa sem höndlað er með, upplýsingar um stöðu markaðarins í viðkomandi landi og heiti á innlendu eftirlitsyfirlaldi markaðarins,
  - hversu oft verð viðkomandi verðbréfa eru birt.
- 2.2.15. Ef meira en 10% af eignunum samanstendur af hlutabréfum sem ekki eru höfð viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði eða sambærilegum markaði skal fylgja lýsing á þessum hlutabréfum og upplýsingar, sem eru sambærilegar þeim sem er að finna í skrá fyrir útgefandalýsingu fyrir hluti, að því er varðar hvern útgefanda þessara verðbréfa.
- 2.2.16. Ef verulegur hluti eignanna er tryggður með fasteign skal leggja fram matskýrslu um fasteignina þar sem fram kemur bæði hvers virði hún er og sjóðs- og tekjustreymi.
- Ekki er krafist birtingar ef útgáfan tengist verðbréfum sem eru tryggð með veðlánnum í fasteign, þar sem ekki hefur farið fram neitt endurmat á fasteigninni vegna útgáfunnar og þar sem skýrt er tekið fram að matið, sem sett er fram, miðist við daginn þegar gengið var frá upprunalega veðláninu.
- 2.3. Að því er varðar stýrt safn af eignum, sem liggur til grundvallar útgáfunni, skal tilgreina eftirfarandi:
- Upplýsingar sem eru sambærilegar þeim sem er að finna í liðum 2.1. og 2.2 til að unnt sé að meta tegund, gæði, tiltækileika og hvort eignagerðirnar í eignasafninu (portfolio), sem eru trygging fyrir útgáfunni, séu seljanlegar.
  - Mælikvarðar sem eru notaðir við fjárfestingar, nafn og lýsing á aðila, sem er ábyrgur fyrir slíkri stjórnun, þ.m.t. lýsing á sérfræðikunnáttu og reynslu hans,

samantekt á ákvæðum varðandi hvernig eigi að ljúka samvinnu við slíkan aðila og stofna til sambands við annan aðila og lýsing á tengslum þessa aðila við alla hina sem eiga aðild að útgáfunni.

- 2.4. Ef útgefandi fyrirhugar að gefa út fleiri verðbréf sem eru tryggð með sömu eignum skal greina frá því með skýrum hætti og lýsa því hvernig eigendum verðbréfa í þessum flokki verði tilkynnt um það nema að þessi nýju verðbréf séu skiptanleg með skuldabréfaflokkum, sem til staðar eru, eða skipuð undir þá.

### 3. **SKIPULAG OG SJÓÐSSTREYMI**

- 3.1. Lýsing á skipulagi viðskiptanna, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, flæðirit.
- 3.2. Lýsing á aðilum sem taka þátt í útgáfunni og starfsemi þeirra.
- 3.3. Lýsing á því hvenær og hvaða aðferð er notuð við sölu, yfirfærslu, skuldskeytingu eða framsal eigna eða hvers kyns réttindum og/eða skuldbindingum útgefanda í tengslum við eignirnar eða, eftir atvikum, hvernig og innan hvaða tímabils útgefandi hefur lokið við að fjárfesta fyrir söluandvirðið af útgáfunni.
- 3.4. Skýring á fjármagnsflæði, þ.m.t.:
  - 3.4.1. Hvernig sjóðsstreymi frá eignunum uppfylli skuldbindingar útgefanda gagnvart verðbréfaeigendum þ.m.t. tafla yfir fjármálaþjónustu og lýsing á matinu sem notað er við gerð töflunnar, ef nauðsyn krefur.
  - 3.4.2. Upplýsingar um alla þætti sem er ætlað að bæta greiðsluöryggi skuldarinnar og upplýsingar um það hvort veruleg hættu sé á greiðslufalli, hvort unnt sé að fá lausafjáraðstoð, ásamt upplýsingum um ráðstafanir sem ætlað er að ná yfir hættu á greiðslufalli vegna vaxtagreiðslna eða greiðslna af höfuðstóli.
  - 3.4.3. Með fyrirvara um lið 3.4.2 skal gefa ítarlegar upplýsingar um vijkjandi lánsfjármögnun.
  - 3.4.4. Upplýsingar um hvers kyns mælikvarða sem eru notaðir við fjárfestingu tímabundins umframlausafjár og lýsing á þeim aðilum sem eru ábyrgir fyrir slíkum fjárfestingum.
  - 3.4.5. Hvernig greiðslur vegna eignanna eru innheimtar.
  - 3.4.6. Forgangsröð greiðslna frá útgefanda til eigenda viðkomandi verðbréfaflokks.
  - 3.4.7. Ítarlegar upplýsingar um hvers kyns annað fyrirkomulag sem vaxtagreiðslur og greiðslur af höfuðstól eru háðar.
- 3.5. Upplýsingar um nafn, heimilisfang og mikilvæga viðskiptastarfsemi þeirra sem eru upphafsaðilar að verðbréfun eigna (originators of the securitised assets).
- 3.6. Ef arður og/eða endurgreiðsla verðbréfanna tengist verðþróun eða verðgildi annarra eigna, sem eru ekki í eigu útgefandans, eru liðir 2.2 og 2.3 nauðsynlegir.
- 3.7. Upplýsingar um nafn og mikilvæga viðskiptastarfsemi stjórnandans, aðila sem sér um útreikning eða sambærilegra aðila ásamt samantekt á ábyrgð þessara aðila, tengsl þeirra við upphafsmann eða stofnanda eignanna og samantekt á ákvæðum sem snerta uppsögn stjórnanda/aðila sem sér um útreikning og tilnefningu annars stjórnanda/aðila sem sér um útreikning.

3.8. Nöfn, heimilisföng og stutt lýsing á:

a) Öðrum mótaðilum í skiptasamningi og aðilum sem sjá um aðra mikilvæga möguleika sem snerta þætti sem er ætlað að bæta greiðsluöryggi skuldar og/eða aukið lausafé og

b) bönkum þar sem er að finna aðalreikningana sem tengjast viðskiptunum.

#### 4. **SKÝRSLUGJÖF AÐ LOKINNI ÚTGÁFU**

4.1. Greina skal frá því í lýsingunni hvort fyrirhugað sé að leggja fram upplýsingar um viðskipti að útgáfu lokinni, eða ekki, að því er varðar verðbréf sem munu verða skráð og hver verðþróun tryggingarinnar, sem liggur til grundvallar, er. Ef útgefandi hefur tilkynnt að hann hafi í hyggju að birta slíkar upplýsingar skal tilgreina í lýsingunni hvaða upplýsingar verða birtar, hvar unnt sé að nálgast þessar upplýsingar og hversu oft þær verða birtar.

## IX. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf (grunnskjal)

(Skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 50.000 evrur)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum, sem er að finna í útgefandalýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta útgefandalýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

- 2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).
- 2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörmir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

#### 3. ÁHÆTTUÞÆTTIR

- 3.1. Upplýsingar um áhættuþætti, sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 4. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

- 4.1. *Saga og þróun útgefandans*
  - 4.1.1. Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda,
  - 4.1.2. skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans,
  - 4.1.3. stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn,
  - 4.1.4. lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans),
  - 4.1.5. hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað sem snerta útgefanda og skipta máli við mat á gjaldhæfi hans.

#### 5. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

- 5.1. *Helsta starfsemi*
  - 5.1.1. Stutt lýsing á helstu starfsemi útgefanda þar sem getið er helstu afurða og vöruflokka sem seldir eru og/eða

þjónustu sem er veitt.

- 5.1.2. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu í útgefandalýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

## 6. **SKIPULAG**

- 6.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar.
- 6.2. Ef útgefandi er háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram ásamt skýringu á því hvers vegna hann sé háður viðkomandi aðilum.

## 7. **UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN**

- 7.1. Gefa skal út yfirlýsingu þess efnis að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.

Ef útgefandi getur ekki gefið slíka yfirlýsingu skal hann láta í té ítarlegar upplýsingar um þessar verulegu óæskilegu breytingar.

## 8. **AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA**

Ef útgefandi kys að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í útgefandalýsingu skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 8.1 og 8.2.

- 8.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

- 8.2. Með afkomuspá, sem er sett fram í útgefandalýsingu, skal fylgja yfirlýsing þar sem staðfest er að viðkomandi afkomuspá hafi verið rétt unnin á þeim grundvelli, sem tilgreindur er, og að grunnur reikningsskilanna sé í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

- 8.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.

## 9. **STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN EÐA EFTIRLITSSTJÓRN**

- 9.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og upplýsingar um helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

- a) Aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,
- b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé.

- 9.2. *Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar*

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 9.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.



## 10. STÆRSTU HLUTHAFAR

- 10.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er, og lýsa skal eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
- 10.2. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.

## 11. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

### 11.1. *Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja síðustu fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur rekið fyrirtæki ef tímabilið er styttra en tvö ár) ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar fyrir útgefendur innan Bandalagsins í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef það á ekki við, í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla viðkomandi aðildarríkis. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Að öðrum kosti skal útgefandalýsing hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) Áberandi yfirlýsingu þess efnis að fjárhagsupplýsingarnar sem útgefandalýsing hefur að geyma hafi ekki verið samdar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og að í ljós gæti komið mikilvægur munur á fjárhagsupplýsingunum ef reglugerð (EB) nr. 1606/2002 hefði verið beitt við gerð sögulegra fjárhagsupplýsinga,
- b) lýsingu í samfelldu máli í beinu framhaldi af sögulegum fjárhagsupplýsingum um þann mun sem er á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem eru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og reikningsskilareglum sem útgefandinn notar við samningu árlegra reikningsskila.

Fjárhagsupplýsingar næstliðins árs skal leggja fram og semja á sambærilegu formi og notað verður við samningu næstu árlegru reikningsskila útgefanda með hliðsjón af reikningsskilastöðlum, stefnu og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla þar sem fram kemur hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skal útgefandalýsing hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) Áberandi yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða endurskoðunarstaðlar hafa verið notaðir,
- b) skýringu á því ef vikið er verulega frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

### 11.2. *Reikningsskil*

Ef úttefandi semur bæði eigin reikningsskil og samstæðureikningsskil skal a.m.k. fella samstæðureikningsskilin inn í úttefandalýsingu.

### 11.3. *Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga*

11.3.1. Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

11.3.2. Tilgreina skal aðrar upplýsingar í úttefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

11.3.3. Ef fjárhagsupplýsingar í úttefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum úttefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

### 11.4. *Síðustu fjárhagsupplýsingar*

11.4.1. Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, en 18 mánuðir frá dagsetningu úttefandalýsingar.

### 11.5. *Dómsmál og gerðardómsmál*

Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og úttefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi úttefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

### 11.6. *Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu úttefanda*

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árshluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

## 12. **MIKILVÆGIR SAMNINGAR**

Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum sem hafa ekki verið gerðir í hefðbundinni starfsemi úttefanda þar sem hver aðili að samstæðunni hefur skyldum að gegna eða hefur tiltekin réttindi sem skipta máli fyrir getu úttefandans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út.

## 13. **UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR**

13.1. Ef úttefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart úttefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni úttefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla sé innifalin, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta úttefandalýsingarinnar.

### 13.2. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA

Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

### 14. SKJÖL TIL SÝNIS

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

- a) Stofnsamningur og samþykktir útgefanda,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,
- c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda og dótturfyrirtækja hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára um sig áður en útgefandalýsing er birt.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírformi eða á rafrænu formi.

## X. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar fyrir heimildarskírteini (depository receipts) sem eru gefin út fyrir hluti (grunnskjal)

#### UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA UNDIRLIGGJANDI HLUTA

##### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum lýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

##### 2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

- 2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).
- 2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

##### 3. VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

- 3.1. Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar um útgefanda, fyrir hvert fjárhagsár sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árs hlutatímabil ef einhver eru, í sama gjaldmiðli og fjárhagsupplýsingarnar.

Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa að geyma lykiltölur sem gefa yfirlit yfir fjárhagsstöðu útgefanda.

- 3.2. Ef valdar fjárhagsupplýsingar fyrir árshluta eru lagðar fram verður einnig að leggja fram samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning telst uppfyllt ef lagðar eru fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

##### 4. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um útgefanda eða atvinnugrein hans skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

## 5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

### 5.1. *Saga og þróun útgefandans*

- 5.1.1. Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda,
- 5.1.2. skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans,
- 5.1.3. stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn,
- 5.1.4. lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans),
- 5.1.5. mikilvægir atburðir í þróun starfsemi útgefanda.

### 5.2. *Fjárfestingar*

- 5.2.1. Lýsing (þ.m.t. fjárhæðir) á helstu fjárfestingum útgefanda fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, fram að dagsetningu lýsingarinnar.
- 5.2.2. Lýsing á helstu yfirstandandi fjárfestingum útgefanda, þ.m.t. landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (heima og erlendis) og fjármögnunaraðferð (innri eða ytri).
- 5.2.3. Upplýsingar um helstu framtíðarfjárfestingar útgefanda sem stjórnendur hans hafa þegar gert bindandi samninga um.

## 6. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

### 6.1. *Helsta starfsemi*

- 6.1.1. Lýsing á og lykiltríði að því er varðar eðli reksturs útgefanda og helstu starfsemi hans, þar sem tilgreindar eru helstu afurðir og vöruflokkar sem seldir eru og/eða þjónusta sem er veitt fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.
- 6.1.2. Upplýsingar um allar mikilvægar, nýjar afurðir og vörur og/eða þjónustu sem kynntar hafa verið og stöðu þróunar, að því marki sem þróun nýrra afurða, vöru eða þjónustu hefur verið kynnt opinberlega.

### 6.2. *Helstu markaðir*

Lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandinn tekur þátt í samkeppni, þ.m.t. heildartekjur sundurliðaðar eftir flokkun á starfsemi og landfræðilegum markaði fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

- 6.3. Hafi óvenjulegir þættir haft áhrif á upplýsingarnar, sem eru gefnar samkvæmt liðum 6.1. og 6.2., skal þeirra getið.

- 6.4. Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum ef slíkir þættir skipta máli fyrir rekstur eða arðsemi útgefanda.
- 6.5. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

## 7. **SKIPULAG**

- 7.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar.
- 7.2. Skrá yfir mikilvæg dótturfyrirtæki útgefanda, þ.m.t. nafn, heiti lands þar sem fyrirtækið er skráð eða hefur aðsetur, hlutfall eignarhluta og hlutfall atkvæðisréttar ef það er annað en hlutfall eignarhlutar.

## 8. **VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR**

- 8.1. Upplýsingar um alla verulega fastafjármuni eða fyrirhugaðar fjárfestingar í verulegum fastafjármunum, þ.m.t. leigðar eignir, og allar meiri háttar kvaðir sem fylgja þeim.
- 8.2. Lýsing á öllum umhverfisþáttum sem kunna að hafa áhrif á möguleika útgefanda til að nota fastafjármunina.

## 9. **YFIRLIT YFIR REKSTUR OG FJÁRHAG**

### 9.1. *Fjárhagsstaða*

Ef ekki er fjallað um það annars staðar í lýsingunni skal lýsa fjárhagsstöðu útgefanda, breytingum á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrir hvert fjárhagsár og árshluta þar sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist, þ.m.t. ástæður fyrir verulegum breytingum á fjárhagsupplýsingum frá einu ári til annars að því marki sem nauðsynlegt er til að fá heildarmynd af starfsemi útgefanda.

### 9.2. *Rekstrarafkoma*

- 9.2.1. Upplýsingar um mikilvæga þætti, þ.m.t. óvenjulegir eða fátíðir atburðir eða ný þróun, sem hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur útgefanda þar sem tilgreint er að hvaða marki þessir atburðir höfðu áhrif á tekjurnar.
- 9.2.2. Ef fram koma verulegar breytingar á nettósölu eða nettótekjum í reikningsskilum skal fjalla um ástæður þessara breytinga.
- 9.2.3. Upplýsingar um hvers kyns opinbera, efnahagslega, skattalega, peningalega eða stjórnmálalega stefnu eða þætti sem hafa eða gætu haft veruleg bein eða óbein áhrif á rekstur útgefanda.

## 10. **FJÁRMÖGNUN**

- 10.1. Upplýsingar um fjármögnun útgefanda (bæði til skemmri og lengri tíma).
- 10.2. Skýring á uppruna og fjárhæðum í sjóðsstreymi útgefanda ásamt lýsingu á sjóðstreyminu.

- 10.3. Upplýsingar um lánsfjárbörf og fjármögnunarskipulag útgefanda.
- 10.4. Upplýsingar um takmarkanir á notkun fjármagns sem hafa haft eða gætu haft með beinum eða óbeinum hætti veruleg áhrif á rekstur útgefanda.
- 10.5. Upplýsingar um áætlaðan uppruna fjármagns sem þörf er á til að uppfylla skuldbindingarnar sem um getur í liðum 5.2.3 og 8.1.

## 11. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN, EINKALEYFI OG LEYFI

Ef máli skiptir skal lýsa stefnu útgefanda á sviði rannsókna og þróunar fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, þ.m.t. þá fjárhæð sem útgefandinn hefur notað til að styðja starfsemi á sviði rannsókna og þróunar.

## 12. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

- 12.1. Upplýsingar um mikilvæga nýlega þróun í framleiðslu, sölu og birgðum, og kostnaðar- og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs fram til dagsetningar lýsingarinnar.
- 12.2. Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á framtíðarhorfur útgefanda fyrir a.m.k. yfirstandandi fjárhagsár.

## 13. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

Ef útgefandi kys að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í lýsinguna skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 13.1 og 13.2.

- 13.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

- 13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.
- 13.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.
- 13.4. Ef útgefandi hefur birt afkomuspá í lýsingu sem er enn í gildi skal gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvort þessi afkomuspá sé enn rétt eða ekki miðað við dagsetningu lýsingar og útskýra hvers vegna afkomuspáin er ekki lengur gild ef það er reyndin.

## 14. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR

14.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

- a) Aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,
- b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé,
- c) stofnfélaga, ef innan við fimm ár eru liðin síðan útgefandi var stofnaður,
- d) allra æðstu stjórnenda, sem máli skipta, til að sýna fram á að innan útgefanda sé viðeigandi sérþekking og reynsla fyrir stjórnun á rekstri útgefanda.

Greina skal frá því hvort einhver fjölskyldutengsl séu milli þessara aðila.

Að því er varðar hvern aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda og hvern einstakling, sem um getur í b- og d-lið fyrsta undirliðar, skal greina ítarlega frá viðeigandi sérfræðipækkingu og reynslu í stjórnun ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- a) Heiti allra félaga þar sem viðkomandi einstaklingur hefur síðustu fimm árin verið aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi, og hvort einstaklingurinn sé enn aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða sameigandi. Ekki er nauðsynlegt að telja upp öll dótturfyrirtæki útgefanda þar sem einstaklingur á einnig sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn.
- b) Upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikamála (fraudulent offences) a.m.k. síðastliðin fimm ár.
- c) Ítarlegar upplýsingar um gjaldþrot, skiptameðferð eða félagsslit a.m.k. síðustu fimm ára sem einstaklingur, sem lýst er í a- og d-lið fyrsta undirliðar var aðili að vegna starfa sinna sem nefnd eru í a- og d-lið fyrsta undirliðar.
- d) Ítarlegar upplýsingar um opinberar kærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndir fagaðilar) og hvort dómstóll hafi nokkru sinni dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa sem aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda a.m.k. síðustu fimm árin.

Ef engar slíkar upplýsingar eru til staðar skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

14.2. *Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda*

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 14.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi milli stærstu hluthafa, viðskiptavina, birgja eða annarra varðandi það hverjir þeirra einstaklinga sem um getur í fyrsta undirlið í lið 14.1 voru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða valdir til að vera meðal æðstu stjórnenda.

## 15. LAUN OG HLUNNINDI

Fyrir þá einstaklinga sem vísað er til í a- og d-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1 skal tilgreina eftirfarandi fyrir síðasta heila fjárhagsár:

15.1. Fjárhæð greiddra launa (þ.m.t. hvers kyns skilyrtar eða frestaðar greiðslur) og hlunninda sem útgefandi og dótturfyrirtæki hans hafa veitt þessum einstaklingum fyrir hvers kyns þjónustu sem hver og einn þeirra hefur veitt



útgefanda og dótturfyrirtækjum hans.

Tilgreina skal þessar upplýsingar fyrir hvern einstakling fyrir sig nema þess sé ekki krafist í heimalandi útgefanda að birtar séu upplýsingar um einstaka einstaklinga og að útgefandinn þurfi ekki að öðru leyti að birta upplýsingarnar opinberlega.

- 15.2. Upplýsingar um heildarfjárhæð sem útgefandi eða dótturfyrirtæki hans hafa lagt til hliðar eða safnað saman fyrir lífeyri, starfslok eða svipuð hlunnindi.

## 16. **STJÓRNARHÆTTIR**

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar í tengslum við síðasta heila fjárhagsár útgefanda, nema annað sé tilgreint, að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1:

- 16.1. Lokadagur ráðningar- eða skipunartíma, ef við á, og tímabilið sem einstaklingurinn hefur gegnt þessu starfi.
- 16.2. Upplýsingar um aðila sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og sem hafa gert starfssamninga við útgefanda eða eitthvert dótturfyrirtækja hans um að þau greiði hlunnindi við starfslok eða ef ekki er um slíka samninga að ræða skal birta yfirlýsingu þess efnis.
- 16.3. Upplýsingar um endurskoðunar- og launanevnd útgefanda, þ.m.t. nöfn nefndarmanna og samantekt um verksvið nefndarinnar.
- 16.4. Yfirlýsing þess efnis hvort útgefandi uppfylli reglur um stjórnarhætti fyrirtækja í því landi sem útgefandi er skráður, eða ekki. Ef útgefandi uppfyllir ekki þessar reglur verður að fylgja yfirlýsing þess efnis ásamt skýringu á því hvers vegna hann uppfylli ekki reglurnar.

## 17. **STARFSMENN**

- 17.1. Tilgreina skal annað hvort fjölda starfsmanna við lok tímabilsins eða meðalfjölda þeirra fyrir hvert fjárhagsár, að því er varðar tímabilið sem sögulegar upplýsingar taka til, fram til dagsetningar lýsingar (og breytingar á slíkum fjölda ef máli skiptir) og, ef mögulegt er og máli skiptir, sundurliðun starfsmanna eftir meginstarfssviðum og landfræðilegri staðsetningu. Ef útgefandi ræður verulegan fjölda af afleysingafólki skal birta meðalfjölda afleysingafólks fyrir síðasta fjárhagsár.
- 17.2. Hlutabréfaeign og valréttir á hlutum (stock options).

Gefa skal upplýsingar fyrir hvern einstakling, sem um getur í a- og b-lið fyrsta undirliðar í lið 14.1, um eignaraðild og valrétti á hlutum í útgefanda. Upplýsingarnar skulu vera eins nýjar og mögulegt er.

- 17.3. Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi varðandi það hvernig starfsfólk fær hlutdeild í hlutafé útgefanda.

## 18. **STÆRSTU HLUTHAFAR**

- 18.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um, skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila, að undanskildum þeim sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn sem, beint eða óbeint, eiga hlutdeild í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum útgefanda, ásamt hlutdeild hvers aðila, eða ef ekki er um slíkt að ræða skal gefa yfirlýsingu þess efnis.
- 18.2. Greina skal frá því hvort stærstu hluthafarnir hafi mismunandi atkvæðisrétt eða ef svo er ekki skal gefa yfirlýsingu þess efnis.
- 18.3. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirlýsningum einhvers aðila og hver sá aðili er, og lýsa skal eðli slíkra yfirlýsinga og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirlýsing sé ekki misnotuð.

18.4. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yferráðum yfir útgefanda.

## 19. **VIÐSKIPTI TENGDRA AÐILA**

Birta skal ítarlegar upplýsingar um viðskipti tengdra aðila (sem í þessum tilgangi eru þau viðskipti sem sett eru fram í stöðlunum sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002) sem útgefandi hefur tekið þátt í á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og fram til dagsetningar lýsingar í samræmi við viðkomandi staðal sem er samþykktur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, ef við á.

Ef slíkir staðlar gilda ekki um útgefanda skal birta eftirfarandi upplýsingar:

a) Eðli og umfang hvers kyns viðskipta sem, stök eða í heild sinni, skipta máli fyrir útgefanda. Þegar slík viðskipti tengdra aðila eru ekki gerð eins og þegar um viðskipti milli ótengdra aðila er að ræða skal gefa skýringu á því hvers vegna sú var ekki reyndin. Þegar um er að ræða útistandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal gefa upp útistandandi fjárhæð.

b) Tilgreina skal fjárhæðina eða hundradshluta sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda.

## 20. **FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVI ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP**

### 20.1. *Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til þriggja síðustu fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en þrjú ár) ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.

Leggja skal fram og semja endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar tveggja síðustu ára á því formi sem notað verður við birtingu næstu árlegu reikningsskila útgefandans, með hliðsjón af reikningsskilastöðlum og reglum og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef útgefandinn hefur verið virkur í núverandi atvinnustarfsemi sinni í innan við eitt ár skal semja endurskoðuðu, sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, sem taka til þessa tímabils, í samræmi við staðla sem gilda um árleg reikningsskil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef þeir gilda ekki um aðildarríki, innlenda reikningsskilastaðla þar sem útgefandi er útgefandi innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Þessar sögulegu fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) yfirlit um allar breytingar á eigin fé, aðrar en þær sem verða af fjármagnshreyfingum (capital transactions) frá eigendum og til eigenda,
- d) sjóðstreymisyfirlit,
- e) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla um hvort þær gefi glögga mynd í lýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal.

20.1 a *Þessi liður gildir einungis um útgáfu heimildarskírteina þar sem nafnvirði hversrar einingar nemur a.m.k. 50.000 evrum.*

Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til þriggja síðustu fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur rekið fyrirtæki ef tímabilið er styttra en þrjú ár) ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Að öðrum kosti skal lýsingin hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) Áberandi yfirlýsingu þess efnis að fjárhagsupplýsingarnar sem útgefandalýsing hefur að geyma hafi ekki verið samdar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og að það gæti komið í ljós mikilvægur munur á fjárhagsupplýsingunum ef reglugerð (EB) nr. 1606/2002 hefði verið beitt við gerð sögulegra fjárhagsupplýsinga,
- b) lýsingu í samfelldu máli í beinu framhaldi af sögulegum fjárhagsupplýsingum um þann mun sem er á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem eru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og reikningsskilareglum sem útgefandinn notar við gerð árlegra reikningsskila.

Leggja skal fram og semja endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar tveggja síðustu ára á því formi sem notað verður við birtingu næstu árlegru reikningsskila útgefandans, með hliðsjón af reikningsskilastöðlum, stefnu og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) yfirlit um allar breytingar á eigin fé, aðrar en þær sem verða af fjármagnshreyfingum (capital transactions) frá eigendum og til eigenda,
- d) sjóðstreymisyfirlit,

e) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla um hvort þær gefi glögga mynd í lýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skal lýsingin hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) Áberandi yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða endurskoðunarstaðlar hafa verið notaðir,
- b) skýringu á því ef vikið er verulega frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

## 20.2. *Reikningsskil*

Ef útgefandi semur bæði eigin árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil skal a.m.k. fella árlegu samstæðureikningsskilin inn í lýsinguna.

## 20.3. *Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga*

20.3.1. Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

20.3.2. Tilgreina skal aðrar upplýsingar í lýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

20.3.3. Ef fjárhagsupplýsingar í lýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

## 20.4. *Síðustu fjárhagsupplýsingar*

20.4.1. Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en:

- a) 18 mánuðir frá dagsetningu lýsingar ef útgefandinn fellir endurskoðuð árshlutareikningsskil inn í lýsingu,
- b) 15 mánuðir frá dagsetningu lýsingar ef útgefandinn fellir óendurskoðuð árshlutareikningsskil inn í lýsingu.

## 20.5. *Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar*

20.5.1. Ef útgefandinn hefur birt ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar frá því síðustu reikningsskil voru endurskoðuð skulu þær felldar inn í lýsingu. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

20.5.2. Ef lýsing er dagsett meira en níu mánuðum eftir lok síðasta endurskoðaða fjárhagsárs, skal hún hafa að geyma fjárhagsupplýsingar árshluta, sem mega vera óendurskoðaðar, (í því tilviki skal taka það fram) sem taka a.m.k. til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins.

Í fjárhagsupplýsingum árshluta skulu vera samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að uppfylla má kröfu um samanburðarupplýsingar í efnahagsreikningi með því að leggja fram árshlutaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

## 20.6. *Arðgreiðslustefna*

Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og hvers kyns takmörkunum á þeim.

20.6.1. Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hlut fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og ef fjöldi hluta í útgefanda hefur breyst skal aðlaga fjárhæðina svo að tölurnar séu sambærilegar.

#### 20.7. *Dómsmál og gerðardómsmál*

Upplýsingar um stjórnáslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

#### 20.8. *Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda*

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árs hluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

### 21. **VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR**

#### 21.1. *Hlutfé*

Eftirfarandi upplýsingar, sem eru dagsettar sama dag og nýlegasti efnahagsreikningurinn sem er innifalinn í sögulegum fjárhagsupplýsingum, skulu felldar inn í sögulegar fjárhagsupplýsingar.

21.1.1. Fjárhæð útgefins hlutfjár, og fyrir hvern flokk hlutfjár:

- a) Fjöldi hluta, sem heimilt er að gefa út,
- b) fjöldi útgefina hluta, sem greiddir hafa verið að fullu, og fjöldi útgefina hluta, sem ekki hafa verið greiddir að fullu,
- c) nafnverð einstakra hluta, eða að hlutirnir hafi ekkert nafnverð,
- d) afstemming fjölda útstandandi hluta í upphafi og lok ársins, Ef meira en 10% af hlutfé hefur verið greitt með eignum í stað reiðufjár á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til skal taka það fram.

21.1.2. Ef um er að ræða hluti sem teljast ekki til hlutfjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu einkenni.

21.1.3. Fjöldi, bókfært virði og nafnvirði hluta í útgefanda sem hann á sjálfur eða einhver fyrir hans hönd eða eru í eigu dótturfyrirtækja hans.

21.1.4. Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (warrants), ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.

21.1.5. Upplýsingar um og skilmálar um kauprétti (acquisition rights) og/eða skuldbindingar varðandi heimilað en óútféð hlutfé eða áform um að auka hlutfé.

21.1.6. Upplýsingar um hlutfé allra aðila að samstæðunni sem valréttur (option) liggur fyrir um eða sem samþykkt hefur verið með skilyrðum eða skilyrðislaust að valréttur muni gilda um og ítarlegar upplýsingar um slíka valrétti, þ.m.t. þá einstaklinga sem slíkum valréttum tengjast.

- 21.1.7. Yfirlit yfir þróun hlutafjár, yfir það tímabil sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, með áherslu á þær breytingar sem hafa átt sér stað á tímabilinu.
- 21.2. *Stofnsamningur og samþykktir*
- 21.2.1. Lýsing á tilgangi og markmiðum útgefanda og hvar þær upplýsingar sé að finna í stofnsamningi og samþykktum.
- 21.2.2. Samantekt á öllum ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem varða aðila sem eiga sæti í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn.
- 21.2.3. Lýsing á réttindum, forgangsrétti og takmörkunum varðandi hvern flokk núverandi hluta.
- 21.2.4. Lýsing á þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegt er að grípa til í því skyni að breyta réttindum eigenda hluta þar sem greint er frá því hvort skilyrðin eru strangari en krafist er í lögum.
- 21.2.5. Lýsing á þeim skilyrðum sem gilda um boðun aðalfunda og hluthafafunda, þ.m.t. skilyrði fyrir aðgangi að fundunum.
- 21.2.6. Stutt lýsing á hvers kyns ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem gætu haft þau áhrif að seinka, fresta eða koma í veg fyrir breytingar á yfíráðum yfir útgefanda.
- 21.2.7. Upplýsingar um ákvæði í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda, ef þær eru fyrir hendi, sem fela í sér viðmiðunarmörk um birtingu upplýsinga um eignarhald hluthafa.
- 21.2.8. Lýsing á skilyrðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum um breytingar á hlutafé þar sem slík skilyrði eru strangari en krafist er í lögum.

## 22. **MIKILVÆGIR SAMNINGAR**

Samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur sem útgefandi eða aðrir aðilar í samstæðunni eru aðilar að, síðastliðin tvö ár fyrir birtingu lýsingar.

Samantekt á öllum öðrum samningum (sem ekki eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur) sem einhver aðili í samstæðunni hefur gert og innihalda ákvæði um skyldur eða tiltekin réttindi einhvers aðila í samstæðunni sem skipta máli fyrir samstæðuna miðað við dagsetningu lýsingar.

## 23. **UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR**

- 23.1. Ef lýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta lýsingarinnar.
- 23.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal útgefandi tilgreina uppruna upplýsinganna.

## 24. **SKJÖL TIL SÝNIS**

Yfirlýsing þess efnis að á meðan lýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit

þeirra):

- a) Stofnsamningur og samþykktir útgefanda,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í lýsingu,
- c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda og dótturfyrirtækis hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára um sig áður en lýsing er birt.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírsmiðum eða á rafrænu formi.

## 25. UPPLÝSINGAR UM EIGNARHLUTDEILD

- 25.1. Upplýsingar um fyrirtæki sem útgefandi á í það stóran hluta hlutafjár að líklegt er að það hafi veruleg áhrif á mat á eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu eða hagnað og tap.

## 26. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA HEIMILDARSKÍRTEINA

- 26.1. Heiti, skráð skrifstofa og aðalstöðvar ef þær eru aðrar en skráð skrifstofa.
- 26.2. Stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn.
- 26.3. Löggjöf sem útgefandi starfar eftir og rekstrarform hans samkvæmt þeirri löggjöf.

## 27. UPPLÝSINGAR UM UNDIRLIGGJANDI HLUTI

- 27.1. Lýsing á tegund og flokki undirliggjandi hlutabréfa, þ.m.t. ISIN-númer eða annað slíkt öryggisauðkennisnúmer.
- 27.2. Upplýsingar um löggjöfina sem undirliggjandi hlutir eru gefnir út í samræmi við.
- 27.3. Upplýsingar um hvort undirliggjandi hlutir eru nafnbref eða handhafabref og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðara tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.
- 27.4. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli undirliggjandi hlutir eru gefnir út.
- 27.5. Lýsing á réttindum tengdum undirliggjandi hlutum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og málsmeðferð við nýtingu þeirra.
- 27.6. Réttur til arðs:
  - a) Sá dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast,
  - b) þau tímamörk þar sem réttur til arðgreiðslu fellur niður og upplýsingar um hver sá aðili er sem slíkur réttur flyst til eftir þau tímamörk,
  - c) takmarkanir á arði og málsmeðferð fyrir handhafa verðbréfa sem eru ekki búsettir í landinu,
  - d) fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær séu uppsafnaðar eða ekki.
- 27.7. Atkvæðisréttur.

Forgangsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki.

Réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda.

Réttur til hlutdeildar í tekjum umfram gjöld ef til félagsslita kemur.

Innlausnarákvæði.

Breytingarákvæði (conversion provisions).

- 27.8. Útgáfudagur undirliggjandi hluta ef nýir undirliggjandi hlutir eru gefnir út við útgáfu heimildarskírteina og þeir voru ekki til staðar þegar heimildarskírteinin voru gefin út.
- 27.9. Ef nýir undirliggjandi hlutir eru gefnir út við útgáfu heimildarskírteina skal tilgreina ályktanir, heimildir og samþykktir sem hafa verið gerðar eða munu verða gerðar og útgáfa undirliggjandi hluta byggist á.
- 27.10. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsum framsali á undirliggjandi hlutum.
- 27.11. Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir skráningu verðbréfa skal tilgreina eftirfarandi:
- a) Upplýsingar um skatta af undirliggjandi hlutum sem haldið er eftir til staðgreiðslu,
  - b) upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.
- 27.12. Upplýsingar um að til staðar séu skyldubundin yfirtökutilboð og/eða reglur um innlausnarrétt og innlausnarskyldu í tengslum við undirliggjandi hluti.
- 27.13. Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa átt sér stað á síðastliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör sem fylgja slíkum tilboðum og hver niðurstaðan hefur orðið.
- 27.14. Samningar um sölutakmarkanir:
- Aðilar sem hlut eiga að máli,
  - efni sammingsins og undantekningar frá honum,
  - upplýsingar um hversu lengi sölutakmarkanir vara.
- 27.15. *Upplýsingar um þá hluthafa sem vilja selja ef einhverjir eru*
- 27.15.1 Nafn og heimilisfang vinnustaðar einstaklings eða aðila sem býður undirliggjandi hluti til sölu, staða eða önnur mikilvæg tengsl sem seljendur hafa haft við útgefanda undirliggjandi hluta undanfarin þrjú ár eða við forvera hans eða tengd fyrirtæki.
- 27.16. *Þynning*
- 27.16.1 Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar sem verður vegna útboðs heimildarskírteinanna.
- 27.16.2 Ef um er að ræða áskriftarútboð til núverandi eigenda heimildarskírteina skal tilgreina fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar ef þeir taka ekki þátt í útboðinu.
- 27.17. Leggja skal fram viðbótarupplýsingar ef samtímis eða nánast samtímis á sér stað útboð eða skráning undirliggjandi hluta sem eru í sama flokki og undirliggjandi hlutir sem heimildarskírteinin eru gefin út í staðinn fyrir.
- 27.17.1 Ef útgáfa heimildarskírteina, sem sótt er um skráningu fyrir á skipulegan verðbréfamarkað, á sér stað samtímis eða nánast samtímis og undirliggjandi hlutir, sem eru í sama flokki og hlutirnir sem heimildarskírteinin voru



gefin út í staðinn fyrir, eru seldir í áskrift eða í einu lagi skal gera ítarlega grein fyrir eðli þeirrar aðgerðar og fjölda og einkennum þeirra hluta sem um er að ræða.

27.17.2 Gefa skal upplýsingar um alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefandi heimildarskírteina hefur vitneskju um, þar sem undirliggjandi hlutir í sama flokki og þeir hlutir sem heimildarskírteinin eru gefin út í staðinn fyrir, eru boðnir til kaups eða skráðir.

27.17.3 Ef útgefandi hefur vitneskju um hvort stærstu hluthafar, aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hafi í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum sem eru boðin til kaups eða hvort einhver aðili hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu, skal hann skýra frá því.

## 28. UPPLÝSINGAR UM HEIMILDARSKÍRTEINI

28.1. Lýsing á tegund og flokki heimildarskírteina sem eru boðin til kaups og/eða á að skrá.

28.2. Upplýsingar um löggjöfina sem heimildarskírteinin eru gefin út í samræmi við.

28.3. Upplýsingar um hvort heimildarskírteinin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru á pappírformi eða rafrænt skráð. Í síðara tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.

28.4. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli heimildarskírteinin eru gefin út.

28.5. Lýsing á réttindum tengdum heimildarskírteinum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum og málsmeðferð, ef einhver er, við nýtingu þeirra.

28.6. Ef réttur til arðs sem tengist heimildarskírteinum er ólíkur þeim rétti sem er lýst fyrir undirliggjandi hluti skal gefa upplýsingar um eftirfarandi að því er varðar rétt til arðs:

a) Sá dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast,

b) þau tímamörk þar sem réttur til arðgreiðslu fellur niður og upplýsingar um hver sá aðili er sem slíkur réttur flyst til eftir þau tímamörk,

c) takmarkanir á arði og málsmeðferð fyrir handhafa verðbréfa sem eru ekki búsettir í landinu,

d) fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær séu uppsafnaðar eða ekki.

28.7. Ef atkvæðisréttur sem tengist heimildarskírteinum er ólíkur þeim rétti sem er lýst fyrir undirliggjandi hluti skal gefa eftirfarandi upplýsingar um þennan rétt:

- Atkvæðisréttur.

- Forgangsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki.

- Réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda.

- Réttur til hlutdeildar í tekjum umfram gjöld ef til félagsslita kemur.

- Innlausnarákvæði.

- Breytingarákvæði.

28.8. Lýsa skal nýtingu og eðli réttar sem fylgir undirliggjandi hlutum, einkum atkvæðisréttar, með hvaða skilyrðum útgefandi heimildarskírteina geti nýtt þennan rétt og fyrirhuguðum ráðstöfunum um hvernig fá skuli fyrir mæli

eigenda heimildarskírteina og einnig rétti til hlutdeildar í hagnaði og umframfé við slit fyrirtækis sem færast ekki í hendur handhafa heimildarskírteinisins.

- 28.9. Fyrirhugaður útgáfudagur heimildarskírteinanna.
- 28.10. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali á heimildarskírteinunum.
- 28.11. Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir skráningu verðbréfa skal tilgreina eftirfarandi:
- a) Upplýsingar um skatta af heimildarskírteinum sem haldið er eftir til staðgreiðslu,
  - b) upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.
- 28.12. Bankaábyrgðir eða aðrar ábyrgðir sem fylgja heimildarskírteinunum og ætlað er að tryggja skuldbindingar útgefanda.
- 28.13. Möguleiki á að fá heimildarskírteinum breytt í upphaflega hluti og hvernig að því er staðið.

## 29. **UPPLÝSINGAR UM SKILMÁLA OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBØÐI HEIMILDARSKÍRTEINA**

- 29.1. *Skilyrði, tölfraeðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og nauðsynlegar aðgerðir varðandi þátttöku í útboðinu*
- 29.1.1. Heildarfjárhæð útgáfunnar/útboðsins þar sem gerður er greinarmunur á verðbréfum sem eru boðin til kaups og þeim sem eru boðin til áskriftar. Ef fjárhæðin er ekki föst skal lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega.
- 29.1.2. Upplýsingar um hversu lengi útboðið stendur, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.
- 29.1.3. Upplýsingar um hvenær og við hvaða aðstæður er hægt að afturkalla eða fresta útboði og hvort afturköllun geti átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.
- 29.1.4. Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.
- 29.1.5. Ítarlegar upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksfjárhæð áskriftar (hvort sem um er að ræða fjölda verðbréfa eða samanlagða fjárfestingarfjárhæð).
- 29.1.6. Ef fjárfestum er heimilt að draga áskrift sína til baka skal tilgreina tímabilið sem það er leyfilegt.
- 29.1.7. Skipulag og tímamörk fyrir greiðslu og afhendingu verðbréfa.
- 29.1.8. Ítarleg lýsing á því hvernig og hvenær niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.
- 29.1.9. Málsmeðferð varðandi nýtingu forgangsréttar; framsal áskriftarréttar og hvernig farið skuli með áskriftarrétt sem ekki er nýttur.
- 29.2. *Skipulag dreifingar og úthlutunar*
- 29.2.1. Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin til kaups. Ef útboð fer fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti hefur verið tekinn eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.

- 29.2.2. Ef úttefandi hefur vitneskju um hvort stærstu hluthafar, aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hafi í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum sem boðin eru til kaups eða hvort einhver aðili hafi í hyggju að gerast áskrifandi að meira en 5% af útboðinu, skal hann skýra frá því.
- 29.2.3. Upplýsingar áður en úthlutun á sér stað:
- 29.2.3.1. Upplýsingar um skiptingu útboðsins í hluta, þ.á m. hluta stofnanafjárfešta, almennra fjárfesta og starfsmanna úttefanda, og hvers kyns aðrir hlutar.
- 29.2.3.2. Skilyrði fyrir endurgreiðslu, hámarksfjárhæð slíkrar endurgreiðslu, ásamt lægstu prósentutölu sem notuð verður fyrir einstaka hluta.
- 29.2.3.3. Aðferð eða aðferðir sem notaðar verða við úthlutun þeirra hluta útboðsins sem verður úthlutað til almennra fjárfesta og starfsmanna úttefanda ef um er að ræða umframáskrift í þessum hlutum.
- 29.2.3.4. Lýsing á áður skilgreindri forgangsmeðferð fyrir tiltekna flokka fjárfesta eða tengda hópa (þ.m.t. fjárfestingaráætlanir sem beinast að vinum og fjölskyldu) við úthlutunina, það hlutfall útboðsins, sem er frátekið fyrir slíka forgangsmeðferð, ásamt viðmiðunum um hvernig aðilar teljast til slíkra flokka eða hópa.
- 29.2.3.5. Upplýsingar um hvort meðferð áskrifta eða tilboða um áskrift í tengslum við úthlutun ákvarðist af því hvaða fyrirtæki leggur áskrift eða tilboð fram eða hefur milligöngu um það.
- 29.2.3.6. Lágmarksviðmið, ef einhver eru, við úthlutun til almennra fjárfesta.
- 29.2.3.7. Upplýsingar um skilyrði fyrir lokun útboðsins ásamt fyrsta degi sem heimilt er að loka því.
- 29.2.3.8. Upplýsingar um hvort heimila megi fleiri en eina áskrift frá sama aðila og í því tilviki sem það er ekki leyft hvernig fara eigi með slíkar áskriftir.
- 29.2.3.9. Aðferð við tilkynningu til umsækjenda um fjárhæðina sem þeim er úthlutað, ásamt upplýsingum um hvort viðskipti megi hefjast áður en tilkynning berst þeim.
- 29.2.4. Umframúthlutun og „Green Shoe-réttur til úthlutunar“.
- 29.2.4.1. Upplýsingar um heimild til hugsanlegrar umframúthlutunar og/eða Green Shoe-réttar til úthlutunar og hvert umfang hennar er.
- 29.2.4.2. Upplýsingar um tímabil þar sem mögulegt er að beita umframúthlutun og/eða Green Shoe-rétti.
- 29.2.4.3. Upplýsingar um skilyrði fyrir nýtingu á heimild til umframúthlutunar eða nýtingu Green Shoe-réttar.
- 29.3. *Verðlagning*
- 29.3.1. Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á. Ef ekki er vitað um verðið og ef ekki er um að ræða viðurkenndan og/eða virkan markað fyrir verðbréfin skal tilgreina þá aðferð sem er notuð til að ákvarða útboðsverð, þ.m.t. yfirlýsing um hver hafi ákveðið viðmiðanirnar eða hver sé formlega ábyrgur fyrir ákvörðuninni. Upplýsa skal um fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi verða sérstaklega krafðir um.
- 29.3.2. Aðferð við birtingu útboðsverðs.
- 29.3.3. Ef mikils misræmis gætir eða gæti gætt milli opinbers útboðsverðs og hins raunverulega verðs sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða æðstu stjórnendur eða tengdir aðilar, greiða fyrir verðbréf, sem þeir hafa keypt í viðskiptum undanfarið ár eða sem þeir hafa rétt á að kaupa, skal koma fram samanburður á greiðslum í fyrirhugaða opinbera útboðinu og raunverulegum greiðslum þessara aðila.
- 29.4. *Markaðssetning og/eða sala (placing) og sölutrygging*

- 29.4.1. Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda er kunnugt um, þeirra sem markaðssetja og/eða selja verðbréfin í hinum ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.
- 29.4.2. Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.
- 29.4.3. Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að markaðssetja og/eða selja útgáfuna án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæg einkenni samninganna, þ.m.t. hversu mikinn hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsingar um heildarþóknun vegna sölutryggingar og markaðssetningar- og/eða sölu.
- 29.4.4. Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu hafi verið eða verði samþykktur.

## 30. **SKRÁNING OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA MEÐ HEIMILDARSKÍRTEINI**

- 30.1. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um skráningu á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegan verðbréfamarkað eða aðra sambærilega markaði ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefið sé í skyn að skráningin verði endilega samþykkt. Tilgreina skal þá daga þegar í fyrsta lagi er hægt að skrá verðbréfin, ef vitað er um þá.
- 30.2. Tilgreina skal alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefandi hefur vitneskju um, þar sem verðbréfi í sama flokki og verðbréfin sem á að bjóða eða skrá á markað, hafa þegar verið skráð.
- 30.3. Ef útgáfa verðbréfa sem sótt er um skráningu fyrir á skipulegan verðbréfamarkað á sér stað samtímis eða nánast samtímis og verðbréfi í sama flokki sem eru seld í áskrift eða í einu lagi eða ef verðbréfi í öðrum flokkum eru gefin út í almennu eða lokuðu útboði skal gera ítarlega grein fyrir eðli þeirrar aðgerðar og fjölda og einkennum þeirra verðbréfa sem um ræðir.
- 30.4. Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.
- 30.5. Verðjöfnun: Ef útgefandi eða hluthafi, sem selur verðbréf, hefur veitt umframúthlutunarrétt eða gefið til kynna að hugsanlega verði farið í verðjöfnunaraðgerðir í tengslum við útboð skal greina frá eftirfarandi:
- 30.6. Upplýsingar um að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð hvenær sem er,
- 30.7. upplýsingar um hvenær tímabilið sem verðjöfnun kann að fara fram hefjist og hvenær því ljúki,
- 30.8. upplýsingar um hver sá er sem stýrir verðjöfnun fyrir viðkomandi lögsögu nema þessar upplýsingar liggi ekki fyrir við birtingu,
- 30.9. upplýsingar um að verðjöfnun geti haft í för með sér hærra markaðsverð en við venjulegar aðstæður.

## 31. **HELSTU UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA HEIMILDARSKÍRTEINA**

- 31.1. *Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis útboðsins*
- 31.1.1. Ástæður fyrir útboðinu og, eftir atvikum, áætlað nettósöluandvirði sem er sundurliðað og forgangsraðað miðað við fyrirhugaða ráðstöfun þess. Komist útgefandinn að raun um að fyrirhugað söluandvirði verði ekki

fullnægjandi til að standa straum af fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan sú fjármögnun kemur. Gefa skal ítarlegar upplýsingar um ráðstöfun söluandvirðis vegna útboðsins, einkum þegar það er notað til að kaupa eignir, sem tengjast ekki hefðbundnum rekstri, til að fjármagna tilkynntar yfirtökur annarra fyrirtækja eða til að losa, lækka eða greiða upp skuldir.

31.2. *Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu*

31.2.1. Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegir hagsmunir sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.

31.3. *Áhættuþættir*

31.3.1. Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups eða skráð á markað svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

32. **KOSTNAÐUR VEGNA ÚTGÁFU/ÚTBOÐS HEIMILDARSKÍRTEINA**

32.1. Nettósöluandvirði og áætlaður heildarkostnaður vegna útgáfunnar/útboðsins.

## XI. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir banka (grunnskjal)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta útgefandalýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

- 2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).
- 2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörmir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

#### 3. ÁHÆTTUÞÆTTIR

- 3.1. Upplýsingar um áhættuþætti, sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 4. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

##### 4.1. *Saga og þróun útgefandans*

- 4.1.1. Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda,
- 4.1.2. skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans,
- 4.1.3. stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn,
- 4.1.4. lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans),

4.1.5. hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað sem snerta útgefanda og skipta máli við mat á gjaldhæfi hans.

## 5. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

5.1. *Helsta starfsemi:*

5.1.1. Stutt lýsing á helstu starfsemi útgefanda þar sem getið er helstu afurða og vöruflokka sem seldir eru og/eða þjónustu sem er veitt.

5.1.2. Upplýsingar um allar mikilvægar nýjar afurðir og vörur og/eða starfsemi.

5.1.3. Helstu markaðir.

Stutt lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandi tekur þátt í samkeppni.

5.1.4. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu í útgefandalýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

## 6. SKIPULAG

6.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar.

6.2. Ef útgefandi er háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram ásamt skýringu á því hvers vegna hann sé háður viðkomandi aðilum.

## 7. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

7.1. Fylgja skal yfirlýsing þess efnis að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.

Ef útgefandi getur ekki gefið slíka yfirlýsingu skal hann láta í té ítarlegar upplýsingar um þessar verulegu óæskilegu breytingar.

7.2. Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á framtíðarhorfur útgefanda fyrir a.m.k. yfirstandandi fjárhagsár.

## 8. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

Ef útgefandi kys að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í útgefandalýsingu skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 8.1 og 8.2.

- 8.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifsviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

- 8.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að álit þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á grundvelli framlagðra upplýsinga og að þær aðferðir sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

- 8.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.

## 9. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN

- 9.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og, hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og upplýsingar um helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

- a) Aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,
- b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé.

- 9.2. *Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar*

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 9.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

## 10. STÆRSTU HLUTHAFAR

- 10.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirlýsningu einhvers aðila og hver sá aðili er, og lýsa skal eðli slíkra yfirlýsinga og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirlýsing sé ekki misnotuð.

- 10.2. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirlýsningu yfir útgefanda.



11. **FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP**

11.1. *Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

Endurskoðaðar sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja síðustu fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur rekið fyrirtæki ef tímabilið er styttra en tvö ár) ásamt skýrslu endurskoðanda fyrir hvert ár. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða, ef það á ekki við, í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.

Fjárhagsupplýsingar næstliðins árs skal leggja fram og semja á sambærilegu formi og það sem notað verður við birtingu næstu árlegu reikningsskila útgefanda með hliðsjón af reikningsskilastöðlum, stefnu og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef útgefandinn hefur verið virkur í núverandi atvinnustarfsemi sinni í innan við eitt ár skal semja endurskoðuðu, sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, sem taka til þessa tímabils, í samræmi við staðla sem gilda um árleg reikningsskil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef þeir gilda ekki um aðildarríki, innlenda reikningsskilastaðla þar sem útgefandi er útgefandi innan Bandalagsins. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt innlendum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Þessar sögulegu fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) Efnahagsreikning,
- b) rekstrarreikning,
- c) sjóðstreymisýfirlit, ef um er að ræða skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað,
- d) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla þar sem fram kemur hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsinguinni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal.

## 11.2. *Reikningsskil*

Ef útgefandi semur bæði eigin reikningsskil og samstæðureikningsskil skal a.m.k. fella samstæðureikningsskilin inn í útgefandalýsinguna.

## 11.3. *Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga*

11.3.1. Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

11.3.2. Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

11.3.3. Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

## 11.4. *Síðustu fjárhagsupplýsingar*

11.4.1. Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en 18 mánuðir miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.

## 11.5. *Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar*

11.5.1. Ef útgefandinn hefur birt ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar frá því síðustu reikningsskil voru endurskoðuð skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

11.5.2. Ef útgefandalýsing er dagsett meira en níu mánuðum eftir lok síðasta endurskoðaða fjárhagsárs, skal hún hafa að geyma fjárhagsupplýsingar árshluta sem taka a.m.k. til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins. Ef fjárhagsupplýsingar árshluta eru ekki endurskoðaðar skal skýra frá því.

Í fjárhagsupplýsingum árshluta skulu vera samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að uppfylla má kröfu um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

#### 11.6. *Dómsmál og gerðardómsmál*

Upplýsingar um stjórnisýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

#### 11.7. *Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda*

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árs hluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

### 12. **MIKILVÆGIR SAMNINGAR**

Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum sem hafa ekki verið gerðir í hefðbundinni starfsemi útgefanda þar sem hver aðili að samstæðunni hefur skyldum að gegna eða hefur tiltekin réttindi sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út.

### 13. **UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR**

13.1. Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

13.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal útgefandi tilgreina uppruna upplýsinganna.

### 14. **SKJÖL TIL SÝNIS**

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

- a) Stofnsamningur og samþykktir útgefanda,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,
- c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar fyrir útgefanda og dótturfyrirtæki hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára um sig áður en útgefandalýsing er birt.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírformi eða á rafrænu formi.

## XII. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma skulu fram í verðbréfalýsingu fyrir afleidd verðbréf (grunnskjal)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum lýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups eða skráð á markað svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“. Þetta skal fela í sér áhættuviðvörðun þess efnis að fjárfestar geti tapað verðmæti allra fjárfestinga sinna eða hluta þess, eftir atvikum, og/eða ef bótaábyrgð fjárfesta takmarkast ekki við verðmæti fjárfestinga hans skal taka það fram ásamt lýsingu á aðstæðum þar sem slík viðbótarbótaábyrgð á sér stað og möguleg fjárhagsleg áhrif.

#### 3. HELSTU UPPLÝSINGAR

##### 3.1. *Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu*

Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegir hagsmunir sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.

##### 3.2. *Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis ef það varðar ekki myndum hagnaðar og/eða vörn gegn tilteknum áhættum*

Ef ástæður útboðsins og ráðstöfun söluandvirðis eru tilgreind skal gefa upp nettósöluandvirði og áætlaðan heildarkostnað vegna útgáfunnar/útboðsins.

#### 4. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF SEM Á AÐ BJÓÐA/SKRÁ Á MARKAÐ

##### 4.1. *Upplýsingar um verðbréf*

- 4.1.1. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða skráð, þ.m.t. ISIN-númer eða annað slíkt öryggisauðkennisnúmer.
- 4.1.2. Skýr og ítarleg skýring til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestinga þeirra, einkum við þær aðstæður þegar áhættan er augljós nema þar sem nafnvirði hvernar einingar er a.m.k. 50.000 evrur eða þar sem einungis er hægt að kaupa verðbréf við útgáfu fyrir a.m.k. 50.000 evrur.
- 4.1.3. Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru gefin út í samræmi við.
- 4.1.4. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðara tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.

- 4.1.5. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.
- 4.1.6. Forgangsröðun verðbréfanna sem boðin eru til kaups og/eða á að skrá, þ.m.t. samantektir á hvers kyns ákvæðum sem eiga að ákvarða forgangsröðun verðbréfa eða gera þau víkjandi gagnvart yfirstandandi eða framtíðarskuldbindingum útgefandans.
- 4.1.7. Lýsing á réttindum tengdum verðbréfum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og málsmeðferð við nýtingu þeirra.
- 4.1.8. Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal útskýra ályktanir, heimildir og samþykktir sem hafa eða munu liggja til grundvallar stofnun og/eða útgáfu verðbréfa.
- 4.1.9. Útgáfudagur verðbréfanna.
- 4.1.10. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali á verðbréfunum.
- 4.1.11. - Fyrningardagur eða gjalddagi afleiddu verðbréfanna.  
- Nýtingardagur eða síðasti viðmiðunardagur.
- 4.1.12. Lýsing á uppgjörsaðferð afleiddu verðbréfanna.
- 4.1.13. Lýsing á því hvernig hagnaður af afleiddum verðbréfum er greiddur út, greiðsludagur eða afhendingardagur og aðferð við útreikning.
- 4.1.14. Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir skráningu skal tilgreina eftirfarandi:
- a) Upplýsingar um skatta af verðbréfunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu,
  - b) upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.
- 4.2. *Upplýsingar um undirliggjandi þætti*
- 4.2.1. Nýtingarverð eða lokaviðmiðunarverð fyrir undirliggjandi þætti.
- 4.2.2. Yfirlýsing þar sem tilgreind er tegund undirliggjandi þáttar og hvar unnt sé að fá upplýsingar um hann:
- Upplýsingar um hvar hægt sé að fá upplýsingar um fyrri og frekari þróun undirliggjandi þáttar og óstöðugleika hans,
  - ef undirliggjandi er verðbréf,
    - nafn útgefanda verðbréfsins,
    - ISIN-númer eða annað slíkt öryggisauðkennisnúmer,
  - ef undirliggjandi er vísitala (index),
    - heiti vísitölunnar og lýsing á henni ef útgefandinn hefur sett hana saman. Ef útgefandinn setur ekki vísitöluna saman skal geta þess hvar hægt sé að fá upplýsingar um hana,
  - ef undirliggjandi eru vextir,
    - lýsing á vöxtunum,
  - annað:
    - Ef undirliggjandi þáttur tilheyrir engum framangreindra flokka skal verðbréfalýsingin hafa að geyma

samsvarandi upplýsingar.

- ef undirliggjandi þáttur er safn af mismunandi undirliggjandi þáttum,
- upplýsingar um viðkomandi vægi þessara mismunandi þátta

4.2.3. Lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.

4.2.4. Leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.

## 5. SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBODINU

5.1. *Skilyrði, tölfraðilegar upplýsingar um útbod, fyrirhugað tímaáætlun og nauðsynlegar aðgerðir varðandi þátttöku í útbodinu*

5.1.1. Skilyrði sem gilda um útbodið.

5.1.2. Heildarfjárhæð útgáfu/útboðs. Ef fjárhæðin er ekki föst skal lýsa hvernig og hvenær fjárhæð útbodsins verður tilkynnt opinberlega.

5.1.3. Upplýsingar um hversu lengi útbodið stendur, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.

5.1.4. Ítarlegar upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksfjárhæð áskriftar (hvort sem um er að ræða fjölda verðbréfa eða samanlagða fjárfestingarfjárhæð).

5.1.5. Skipulag og tímamörk fyrir greiðslu og afhendingu verðbréfa.

5.1.6. Ítarleg lýsing á því hvernig og hvenær niðurstöður útbodsins verða birtar opinberlega.

5.2. *Skipulag dreifingar og úthlutunar*

5.2.1. Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin til kaups. Ef útbod fer fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti hefur verið tekinn eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.

5.2.2. Aðferð við tilkynningu til umsækjenda um fjárhæðina sem þeim er úthlutað ásamt upplýsingum um hvort viðskipti megi hefjast áður en tilkynning berst þeim.

5.3. *Verðlagning*

Upplýsingar um fyrirhugað verð sem verðbréfin verða boðin til kaups á eða aðferð sem er notuð til að ákvarða útbodsverð og birtingu þess. Upplýsa skal um fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi verða sérstaklega krafðir um.

5.4. *Markaðssetning og/eða sala og sölutrygging*

5.4.1. Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútbodinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem markaðssetja og/eða selja verðbréfin í hinum ýmsu löndum þar sem útbodið fer fram.

5.4.2. Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.

5.4.3. Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að markaðssetja og/eða selja útgáfuna án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til.

5.4.4. Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu hafi verið eða verði samþykktur.

5.4.5. Nafn og heimilisfang þess einstaklings sem sér um útreikning.

## 6. SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

- 6.1. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um skráningu á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegan verðbréfamarkað eða aðra sambærilega markaði ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefið sé í skyn að skráningin verði endilega samþykkt. Tilgreina skal þá daga þegar í fyrsta lagi er hægt að skrá verðbréfin, ef vitað er um þá.
- 6.2. Tilgreina skal alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefandi hefur vitneskju um, þar sem verðbréf í sama flokki og verðbréfin sem á að bjóða til kaups eða skrá á markað, hafa þegar verið skráð.
- 6.3. Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir (intermediaries) á eftirmarkaði og búa til seljanleika (liquidity) með kaup- og sölutilboðum ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.

## 7. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- 7.1. Ef ráðgjafa í tengslum við útgáfu er getið í verðbréfalýsingunni skal birta yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra hefur verið.
- 7.2. Upplýsingar um önnur gögn í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.
- 7.3. Ef verðbréfalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.
- 7.4. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal útgefandi tilgreina uppruna upplýsinganna.
- 7.5. Gefa skal upplýsingar um það í lýsingunni hvort útgefandinn hyggist láta í té upplýsingar að útgáfu lokinni. Ef útgefandi hefur gefið til kynna að hann hyggist greina frá slíkum upplýsingum skal útgefandinn tilgreina í lýsingunni frá hvaða upplýsingum verður greint og hvar hægt sé að finna þær.

### XIII. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma skulu fram í verðbréfalýsingu fyrir afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 50.000 evrur (grunnskjal)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum lýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups eða skráð á markað svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 3. HELSTU UPPLÝSINGAR

*Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni*

Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegir hagsmunir, sem skipta máli fyrir útgáfuna, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.

#### 4. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN SEM Á AÐ SKRÁ Á MARKAÐ

- 4.1. Heildarfjárhæð verðbréfa sem á að skrá á markað.
- 4.2. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem á að skrá, þ.m.t. ISIN-númer eða annað slíkt öryggisauðkennisnúmer.
- 4.3. Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru gefin út í samræmi við.
- 4.4. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbref eða handhafabref og hvort þau eru á pappírformi eða rafrænt skráð. Í síðara tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.



- 4.5. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.
- 4.6. Forgangsröðun verðbréfa sem á að skrá á markað, þ.m.t. samantektir á hvers kyns ákvæðum sem eiga að ákvarða forgangsröðun verðbréfa eða gera þau víkjandi gagnvart yfirstandandi eða framtíðarskuldbindingum útgefandans.
- 4.7. Lýsing á réttindum tengdum verðbréfum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og málsmeðferð við nýtingu þeirra.
- 4.8. Nafnvextir og ákvæði um vexti sem greiða á.
  - Upphafsdagur og gjalddagar vaxta.
  - Fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls.

Ef vextirnir eru ekki fastir skal lýsa undirliggjandi þætti sem vextirnir eru reiknaðir út frá og aðferðinni sem er notuð til tengja þessa tvo þætti.

- Lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.
  - Leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.
  - Nafn þess aðila sem sér um útreikning.
- 4.9. Gjaldlagi og fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Ef fyrirhugað er að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða handhafa verðbréfa, skal gera grein fyrir skilmálum og skilyrðum niðurgreiðslunnar.
  - 4.10. Upplýsingar um ávöxtun.
  - 4.11. Fyrirsvar fyrir handhafa skuldabréfa, þ.m.t. upplýsingar um stofnunina sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um hvar almenningur getur haft aðgang að samningum sem gerðir hafa verið um þessar aðferðir við fyrirsvarið.
  - 4.12. Útskýring á þeim ákvörðunum, heimildum og samþykktum sem lágu til grundvallar stofnun og/eða útgáfu verðbréfa.
  - 4.13. Útgáfudagur verðbréfanna.
  - 4.14. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali á verðbréfunum.

## 5. **SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA**

- 5.1. Upplýsingar um markaðinn þar sem verðbréfin verða skráð og sem lýsing hefur verið birt fyrir. Tilgreina skal þá daga þegar í fyrsta lagi er hægt að skrá verðbréfin, ef vitað er um þá.
- 5.2. Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.

## 6. **KOSTNAÐUR VEGNA SKRÁNINGAR**

Áætlaður heildarkostnaður vegna skráningarinnar.

## 7. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- 7.1. Ef getið er ráðgjafa í verðbréfalýsingunni skal skýra frá hvaða hlutverki þeir hafa gegnt.
- 7.2. Upplýsingar um önnur gögn í verðbréfalýsingunni sem endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu.

Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.

- 7.3. Ef verðbréfalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.
- 7.4. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
- 7.5. Lánshæfismat útgefanda eða skuldabréfa hans ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu.

## XIV. VIÐAUKI

### Viðbótarskjal til frekari upplýsinga um undirliggjandi hluti sumra hlutabréfa

1. Lýsing á undirliggjandi hlut.
  - 1.1. Lýsing á tegund og flokk hlutanna.
  - 1.2. Upplýsingar um löggjöfina, sem hlutirnir hafa verið eða verða gefnir út í samræmi við.
  - 1.3. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbref eða handhafabref og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðara tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.
  - 1.4. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli hlutirnir eru gefnir út.
  - 1.5. Lýsing á réttindum tengdum verðbréfum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og málsmeðferð við nýtingu þeirra.
    - Réttur til arðs:
      - Sá dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast.
      - Þau tímamörk þar sem réttur til arðgreiðslu fellur niður og upplýsingar um hver sá aðili er sem slíkur réttur flyst til eftir þau tímamörk.
      - Takmarkanir á arði og málsmeðferð fyrir handhafa sem eru ekki búsettir í landinu,
      - Fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær séu uppsafnaðar eða ekki.
    - Atkvæðisréttur.
    - Forgangsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki.
    - Réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda.
    - Réttur til hlutdeildar í tekjum umfram gjöld ef til félagsslita kemur.
    - Innlausnarákvæði.
    - Breytingarákvæði.
  - 1.6. Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal skýra frá ályktunum, heimildum og samþykktum sem hafa eða munu liggja til grundvallar stofnun og/eða útgáfu hluta og tilgreina útgáfudag.
  - 1.7. Upplýsingar um hvar og hvenær hlutirnir verða eða hafa verið skráðir á markað.
  - 1.8. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á fjálsu framsali á hlutunum.

- 1.9. Upplýsingar um hvort til staðar séu skyldubundin yfirtökutilboð eða reglur um innlausnarrétt og innlausnarskyldu í tengslum við hlutina.
  - 1.10. Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa átt sér stað á síðasta og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör sem fylgja slíkum tilboðum og hver niðurstaðan hefur orðið.
  - 1.11. Áhrif sem útgefandi verður fyrir af völdum undirliggjandi hlutar við nýtingu réttar og möguleg þynningaráhrif fyrir hluthafa.
2. Ef útgefandi undirliggjandi þáttar er aðili innan sömu samstæðunnar skulu upplýsingar um útgefanda vera þær sömu og krafist er í grunnskjali verðbréfalýsingar fyrir hluti.

## XV. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í verðbréfalýsingu fyrir verðbréf sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (grunnskjal)

Til viðbótar við upplýsingarnar sem krafist er í þessu grunnskjali skal sjóður um sameiginlega fjárfestingu láta í té eftirfarandi upplýsingar sem krafist er samkvæmt liðum 1, 2, 3, 4, 5.1, 7, 9.1, 9.2.1, 9.2.3, 10.4, 13, 14, 15, 16, 17.2, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24 og 25 í I. viðauka (lágmarkskröfur um upplýsingar fyrir grunnskjal verðbréfalýsingar fyrir hluti).

#### 1. Fjárfestingarmarkmið og -stefna

- 1.1. Nákvæm lýsing á fjárfestingarmarkmiðum og –stefnu sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu mun fylgja og lýsing á því hvernig hægt er að breyta þessum fjárfestingarmarkmiðum og -stefnu, þ.m.t. aðstæður þar sem slíkar breytingar krefjast samþykkis fjárfesta. Lýsing á aðferðum og tækni sem hægt er að nota við stjórnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu.
- 1.2. Takmarkanir á lántöku og/eða skuldsetningu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Ef ekki er um að ræða neinar slíkar takmarkanir skal fylgja yfirlýsing þess efnis.
- 1.3. Lagaleg staða sjóðs um sameiginlega fjárfestingu ásamt heiti eftirlitsyfirvalda í því landi þar sem fyrirtækið er skráð.
- 1.4. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu er hannaður fyrir.

#### 2. Fjárfestingartakmarkanir

- 2.1. Yfirlýsing um fjárfestingartakmarkanir sem gilda um sjóð um sameiginlega fjárfestingu, ef þær eru fyrir hendi, og upplýsingar um hvernig verðbréfaeigendum verður tilkynnt um þær aðgerðir sem forstöðumaður fjárfestinga grípur til ef reglur um þessar takmarkanir eru brotnar.
- 2.2. Ef nota má meira en 20% af brúttóeignum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu (nema þar sem liðir 2.3 eða 2.5 gilda) til að:
  - a) Fjárfesta annað hvort beint eða óbeint í eða lána til eins undirliggjandi útgefanda (þ.m.t. dótturfyrirtæki eða fyrirtæki í eignatengslum) eða
  - b) fjárfesta í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem heimilt er að fjárfesta fyrir meira en 20% af brúttóeignum sínum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (opnum og/eða lokuðum) eða
  - c) vera háður lánstrausti (exposed to creditworthiness) eða gjaldhæfi mótaðila (þ.m.t. dótturfyrirtæki eða fyrirtæki í eignatengslum;

skal tilgreina eftirfarandi:

- i) Upplýsingar sem varða hvern undirliggjandi útgefanda/sjóð um sameiginlega fjárfestingu/mótaðila eins og hann væri útgefandi að því er varðar lágmarkskröfur sem koma eiga fram í grunnskjali útgefandalýsingar fyrir hluti (í tilviki a-liðar) eða lágmarkskröfur sem koma eiga fram í grunnskjali útgefandalýsingar fyrir hluti sem gefið er út af lokuðum sjóði um sameiginlega fjárfestingu (í tilviki b-liðar) eða lágmarksupplýsingar um skuldabréf og afleidd verðbréf sem koma eiga fram í grunnskjali útgefandalýsingar þar sem nafnvirði hvernar einingar er a.m.k. 50.000 evrur (í tilviki c-liðar) eða

- ii) ef verðbréf sem undirliggjandi útgefandi/sjóður um sameiginlega fjárfestingu/mótaðili gefur út hafa þegar verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða sambærilegan markað eða ef skuldbindingarnar eru tryggðar af aðila sem er skráður á skipulegan verðbréfamarkað eða sambærilegan markað skal gefa upplýsingar um nafn, heimilisfang, land þar sem aðilinn er skráður, eðli starfseminnar og heiti markaðarins þar sem verðbréfin eru skráð.

Þessi krafa gildir ekki þegar farið er yfir 20% lágmarkið vegna gengishækkunar eða gengislækkunar, gengisbreytinga eða vegna móttöku réttinda, kaupauka, hlunninda í formi hlutafjár eða vegna hvers kyns annarra aðgerða sem hafa áhrif á alla handhafa þessarar fjárfestingar að því tilskildu að forstöðumaður fjárfestinganna taki tillit til viðmiðunarmarkanna þegar ætlunin er að gera breytingar á fjárfestingareignasafninu.

- 2.3. Þegar sjóði um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta fyrir meira en 20% af brúttóeignum sínum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (opnum og/eða lokuðum) skal lýsa því hvort og hvernig áhættunni er dreift í tengslum við þessar fjárfestingar. Þar að auki gildir liður 2.2 í heild um undirliggjandi fjárfestingar eins og þessar fjárfestingar hefðu verið gerðar beint.
- 2.4. Með vísan til c-liðar í lið 2.2, ef trygging er greidd fyrirfram til að ná yfir þann hluta áhættunnar sem tengist mótaðila sem á meira en 20% af brúttóeignum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal greina ítarlega frá slíku tryggingarfyrirkomulagi.
- 2.5. Ef sjóði um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta fyrir meira en 40% af brúttóeignum sínum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal tilgreina upplýsingarnar í öðrum hvorum eftirfarandi liða:
  - a) Upplýsingar um hvern undirliggjandi sjóð um sameiginlega fjárfestingu eins og hann væri útgefandi samkvæmt lágmarkskröfum um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir verðbréf sem lokaðir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu gefa út,
  - b) ef verðbréf, sem undirliggjandi sjóður um sameiginlega fjárfestingu gefur út, hafa þegar verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða sambærilegan markað eða ef skuldbindingarnar eru tryggðar af aðila sem er skráður á skipulegan verðbréfamarkað eða sambærilegan markað skal gefa upplýsingar um nafn, heimilisfang, land þar sem aðilinn er skráður, eðli starfseminnar og heiti markaðarins þar sem verðbréfin eru skráð á markað.

#### 2.6. *Efnislegar hrávörur (physical commodities)*

Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu fjárfestir beint í efnislegum hrávörum skal greina frá því og tilgreina það hlutfall sem fjárfest verður fyrir á þann hátt.

#### 2.7. *Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu í fasteignum*

Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu er sjóður um sameiginlega fjárfestingu í fasteignum skal greina frá því og tilgreina hlutfall eignasafnsins sem fjárfesta á fyrir í fasteigninni ásamt lýsingu á fasteigninni og útgjöldum sem máli skipta að því er varðar kaup á slíkri fasteign og það að vera eigandi að henni. Þar að auki skal leggja fram matsskýrslu fyrir fasteignirnar.

Upplýsingarnar í lið 4.1 gilda um:

- a) Matsaðila,
- b) alla aðra aðila sem eru ábyrgir fyrir stjórnun fasteignarinnar.

2.8. *Afleiddir fjármálagerningar/peningamarkaðsgerningar/gjaldmiðlar*

Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu fjárfestir í afleiddum fjármálagerningum, peningamarkaðsgerningum (money market instruments) eða gjaldmiðlum í öðrum tilgangi en að hafa áhrif á stjórnun eignasafnsins (þ.e. eingöngu í þeim tilgangi að minnka, yfirfæra eða eyða fjárfestingaráhættu í undirliggjandi fjárfestingum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. allar aðferðir og gerningar sem eru notuð til að öðlast vernd gegn áhættu í gjaldeyrisviðskiptum og greiðsluáhættu) skal skýra frá því hvort þessar fjárfestingar séu notaðar til baktryggingar eða í fjárfestingarskyni og lýsa því hvort og hvernig áhættunni sé dreift í tengslum við þessar fjárfestingar.

2.9. Liður 2.2 gildir ekki um fjárfestingar í verðbréfum sem eru gefin út af eða í ábyrgð ríkisstjórnar, opinberrar stofnunar eða annarrar stofnunar aðildarríkis, svæðis- eða staðaryfirvalda eða aðildarríkis að Efnahags- og framfarastofnuninni.

2.10. Ákvæði a-liðar liðar 2.2 gildir ekki um sjóð um sameiginlega fjárfestingu ef fjárfestingarmarkmiðið er að fylgja víðtækri og þekktri, útgefinni vísitölu án þess að vikið sé verulega frá henni. Lýsa skal samsetningu vísitölnnar.

3. *Þjónustuaðilar umsækjanda*

3.1. Raunveruleg eða áætluð hámarksfjárhæð allra gjalda sem máli skipta og hægt er að greiða beint eða óbeint úr sjóði um sameiginlega fjárfestingu fyrir alla þjónustusamninga sem eru gerðir á þeim degi sem útgefandalýsing er gefin út eða áður ásamt lýsingu á því hvernig þessi gjöld eru reiknuð út.

3.2. Lýsing á öllum gjöldum sem greiða á beint eða óbeint úr sjóði um sameiginlega fjárfestingu, sem ekki er hægt að reikna út samkvæmt lið 3.1 og skipta máli eða gætu skipt máli.

3.3. Ef þjónustuaðili (service provider) sjóðs um sameiginlega fjárfestingu hefur mótttekið hlunnindi frá þriðju aðilum (að undanskildum sjóði um sameiginlega fjárfestingu) til þess að veita sjóði um sameiginlega fjárfestingu hvers kyns þjónustu, þar sem þessar þóknarir mega ekki flytjast yfir til sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, skal gefa yfirlýsingu þess efnis og tilgreina nafn þriðja aðilans, ef vitað er um það, ásamt lýsingu á því hvers eðlis hlunnindin eru.

3.4. Nafn þjónustuaðilans sem er ábyrgur fyrir ákvörðun og útreikningi á bókfærðu virði eigna sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.

3.5. Lýsing á hugsanlegum mikilvægum hagsmunaárekstrum sem gætu orðið á milli þjónustuaðila og sjóðs um sameiginlega fjárfestingu vegna skuldbindinga þeirra gagnvart sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu og skuldbindinga þeirra gagnvart þriðju aðilum og annarra hagsmuna þeirra. Lýsing á fyrirkomulagi sem er til staðar til að taka á slíkum hugsanlegum árekstrum.

4. *Forstöðumaður fjárfestinga/ráðgjafar*

4.1. Að því er varðar forstöðumann fjárfestinga (investment manager) skal tilgreina upplýsingarnar sem um getur í liðum 5.1.15.1.4 og, ef máli skiptir, í lið 5.1.5 í I. viðauka ásamt lýsingu á lagalegri stöðu hans og reynslu.

4.2. Að því er varðar aðila sem veitir fjárfestingarráðgjöf í tengslum við eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal tilgreina nafn og stutta lýsingu á þeim aðila.

5. *Varsla*

- 5.1. Nákvæm lýsing á því hvernig eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu verði varðveittar, hver varðveitir þær, ásamt trúnaðarsambandi eða sambærilegu sambandi á milli sjóðs um sameiginlega fjárfestingu og þriðja aðila í tengslum við vörslu.

Ef vörsluaðili, fjárvörsluaðili eða annar umboðsmaður er tilnefndur skal greina frá eftirfarandi:

- a) Upplýsingum sem krafist er í liðum 5.1.15.1.4 og, ef það skiptir máli, samkvæmt lið 5.1.5 í I. viðauka,
- b) lýsing á skuldbindingum slíks aðila samkvæmt vörslusamningi eða svipuðum samningi,
- c) úthlutun vörslusamninga,
- d) lagalegri stöðu slíks aðila og umboðsmanna.

- 5.2. Ef eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eru í vörslu annarra aðila en um getur í lið 5.1 skal lýsa því hvernig þessar eignir eru geymdar ásamt lýsingu á hvers kyns viðbótaráhættu.

## 6. *Mat*

- 6.1. Lýsing á því hversu oft, hvaða matsreglur gilda og hvaða aðferð er notuð til að ákvarða bókfært virði eigna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu þar sem gerður er greinarmunur á fjárfestingarflokkum og yfirlýsing um það hvernig fjárfestum verður tilkynnt um bókfært virði eigna.

- 6.2. Ítarlegar upplýsingar um aðstæður þar sem heimilt er að fresta mati og yfirlýsing um það hvernig fjárfestum er tilkynnt um slíkan frest eða hvernig þeir geti nálgast upplýsingar um það.

## 7. *Gagnkvæmar skuldbindingar*

- 7.1. Ef um er að ræða sjóða-sjóð um sameiginlega fjárfestingu skal skýra frá hvers kyns gagnkvæmum skuldbindingum sem kunna að verða á milli verðbréfaflokka eða fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og allar aðgerðir sem gripið er til að takmarka slíkar skuldbindingar.

## 8. *Fjárhagsupplýsingar*

- 8.1. Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur ekki hafið starfsemi sína frá skráningar- eða stofndegi sínum og engin reikningsskil hafa verið lögð fram miðað við dagsetningu útgefandalýsingar skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur hafið starfsemi sína gilda ákvæði 20. liðar í I. viðauka um lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir hluti.

- 8.2. Tæmandi og markviss greining á eignasafni (portfolio) sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal fylgja með (tekið skal skýrt fram ef verðbréfasamvalið hefur ekki verið endurskoðað).

- 8.3. Upplýsingar um nýlegasta bókfærða virði hvers verðbréfs skal vera að finna í grunnskjali verðbréfalýsingar (og ef það hefur ekki verið endurskoðað skal það tekið skýrt fram).



## XVI. VIÐAUKI

### Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu sem aðildarríki, þriðju lönd og svæðis- og staðaryfirvöld gefa út (grunnskjal)

#### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta útgefandalýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

#### 2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti, sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

#### 3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

- 3.1. Lögheiti útgefanda og stutt lýsing á réttarstöðu hans innan ramma ríkisins.
- 3.2. Lögheimili eða landfræðileg búseta og rekstrarform útgefanda að lögum ásamt símanúmeri og hvar hægt sé að ná í hann.
- 3.3. Hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað sem snerta útgefanda og skipta máli við mat á gjaldhæfi hans.
- 3.4. Lýsing á efnahag útgefanda, þ.m.t.:
  - a) Uppbygging efnahagsins ásamt ítarlegum upplýsingum um helstu svið hans,
  - b) heildarlandsframléiðsla sundurliðuð eftir efnahagssviðum útgefanda fyrir tvö undanfarandi fjárhagsár.
- 3.5. Almenn lýsing á stjórnkerfi útgefanda og ríkisstjórn, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um stjórnendur hjá útgefanda.

#### 4. OPINBER FJÁRMÁL OG VIÐSKIPTI

Upplýsingar um eftirfarandi að því er varðar tvö næstliðin fjárhagsár miðað við dagsetningu útgefandalýsingar:

- a) Skatt- og fjárlagakerfi,
- b) opinbera heildarskuld, þ.m.t. samantekt á skuldinni, skipulag bindistíma fyrir útistandandi skuld (einkum er tilgreind skuld þar sem binditíminn sem eftir er er styttri en eitt ár) og skrá yfir endurgreiðslu skuldar, hluta skuldarinnar, sem er tilgreind í innlendum gjaldmiðli útgefanda og erlendum gjaldmiðlum,
- c) utanríkisverslun og greiðslujöfnuð,

- d) gjaldeyrisforða, þ.m.t. mögulegar kvaðir sem fylgja slíkum gjaldeyrisforða í tengslum við framvirka samninga eða afleiður,
- e) fjárhagsstöðu og fjármagnsúrræði, þ.m.t. seljanlegt tryggingarfé í innlendum gjaldmiðli,
- f) tekjur og útgjaldatölur.

Lýsing á málsmeðferð við endurskoðun eða óháðri könnun á reikningum útgefanda.

## 5. MIKILVÆGAR BREYTINGAR

- 5.1. Ítarlegar upplýsingar um mikilvægar breytingar á upplýsingum, sem kveðið er á um í 4. lið, sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta reikningsárs eða ef slíkar breytingar hafa ekki átt sér stað skal fylgja yfirlýsing þess efnis.

## 6. DÓMSMÁL OG GERÐARDÓMSMÁL

Upplýsingar um stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal fylgja yfirlýsing þess efnis.

- 6.2. Upplýsingar um friðhelgi sem útgefandi nýtur í dómsmálum.

## 7. SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar ásamt menntun hans og hæfi. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

Útgefandi skal, að því marki sem honum er kunnugt um, láta í té upplýsingar um hvers kyns hagsmunaárekstra sem tengjast slíkum sérfræðingi og kunna að hafa áhrif á sjálfstæði hans við gerð skýrslunnar.

## 8. SKJÖL TIL SÝNIS

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

- a) Fjárhagsupplýsingar og skýrslur endurskoðanda vegna útgefanda fyrir síðastliðin tvö reikningsár og fjárhagsáætlun yfirstandandi reikningsárs,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírformi eða á rafrænu formi.

## XVII. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir verðbréf, sem opinberar, alþjóðlegar stofnanir gefa út, og fyrir skuldabréf sem aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnuninni ganga í ábyrgð fyrir (grunnskjal)

### 1. ÁBYRGIR AÐILAR

- 1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni, og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir.

Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.

- 1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta útgefandalýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

### 2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti, sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

### 3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

- 3.1. Lögheiti útgefanda og stutt lýsing á réttarstöðu hans.
- 3.2. Staðsetning aðalskrifstofu og rekstrarform útgefanda að lögum ásamt símanúmeri og hvar hægt sé að ná í hann.
- 3.3. Ítarlegar upplýsingar um stjórnendur hjá útgefanda ásamt lýsingu á stjórnunarfyrirkomulaginu, ef um það er að ræða.
- 3.4. Stutt lýsing á markmiði og starfsemi útgefanda.
- 3.5. Upplýsingar um hvaðan fjármagnið er fengið, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sem aðilar að útgefanda hafa gagnvart honum.
- 3.6. Hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað sem snerta útgefanda og skipta máli við mat á gjaldhæfi hans.
- 3.7. Skrá yfir aðila að útgefanda.

### 4. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

- 4.1. Tvenn næstliðin birt, endurskoðuð, árleg reikningsskil sem eru samin í samræmi við reikningsskilastaðla og endurskoðunarstaðla sem útgefandi hefur samþykkt ásamt stuttri lýsingu á þessum reikningsskila- og endurskoðunarreglum.

Ítarlegar upplýsingar um mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda sem hafa átt sér stað síðan síðustu endurskoðuðu, árleg reikningsskil voru birt eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

## 5. DÓMSMÁL OG GERÐARDÓMSMÁL

- 5.1. Upplýsingar um stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.
- 5.2. Upplýsingar um friðhelgi sem útgefandi gæti notið í dómsmálum samkvæmt stofnskrá.

## 6. SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar ásamt menntun hans og hæfi. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík yfirlýsing eða skýrsla fylgi, á hvaða formi og í hvaða samhengi hún er ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta.

Útgefandi skal, að því marki sem honum er kunnugt um, láta í té upplýsingar um hvers kyns hagsmunaárekstra sem tengjast slíkum sérfræðingi og kunna að hafa áhrif á sjálfstæði hans við gerð skýrslunnar.

## 7. SKJÖL TIL SÝNIS

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra) samkvæmt beiðni:

- a) Ársskýrslur útgefanda og skýrslur endurskoðanda fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára fyrir sig, samin í samræmi við reikningsskilastaðla og endurskoðunarstaðla sem útgefandi hefur samþykkt,
- b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,
- c) stofnskrá útgefanda.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírformi eða á rafrænu formi.

XVIII. VIDAUKI.  
Samsetningartafla

ÚTGEFANDALÝSING						
TEGUNDIR VERÐBRÉFA	GRUNNSKJÖL					VIÐBÓTARSKJAL
	HLUTIR	SKULDABRÉF og AFLEIDD VERÐBRÉF (< 50.000 evrur)	SKULDABRÉF og AFLEIDD VERÐBRÉF (> eða = 50.000 evrur)	EIGNAVARIN VERÐBRÉF	SKULDABRÉF og AFLEIDD VERÐBRÉF FYRIR BANKA	
Hlutir (förgangshlutir, innleysanlegir hlutir, hlutir með förgangsrétti o.s.frv.)						
Skuldabréf (bonds) (vanillu-skuldabréf (vanilla bonds), tekjutengd skuldabréf (income bonds), samsett skuldabréf (structured bonds) o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er lægra en 50.000 evrur	EDA				EDA	
Skuldabréf (vanillu-skuldabréf, tekjutengd skuldabréf, samsett skuldabréf o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 50.000 evrur			EDA		EDA	
Skuldabréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir		EDA	EDA		EDA	
Afleidd verðbréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir		EDA	EDA		EDA	
Eignavarin verðbréf						
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila eða útgefenda eða samstæðu hlutar sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað		EDA	EDA		EDA	
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað						
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í samstæðuhluta sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað		EDA	EDA		EDA	

ÚTGEFANDALÝSING						
	GRUNNSKJÖL					VIÐBÓTARSKJAL
	HLUTIR	SKULDABRÉF og AFLEIDD VERÐBRÉF (< 50.000 evrur)	SKULDABRÉF og AFLEIDD VERÐBRÉF (> eða = 50.000 evrur)	EIGNAVARIN VERÐBRÉF	SKULDABRÉF og AFLEIDD VERÐBRÉF FYRIR BANKA	
<b>TEGUNDIR VERÐBRÉFA</b>						<b>PRO FORMA-UPPLÝSINGAR</b>
Skuldabréf með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað						
Hlutir með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað						
Afleidd verðbréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum eða kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað						
Afleidd verðbréf sem veita rétt til að kaupa samstæðuhluti sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað		EDA	EDA		EDA	
Afleidd skuldabréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum útgefanda eða samstæðuhlutum sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað og afleidd verðbréf sem tengjast öðrum undirliggjandi gerningi en hlutir útgefanda eða samstæðuhlutir sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað (þ.m.t. afleidd verðbréf sem veita rétt til uppgjörs í reiðufé)		EDA	EDA		EDA	

ÚTGEFANDALÝSING			
GRUNNSKJÖL			
LOKADUR SIÓÐUR UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU	RÍKI OG SVÆÐIS- OG STADARYFIRVÖLD ÞEIRRA	OPINBERAR, ALÞJÓÐLEGAR STOFNANIR/skuldabréf sem aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnuninni gengur í ábyrgð fyrir	
<b>TEGUNDIR VERÐBRÉFA</b>			
Hlutir (förgangshlutir, innleysanlegir hlutir, hlutir með förgangsrétti o.s.frv.)			
Skuldabréf (vanillu- skuldabréf, tekjutengd skuldabréf, samsett skuldabréf o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er lægra en 50.000 evrur			
Skuldabréf (vanillu- skuldabréf, tekjutengd skuldabréf, samsett skuldabréf o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 50.000 evrur			
Skuldabréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir			
Afleidd verðbréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir			
Eignavarin verðbréf			
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila, útgefanda eða samstæðuhluti sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað			
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað			
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti samstæðu sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað			
Skuldabréf með áskriftarréttindum til að kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað			
Hlutir með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað			
Afleidd verðbréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum eða kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað			
Afleidd verðbréf sem veita rétt til að kaupa samstæðuhluti sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað			
Afleidd skuldabréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum útgefanda eða samstæðuhlutum sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað og afleidd verðbréf sem tengjast öðrum undirliggjandi gerningi en hlutir útgefanda eða samstæðuhlutir sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað (þ.m.t. afleidd verðbréf sem veita rétt til uppgjörs í reiðufé)			

VERÐBRÉFALÝSING							
TEGUNDIR VERÐBRÉFA	GRUNNSKJÖL				FREKARI VIÐBÓTARSKJÖL		
	HLUTIR	SKULDABRÉF (<50.000 EVRUR)	SKULDABRÉF (> eða = 50.000 EVRUR)	AFLIÐD VERÐBRÉF	ÁBYRGÐIR	EIGNAVARIN VERÐBRÉF	UNDIR- LIGGJANDI HLUTUR
Hlutir (förgangshlutir, innleysanlegir hlutir, hlutir með förgangsrétti o.s.frv.)							
Skuldabréf (vanillu- skuldabréf, tekjutengd skuldabréf, samsett skuldabréf o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er lægra en 50.000 evrur							
Skuldabréf (vanillu- skuldabréf, tekjutengd skuldabréf, samsett skuldabréf o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 50.000 evrur							
Skuldabréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir		EÐA	EÐA				
Afleidd verðbréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir							
Eignavarin verðbréf		EÐA	EÐA				
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðju aðila eða útgefanda eða samstæðu hlutir sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað		EÐA	EÐA	einungis liður 4.2.2			
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað		EÐA	EÐA				
Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í samstæðu hluti sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað		EÐA	EÐA				
Skuldabréf með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað		EÐA	EÐA	OG nema liður 4.2.2			



VERÐBRÉFALÝSING							
TEGUNDIR VERÐBRÉFA	GRUNNSKJÖL				FREKARI VIÐBÓTARSKJÖL		
	HLUTIR	SKULDABRÉF (<50.000 EVRUR)	SKULDABRÉF (> eða = 50.000 EVRUR)	AFLEIDD VERÐBRÉF	ÁBYRGÐIR	EIGNAVARIN VERÐBRÉF	UNDIR-LIGGJANDI HLUTUR
Skuldabréf með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað				OG nema liður 4.2.2			
Afleidd verðbréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum eða kaupa hluti útgefanda sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað				nema liður 4.2.2			
Afleidd verðbréf sem veita rétt til að kaupa samstæðuhluti sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað				nema liður 4.2.2			
Afleidd skuldabréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum útgefanda eða samstæðuhlutum sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað og afleidd verðbréf sem tengjast öðrum undirliggjandi gervingi en hlutir útgefanda eða samstæðuhlutir sem eru ekki skráðir á skipulegan verðbréfamarkað (þ.m.t. afleidd verðbréf sem veita rétt til uppgjörs í reibufé)							

### **XIX. viðauki – Skrá yfir útgefendur í sérstakri starfsemi**

- Fasteignafélög
  - Námafélög
  - Fjárfestingarfélög
  - Vísinda- og rannsóknarfélög
  - Félög sem hafa verið í rekstri skemur en 3 ár (sprotafyrirtæki)
  - Skipafélög.
-

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 64/2005  
frá 29. apríl 2005  
um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

**2005/EES/46/21**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í útboðslýsingum, svo og snið þeirra, upplýsingar, felldar inn með tilvísun, og birtingu útboðslýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 215, 16.6.2004, bls. 3.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liðir 29c, 29d og 29e verði liðir 29aa, 29ab og 29ac.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 29b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB):

„29ba. **32004 R 0809**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í útboðslýsingum, svo og snið þeirra, upplýsingar, felldar inn með tilvísun, og birtingu útboðslýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga (Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 215, 16.6.2004, bls. 3.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 809/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 215, 16.6.2004, bls. 3, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar.

**R. Wright**

formaður.

---

(1) Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

(2) Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.